491
.33.5
965/69

ÁRBÓK

HÁSKÓLA ÍSLANDS

SR-Hask...
SR Iceland

HÁSKÓLAÁRIÐ 1968—69

UNIVERSITY OF ILLINOIS
FEB 5 1973
THE LIBRARY OF THE
FEB - 2 1973
UNIVERSITY OF ILLINOIS
AT URBANA-

REYKJAVÍK — 1972

ÁRBÓK

HÁSKÓLA ÍSLANDS

HÁSKÓLAÁRIÐ 1968—69

REYKJAVÍK — 1972

PRENTSMIÐJAN LEIFTUR

I. STJÓRN HÁSKÓLANS

Rektor Háskólans var prófessor *Ármann Snævarr.*

Deildarforsetar voru þessir:

Prófessor *Magnús Már Lárusson* í guðfræðideild, varaforseti prófessor dr. *Þórir Kr. Þórðarson.* Þar sem deildarforseti var skipaður prófessor í sagnfræði í heimspekideild frá 1. okt. 1968 að telja, var nýr deildarforseti kjörinn 4. okt. 1968, og var það prófessor *Björn Magnússon.*

Prófessor, dr. *Ólafur Bjarnason* í læknadeild, varaforseti prófessor, dr. *Steingrímur Baldursson.*

Prófessor *Þór Vilhjálmsson* í lagadeild, varaforseti prófessor *Ólafur Jóhannesson.*

Prófessor *Guðlaugur Þorvaldsson* í viðskiptadeild, varaforseti prófessor *Árni Vilhjálmsson.*

Prófessor, dr. *Bjarni Guðnason* í heimspekideild, varaforseti prófessor, dr. *Halldór Halldórsson.*

Prófessor *Loftur Þorsteinsson* í verkfræðideild, varaforseti prófessor *Þorbjörn Sigurgeirsson.*

Varaforseti háskólaráðs (vararektor) var prófessor *Loftur Þorsteinsson* og ritari prófessor *Bjarni Guðnason.*

Fulltrúi stúdenta í háskólaráði var *Úlfar Guðmundsson,* stud. theol., og til vara *Guðjón Magnússon,* stud. med.

Eftir að ný háskólalög tóku gildi tóku sæti í háskólaráði *Halldór Elíasson,* dósent, fulltrúi Félags háskólakennara, varamaður: *Gaukur Jörundsson,* lektor, og annar fulltrúi stúdenta, *Þorsteinn Ingólfsson,* stud. jur.

II. HÁSKÓLAHÁTÍÐ

Háskólahátíð var haldin fyrsta vetrardag, 26. október 1968, í samkomuhúsi Háskólans, að viðstöddum menntamálaráðherra, erlendum sendiherrum, borgarstjóra, biskupi Íslands og ýmsum öðrum gestum, kennurum og stúdentum.

Athöfnin hófst með því, að Strengjakvartett Björns Ólafssonar lék kvartett opus 95 eftir Beethoven, 1. þátt. Síðan flutti rektor, prófessor Ármann Snævarr, ræðu þá, sem hér fer á eftir:

Herra forseti Íslands, virðulega forsetafrú, herra menntamálaráðherra, sendiherrar erlendra ríkja, kæru samkennarar, kæru stúdentar og aðrir háttvirtir áheyrendur.

Ég býð yður öll velkomin til háskólahátíðar, sem að vanda er haldin fyrsta vetrardag í því skyni að marka með formlegum hætti upphaf nýs háskólaárs og til að fagna nýjum stúdentum.

Ég leyfi mér að bjóða sérstaklega velkomin forsetahjónin, herra Kristján Eldjárn og forsetafrúna Halldóru Eldjárn, og þakka þeim þá sæmd, er þau sýna Háskólanum með því að sækja háskólahátíð. Við minnumst með þökk mikilsmetinna starfa herra forsetans í þágu Háskólans um margra ára skeið, jafnframt því sem ég tjái honum alúðarþakkir fyrir ánægjulegt og mikilsvert samstarf við hann sem þjóðminjavörð þann tíma, sem við höfum verið forstöðumenn nágrannastofnananna tveggja í háskólahverfinu.

Ég býð velkominn menntamálaráðherra og þakka honum þá sæmd, er hann sýnir Háskólanum með nærveru sinni hér í dag.

Í upphafi þessarar athafnar vil ég minnast látins háskólakennara, prófessors Guðmundar Thoroddsens, fyrrv. háskólarektors, er lézt hinn 6. júlí s.l., 81 árs að aldri. Prófessor Guðmundur var kennari hér við Háskólann í full 30 ár, fyrst dósent, en síðar prófessor í handlæknisfræði og yfirsetufræði. Hann var meðal kunnustu lækna þjóðarinnar, mikill kennari og félagi stúdenta sinna, er mótaði mjög íslenzka læknastétt um áratuga skeið.

Eftir að hann lét af prófessorsembætti árið 1953 gegndi hann prófdómarastörfum við læknadeild og var með þeim hætti tengdur Háskólanum allt til dánardægurs. Prófessor Guðmundur var afburða vinsæll meðal stúdenta og samkennara, fjörmikill og skemmtilegur, hlýr, hollráður og hjálpfús. Við söknum hans og minnumst hans með virðingu, hlýhug og þökk.

Að venju mun nú fyrst vikið að skólastarfinu s.l. ár og í upphafi þessa háskólaárs, en síðar mun ég ræða um nokkur almenn viðhorf í háskólamálum.

I.

Á s.l. háskólaári luku tveir kandídatar doktorsprófi, Guðmundur Björnsson, augnlæknir, í læknisfræði og Gunnar Thoroddsen, sendiherra, í lögfræði. Kandídatsprófi eða öðru burtfararprófi luku 115 kandídatar, en 7 að auki nú í haust. Er athyglisvert, að verkfræðistúdentar eru þar fjölmennastir 26 talsins, og hefir það ekki komið fyrir áður, þá eru kandídatar í lögfræði 23, B.A.-prófum luku 22, í læknisfræði voru kandídatar 19, í viðskiptafræði 12, í tannlækningum 6, meistaraprófi í íslenzkum fræðum luku 2, kandídatsprófi í guðfræði 2, íslenzkuprófi fyrir erlenda stúdenta luku 2, en einn kandídatsprófi í sagnfræði. Hafa kandídatar aldrei fyrr verið jafn margir og s.l. háskólaár, og er það vissulega fagnaðarefni, því að áþreifanlegasti mælikvarði á starfsemi Háskólans hlýtur að vera sá, hversu margir ljúka héðan prófum.

Verkfræði er kennd hér við Háskólann, eins og kunnugt er, í þrjú ár til fyrrahlutaprófs, en stúdentar vistast síðan yfirleitt í u. þ. b. þrjú ár við erlenda verkfræðiháskóla. Lengstum veitti Tækniháskóli Danmerkur viðtöku öllum stúdentum, er luku hér fyrrihlutaprófi, og með því vann sá skóli okkur ómetanlegt gagn, en allt samstarf við þá ágætu menntastofnun hefir verið framúrskarandi ánægjulegt og vinsamlegt. Árið 1963 náðist samkomulag við Tækniháskóla Noregs í Þrándheimi um, að sá skóli tæki

við nokkrum íslenzkum stúdentum til síðarahluta náms, og hafa 5 stúdentar vistazt þar flest árin. Hefir sú samvinna einnig verið með ágætum. Þegar á árinu 1966 þótti sýnt, að þessir tveir verkfræðiháskólar gætu ekki tekið við öllum þeim stúdentum, er héðan ljúka fyrrahlutaprófi í byggingaverkfræði. Leitaði Háskólinn þá samstarfs við sænska tækniháskóla, og hafa tveir þeirra, tækniháskólinn í Stokkhólmi og tækniháskólinn í Lundi, nú sýnt okkur þá vinsemd að veita viðtöku nokkrum fjölda stúdenta, er hér hafa stundað nám. Hafa 5 hlotið námsvist í Stokkhólmi og 5 í Lundi nú í haust, og eru þetta fyrstu verkfræðistúdentarnir, er halda til Svíþjóðar samkv. þessu samkomulagi. Er í ráði að leita til fleiri tækniháskóla og undirbúningur hafinn að því.

Lyfjafræðingaháskóli Danmerkur tekur við stúdentum í lyfjafræði lyfsala, er héðan ljúka prófum eftir tveggja ára nám. Sá skóli hefir lagt okkur mjög mikið lið. Nálega allir þeir, sem lokið hafa fyrrihlutaprófi héðan, hafa hlotið síðarahlutamenntun sína við þá menntastofnun. Auk þess hafa margir íslenzkir lyfjafræðingar hlotið menntun sína að fullu og öllu við þann háskóla.

Ég dreg í efa, að Íslendingar geri sér grein fyrir, hve ómetanlegt framlag þessara háskóla, sem nefndir voru, er til menntunarmála Íslendinga. Þessir háskólar allir verða ár hvert að vísa frá miklum hópi umsækjenda, en af velvild og vinsemd veita þeir allt að einu viðtöku nokkurri tölu íslenzkra stúdenta. Hér verður að hafa almennt hugfast, að talið er, að um 500 íslenzkir stúdentar séu við nám erlendis eða rösklega fjórðungur allra þeirra, sem leggja stund á háskólanám í heild sinni. Má fullyrða, að það er miklu hærri tala en í nokkru grannlandi okkar. Þegar virt er, hve menntun hvers stúdents í nútíma háskóla er kostnaðarsöm og hve örðugt er fyrir háskóla að veita viðtöku erlendum stúdentum vegna aðstreymis heimastúdenta, þá er sýnt, að hér njótum við mikilla framlaga frá erlendum háskólum til menntunar stúdenta okkar og auk þess einstakrar vinsemdar og fyrirgreiðslu. Jafnframt verðum við þá að gæta þess hér við Háskólann að veita jafn mörgum erlendum stúdentum viðtöku eins og gerlegt er, og við verðum í tillögum okkar um framtíðaruppbyggingu

Háskólans beinlínis að gera ráð fyrir námsvistun erlendra stúdenta hér að vissu marki. Hér eru nú 41 erlendur stúdent við nám. Hlutfallstala erlendra stúdenta, sem hér er við nám, hefir verið mun lægri en er í grannlöndunum, og hefir þó öllum, sem sótt hafa, verið veitt viðtaka, nema umsækjendum um nám í læknadeild. Þar hefir þó takmarkaðri tölu umsækjenda verið veitt viðtaka undanfarin ár, nema nú í haust, og vonum við, að í framtíðinni verði einnig hægt að veita viðtöku nokkurri tölu erlendra stúdenta til náms í læknisfræði. Það er sammæli manna við Háskólann, að mikils sé um vert, að erlendir stúdentar séu hér í stúdentahópi. Þeir setja vissulega skemmtilegan og litríkan svip á skólalífið, og frá þeim stafar hressilegur og vekjandi andblær. Margir þeirra sýna Háskólanum mikla ræktarsemi löngu eftir að háskólavist þeirra hér lýkur.

Það er segin saga í skólastarfi, að kynslóðir koma, kynslóðir fara. Jafnframt því sem við kveðjum kandídatana okkar fögnum við nýrri kynslóð stúdenta. Þessu sinni hafa alls 428 stúdentar skráð sig til náms í Háskólanum, og fer tala nýstúdenta vaxandi ár frá ári. Nýstúdentar skiptast svo í deildir:

Guðfræði	8
Læknisfræði	94
Tannlækningar	10
Lyfjafræði lyfsala	13
Lögfræði	37
Viðskiptafræði	39
Heimspekideild	160
Verkfræði	35
Verkfræðinám, B.A.-nám	32

Þessu sinni hefir óvenjulega mikil aðsókn orðið að læknanámi og verkfræðinámi. Læknadeild telur, að engin tök séu á að veita viðtöku óheftum fjölda stúdenta, til þess skorti deildina bæði húsakost, tæki og kennaralið. Hefir háskólaráð fallizt á það mat deildarinnar að óbreyttum aðstæðum, og munu nú á næstunni hefjast viðræður við stjórnvöld um þessi miklu vandamál.

II.

Nokkrar breytingar hafa orðið á kennaraliði Háskólans, og skal þeirra nú getið.

Prófessorsembætti í viðskiptafræðum, nýtt embætti, var veitt Guðmundi Magnússyni, fil. lic., frá 1. marz 1968 að telja. Umsækjendur voru þrír.

Prófessorsembætti í lyfjafræði var veitt dr. Þorkeli Jóhannessyni frá 1. júlí s.l., og var hann eini umsækjandi.

Dr. Gunnar Böðvarsson, sem skipaður var prófessor frá 1. janúar 1968, taldi sér ekki fært að taka við embættinu, og var honum að eigin ósk veitt lausn.

Frá 1. ágúst s.l. var dr. Sigurður Þórarinsson settur prófessor í jarðfræði og landafræði, og kemur fyrst og fremst í hans hlut að skipuleggja náttúrufræðikennsluna hér við Háskólann, sem hófst nú í haust. Er mikill ávinningur að því fyrir Háskólann, að þessi ágæti vísindamaður hefir tekizt á hendur þetta mikilvæga prófessorsembætti.

Dr. Guðna Jónssyni prófessor hefir verið veitt lausn frá embætti vegna heilsubrests. Vil ég tjá dr. Guðna þakkir Háskólans fyrir mikilsmetin störf hans hér við skólann, sem öll voru unnin af kostgæfni og alúð, og árna ég honum alls góðs. Prófessorsembættið var veitt Magnúsi Mávi Lárussyni, prófessor, frá 1. október að telja, og var hann eini umsækjandi. Flyzt próf. Magnús nú milli deilda, og ætla ég, að það sé einsdæmi hér á landi, að slíkt hafi gerzt, og sýnir m. a. hve fjölhæfur vísindamaður prófessor Magnús Már er, en hann er einn hinn eljumesti rannsóknarmaður hér við Háskólann.

Fjórir nýir lektorar með launakjörum 22. launaflokks hafa verið skipaðir í heimspekideild, og eru þrjú kennarastörfin ný. Lektorarnir eru Óskar Halldórsson, cand. mag. og Sveinn Skorri Höskuldsson, cand. mag., í bókmenntum, Helgi Guðmundsson, cand. mag., í íslenzku og Bergsteinn Jónsson, cand. mag., í sögu. Er Háskólanum mikill styrkur að hinum nýju störfum og starfsmönnum.

Dr. Ívari Daníelssyni hefir verið veitt lausn frá dósentsstarfi sínu í lyfafræði lyfsala, er hann hefir gegnt síðan 1957. Það dósentsembætti hefir sérstöðu hér við skólann, þar sem það er raunverulega dósentsembætti í gamla stíl, þ. e. af þeirri gerð, sem tíðkaðist fyrir gildistöku háskólalaga frá 1957. Þakka ég dr. Ívari mikilsmetin störf hans við Háskólann, en hann hefir mjög mótað kennslu í lyfjafræði lyfsala hér á landi. Var Jón O. Edwald, cand. pharm., sem verið hefir kennari í þessari grein síðan 1957, settur dósent frá 15. september s.l. að telja.

Þá hefir Svavar Pálsson, dósent í viðskiptafræði, látið af starfi sínu hér við Háskólann. Hefir hann verið kennari hér um 20 ára skeið og dósent síðan 1959. Vil ég þakka honum mikilsmetin störf hans. Í starf Svavars hefir verið settur dósent cand. oecon. et jur. Guðmundur Skaptason.

Hingað er kominn nýr prófessor í bandarískum bókmenntum á vegum Fulbrightstofnunarinnar. Er það prófessor Robert G. Cook frá Tulane-háskóla, New Orleans. Er prófessor Cook níundi Fulbrightprófessorinn, sem hér starfar, og metur Háskólinn mikils framlag þeirrar stofnunar til kennslunnar hér.

Sendikennarinn í norsku, cand. mag. Odd Didriksen, hefir látið af starfi, og gegndi hann lektorsstarfinu í átta ár. Þakka ég honum mikilsmetin störf hans. Nýr sendikennari í norsku er væntanlegur á haustmisserinu.

Þá hefir franski sendikennarinn Ann-Marie Vilespy látið af störfum og við tekið Jacques Raymond.

Sendikennarinn í rússnesku, prófessor A. I. Shirochenskaya, hefir einnig látið af störfum, og er nýr sendikennari væntanlegur síðar í haust.

Margir aukakennarar hafa ráðizt til Háskólans í haust og eru ekki tök á að greina þá hér. Alls starfa nú rösklega 140 kennarar við skólann.

Einn háskólakennari er í orlofi þetta háskólaár, prófessor Hreinn Benediktsson. Staðgengill hans er Baldur Jónsson, lektor, en með kennslustörf Baldurs fer Svavar Sigmundsson, cand. mag.

Býð ég hina nýju kennara alla velkomna til starfs, og væntir Háskólinn sér mikils af kennslu þeirra og rannsóknum.

III.

Háskólabókasafninu hafa borizt verðmætar bókagjafir frá Minnesotaháskóla undanfarin ár, og hefir sá háskóli sýnt Háskóla Íslands sérstaka vinsemd og ræktarsemi. Mörg þessara rita eru gefin út af forlagi þess háskóla, og minnir það raunar á þá miklu þörf, sem á því er, að hér við Háskólann komi upp bókaforlag. Þá hefir háskólabókasafni borizt ágæt gjöf frá Menntamálaráðuneytinu danska. Eru það valin rit um danskar bókmenntir, sögu og tungu. Er mikill styrkur að þessari mikilsmetnu bókagjöf fyrir dönskukennsluna hér við Háskólann. Enn fremur get ég þess með þökk, að erfingjar Guðmundar prófessors Thoroddsens hafa afhent háskólabókasafninu læknisfræðileg rit úr bókasafni hans.

Raunvísindastofnun Háskólans hafa borizt ýmsar ágætar gjafir, þ. á m. 5000 Bandaríkjadalir frá Bauer Scientific Trust til minningar um Tómas Tryggvason, jarðfræðing, til jarðvísindarannsókna, sem ákveðið hefir verið að verja á þann hátt, að Guðmundur Pálmason, forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar, verður Paul S. Bauer styrkþegi í eitt ár frá 1. okt. s. l. að telja. Mun hann vinna að úrvinnslu ýmissa jarðeðlisfræðilegra gagna. Þá hefir stofnunin hlotið 2000 dala styrk frá William R. Mote, í Florida í Bandaríkjunum. Styrkurinn er til jarðvísindarannsókna. Prófessor Paul S. Bauer hefir sem kunnugt er veitt mikla rannsóknarstyrki bæði til Surtseyjarfélagsins og til einstakra vísindamanna hér á landi, og eru þeir styrkir mikils virði.

Kjarnorkumálanefnd Bandaríkjanna hefir undanfarin ár veitt mikla styrki til erfðafræðinefndar Háskólans, en á vegum erfðafræðinefndar hafa verið unnin mikilvæg undirbúningsstörf að mannerfðafræðirannsóknum, og eru miklar vonir tengdar við þær rannsóknir. Minnist ég með þökk þessa mikilsmetna framlags og ánægjulegs samstarfs erfðafræðinefndar við kjarnorkumálastofnunina.

Guðmundur Andrésson, gullsmiður í Reykjavík, afhenti Háskólanum í sumar myndarlega gjöf, 100.000 krónur, og skal stofna af þeirri gjöf sjóð, er styrkja skal stúdenta og kandídata

frá héruðunum umhverfis Breiðafjörð til náms í Háskólanum eða til framhaldsnáms. Þakka ég þessa mikilsmetnu gjöf og þann góða hug, sem að baki henni hvílir.

Í þessari viku afhenti stjórn Sjóvátryggingarfélags Íslands h.f. verkfræðideild Háskólans að gjöf 100.000 krónur, er verja skal til kaupa á kennslutækjum í þágu deildarinnar. Er gjöfin gefin í tilefni hálfrar aldar afmælis félagsins. Flyt ég félaginu þakkir fyrir þessa mikilsmetnu gjöf, sem koma mun að miklu gagni fyrir verkfræðideild.

IV.

Við skólaslit s.l. vor var rætt um Félagsstofnun stúdenta. Voru þar reifuð hin nýju lög um stofnunina og gerð grein fyrir því, í hverju þessi nýskipan um uppbyggingu og rekstur félagsstofnana stúdenta væri fólgin. Stjórn Félagsstofnunar er skipuð fimm mönnum, þremur, er Stúdentaráð tilnefnir, einum, er menntamálaráðherra skipar, og einum, er háskólaráð kveður til. Formaður er Þorvaldur Búason, eðlisfræðingur, en framkvæmdastjóri Þorvarður Örnólfsson, lögfræðingur. Í tengslum við þessa nýbreytni hefir verið stofnað nú í haust til árlegrar skráningar háskólastúdenta, en það er skipan, sem lengi hefir verið rætt um og skólafarslegar nauðsynjar standa til, að tekin hefir verið upp. Samkvæmt nýstaðfestri reglugerð er skráning stúdenta forsenda þess, að þeir geti stundað nám í Háskólanum og tekið þar próf og að þeir njóti þeirra félagslegu fríðinda, sem tengjast við Félagsstofnun. Frumskráning nýstúdenta fer fram í júlí og desember ár hvert, en gert er ráð fyrir, að árleg skráning annarra stúdenta fari fram í september. Alls hafa 812 stúdentar látið skrá sig þessu sinni í hinni árlegu skráningu, og eru þar naumast öll kurl komin til grafar. Þegar tölu nýskráðra stúdenta er bætt við þá tölu, ætti stúdentatalan nú í upphafi háskólaárs að vera um 1250. Sú tala hækkar nokkuð við skráningu nýrra stúdenta í desember og mun að líkindum verða um 1300. Þessi tala er vitaskuld raunhæfari en tala stúdenta samkvæmt stúdentaskrám undanfarin ár, og hefir síðargreinda talan lækkað nokkuð, en þó ekki ýkja mikið. Hin árlega skráning á að stuðla verulega að því,

að þeir stúdentar einir séu á skrá, sem við nám eru, þótt ekki sé það einhlítt. Fyrir stúdentana sjálfa og Háskólann svo og fyrir þjóðfélagið er það veigamikið, að stúdentaskrá hverju sinni sé raunhæf. Er það t. d. grundvöllur undir ýmiskonar sókn stúdenta og málafylgju fyrir réttarbótum þeim til handa, að treysta megi stúdentaskrám hér við Háskólann. Könnun á atriði eins og vanhöldum í námi verður enn fremur auðveldari og raunsærri, ef þessari forsendu er fullnægt. Við Félagsstofnun stúdenta binda menn miklar vonir, og árétta ég hamingjuóskir mínar til stúdenta með þessa nýju skipulagshætti og samgleðst stúdentum sérstaklega með hið nýja barnaheimili, sem komið hefir verið á fót.

Tilkoma Félagsstofnunar er dæmi þess, að stúdentar hljóti aukinn afskiptarétt af þeim málum, er sérstaklega þykja varða hagsmuni þeirra. Þróun mála í deildum hefir og stefnt að sama marki, bæði með því, að ýmsar deildir hafa samþykkt ályktanir um fasta þátttöku stúdenta í deildarfundum, og þá ekki síður með námsnefndum, sem ráðið er að koma á fót í deildum. Þessar nefndir munu yfirleitt verða skipaðar tveimur kennurum og tveimur stúdentum, og hafa þær það verkefni að vera til ráðuneytis um ýmis mál, er varða kennsluhætti og námstilhögun. Skapast þar ágætur vettvangur til umræðna og umbóta, og ætla ég, að hér sé um mikilvægt nýmæli að ræða, sem þeir forsetar guðfræðideildar og heimspekideildar hafa átt hugmynd að. Þátttaka stúdenta í ýmsum öðrum málefnum, þ. á m. í nefndastörfum á vegum háskólaráðs, fer nú mjög í vöxt, og stafar það m. a. af hinni góðu reynslu, sem fengizt hefir af hluttöku stúdenta í stjórnunarmálefnum skólans. Er mikilvægt að stúdentar leggi fram sín sjónarmið í margvíslegum málum. Félagsleg reynsla þeirra vex við þessa skipulagshætti, þeir fá tækifæri til að kynnast þeim höfuðmálefnum, sem hverju sinni eru til meðferðar hjá ýmsum stjórnunaraðiljum, og viðkynning þeirra og tengsl við skólastjórn og kennara eykst. Stúdentar eru fulltíða menn, sem eiga mikið undir því, hvernig til tekst í störfum skólans, og auknar málefnalegar umræður milli stúdenta og kennara um starfsemi skólans eru vissulega veigamiklar.

V.

Ekki orkar tvímælis, að síðar meir mun það háskólaár, sem nú er hafið, þykja markverðast fyrir það, að nú í haust hefir verið stofnað til kennslu í náttúrufræði, jarðfræði, landafræði og líffræði (dýrafræði og grasafræði), og er þess þó að geta, að nokkrar af þessum greinum, einkum landafræði, hafa verið kenndar hér áður. Svo sem fyrr var lýst, fer kennslan fram á vegum verkfræðideildar, sem með því hefir í reynd breytzt í verkfræði- og raunvísindadeild. Er kennslan nú í fyrsta áfanga einkum miðuð við þarfir gagnfræðaskóla á hæfum kennurum í þessum greinum. Bætir kennsla að því leyti úr brýnni þörf. Öðrum þræði ætti þetta nám að geta lagt grundvöll undir frekara nám í náttúrufræði við ýmsa erlenda háskóla. Vel má minnast þess, að nú eru liðin 37 ár síðan háskólaráð ræddi fyrst hugmyndir um kennslu í náttúrufræði, og hafa tillögur um náttúrufræðikennslu verið tvívegis settar fram af hálfu Háskólans á sjöunda áratugnum. Ánægjulegt er, að margir stúdentar hafa þegar á þessu ári hafið nám í náttúrufræði, en vonandi er, að aðsókn verði mun meiri á næsta ári. Ágætir kennarar hafa fengizt til kennslunnar undir forystu prófessors Sigurðar Þórarinssonar og prófessors Jóhanns Axelssonar. Þykir mér persónulega vænt um, að þessari kennslu er nú komið á fót, og ég er þess fullviss, að hún muni gegna miklu hlutverki hér við skólann og valda raunar tímamótum, og hefi ég þá bæði í huga kennslu og rannsóknir. Kennsla í náttúrufræði og önnur kennsla á vegum verkfræðideildar veitir svigrúm til að ýmis önnur kennsla hefjist hér í raungreinum, sem tengjast athafnalífi þjóðarinnar, svo sem í fiskifræði, fiskiðnfræði, haffræði, veðurfræði og ýmsum greinum, er varða iðnað. Ber brýna nauðsyn til að kanna það mál allt gaumgæfilega nú á næstunni. Fyrir atbeina menntamálaráðherra hefir Háskólinn fengið til umráða hluta af neðstu hæð í Atvinnudeildarbyggingu til afnota fyrir kennslu í náttúrufræði, og hefði kennslan ella ekki getað hafizt nú í haust. Flyt ég menntamálaráðherra þökk fyrir mikilsmetið liðsinni hans í þessu máli í heild sinni. Verkfræðideild óska ég til

hamingju með þessa mikilvægu viðbót við kennslusvið deildarinnar.

Í tengslum við þetta mál er rétt að geta þess, að rannsóknarstofu í jarðeðlisfræði í Raunvísindastofnun Háskólans hefir nú verið breytt í rannsóknarstofu í jarðvísindum. Er það von Háskólans, að sem mestur hluti af undirstöðurannsóknum í jarðvísindum í heild sinni flytjist til þessarar rannsóknarstofu og skapist með þeim hætti samfellt rannsóknarumhverfi.

VI.

Eins og kunnugt er, var Norræna húsið vígt í ágúst í sumar. Háskólinn átti á sínum tíma hlut að þeirri hugmynd, að norrænu sendikennararnir hér við Háskólann fengju starfsaðstöðu í þessari byggingu. Sú aðstaða, sem þeir hafa nú fengið þar, er mikilvæg og treystir mjög kennslu og rannsóknir í norrænum tungumálum hér við Háskólann. Háskólinn fagnar af heilum hug tilkomu Norræna hússins og metur mikils þann vinarhug, er Norðurlandaþjóðirnar hafa sýnt Íslendingum með því að reisa þessa fögru og ágætu byggingu hér í grennd við Háskólann. Megi þessi bygging tengja okkur Íslendinga enn nánari menningartengslum við Norðurlandaþjóðirnar, megi þær miklu vonir, sem við stofnunina eru tengdar, rætast. Ég flyt forstjóra Norræna hússins, Ívari Eskeland, hamingjuóskir og þakka honum jafnframt ánægjulegt samstarf og ýmiskonar fyrirgreiðslu hans við skólann nú í haust.

VII.

Hinn 1. október s.l. voru liðin 60 ár síðan lagakennsla hófst hér á landi, en þann dag hóf Lagaskóli Íslands starfsemi sína. Lagaskólanum var fárra ára auðið, eins og kunnugt er, hann sameinaðist Háskólanum 1911, og lagadeild tók við starfi hans. Fyrstu kandídatarnir í lögfræði tóku próf hér vorið 1912, fjórir talsins, og eru allir látnir. Í hópi þeirra var prófessor Ólafur Lárusson, sá maður, sem lengst allra hefir kennt við lagadeild og hefir mótað stétt lögfræðinga manna mest og íslenzka lögfræði.

Á þessu árabili hefir lagadeild brautskráð alls 546 kandídata, þar af 128 á árunum 1960—1968. Hefir lagadeild brautskráð ámóta marga kandídata og læknadeild, en þær deildir tvær hafa brautskráð meira en 50% af öllum kandídötum skólans frá upphafi. Þótt eftirtekja um kandídata sé mikil hjá lagadeild, hefir hún verið fáliðaðri deild um kennaralið en góðu hófi gegnir, og í fjárlagafrumvarpinu sést, að hún er meðal þeirra deilda, sem minnstar fjárveitingar eru lagðar til — og myndi þetta þó verða enn skýrara, ef heildarkostnaður væri settur í tengsl við fjölda stúdenta. Nú fer fram endurskoðun á námstilhögun í deildinni, og er vonandi að deildin fái aukna kennslukrafta, svo að unnt verði að velja það fyrirkomulag, er bezt henti. Í tilefni þessa afmælis hafa ýmsir lögfræðingar og stofnanir og sérstaklega 10 ára kandídatar gefið bókagjafir til deildarinnar. Færi ég gefendum alúðarþakkir og verður síðar skýrt nánar frá þessari gjöf. Óska ég lagadeild, samkennurum mínum og stúdentum hjartanlega til hamingju með þetta afmæli og árna deildinni allra heilla í mikilvægum framtíðarstörfum.

VIII.

Fátt setur meir mark sitt á þetta háskólaár en húsnæðisþrengingar. Vil ég þakka kennurum og stúdentum, hve vel þeir hafa brugðizt við erfiðleikunum. Eina ljósglætan er sú, að tekizt hefur nú í haust að fjölga lestrarsalssætum fyrir læknastúdenta og tannlæknastúdenta um rösklega fimmtíu. Það var lengi vel von okkar, að Árnagarður yrði að einhverju leyti tilbúinn til afnota nú í haust. Sú von brást, en næsta haust verður húsið með vissu tilbúið, og mun þá bæta úr brýnni þörf. Raunsæ könnun á þörf Háskólans á húsnæði til kennslu og til vinnuherbergja fyrir kennara svo og vegna lestrarsala stúdenta leiðir í ljós, að óverjandi er að láta næsta ár líða svo, að ekki verði hafizt handa um nýja byggingu til þess að bæta úr hinni almennu húsnæðisþörf, ef svo má að orði kveða. Þrátt fyrir tilkomu Árnagarðs, fer því fjarri að þörf á kennsluhúsnæði sé fullnægt, ef skipta á kennslu niður með hagkvæmum hætti fyrir stúdenta og kennara. Húsnæði skortir og mjög til kennslu í ýmsum greinum í læknadeild, þ. á m.

í efnafræði og tannlækningum, og horfir þar til vandræða. Liggur mikið við, að lausn fáist á húsnæðismálum læknadeildar. Verður þar til að koma samstillt átak ríkisstjórnarinnar og Háskólans, enda er hér um geysimikla byggingaráætlun að ræða, sem happdrætti Háskólans einu sér er ofviða að leysa úr. Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að verkfræðideild þarf nauðsynlega á allmiklu húsnæði að halda innan 2—3 ára. Aðsókn að deildinni fer mjög vaxandi og er það að vonum, með því að sífellt fer þeim fjölgandi, er ljúka stúdentsprófi stærðfræðideildar, og auk þess eykst mjög starfssvið deildarinnar. Á deildin nú við mikla húsnæðiserfiðleika að etja.

Háskólanefnd mun nú á þessum vetri leggja fram tillögur sínar um byggingaráætlanir næstu ára og áratuga. Tel ég allar horfur á, að þar verði um áætlun að ræða, sem kosta mun mörg hundruð milljónir króna að koma í framkvæmd. Verður þar bæði um að ræða áætlun, sem bundin sé við næstu 2—5 árin og svo við tímabil, er ná lengra fram í tímann, allt til 1988. Fé happdrættisins hrekkur skammt til þess að standa undir þeim kostnaði öllum. Forráðamenn Háskólans hafa lýst því fyrir stjórnvöldum og íslenzkri þjóð árum saman, að íslenzka ríkið hljóti að taka upp þá stefnu að veita stórfé til byggingarframkvæmda við Háskólann, svo sem er í grannlöndunum, og dugi ekki að vísa til happdrættisfjár, svo mikilvæg sem sú tekjulind er þó fyrir Háskólann. Ég hefi sannfærzt um það með viðtölum við fjölda manna úr mörgum þjóðfélagsstéttum, að íslenzk þjóð er við því búin, að leggja mikið fé af mörkum til uppbyggingar Háskólans. Ég el þá von, að þjóðin og fulltrúar hennar beri gæfu til að fylgja eftir þeim tillögum, sem nú eru væntanlegar, því að ég hlýt að segja það umbúðalaust, að Háskólanum er gersamlega um megn að valda hlutverki sínu í kennslu og rannsóknum við þau kröppu kjör, sem honum eru búin. Nú er hvatt til þess að sem flestir ljúki menntaskólanámi, og fagnar Háskólinn vissulega þeirri þróun. En þessi þróun missir marks, ef ekki fást bærilegar fjárveitingar til að halda uppi háskóla fyrir þann stóraukna fjölda stúdenta, sem í vændum er. Sá hugsunarháttur er alltof útbreiddur hér á landi, að háskóli sé einskonar yfirmenntaskóli.

Hið rétta er, að háskólar eru allt annars konar menntastofnanir en menntaskólar. Það er háskaleg skoðun, að unnt sé að halda uppi háskólakennslu án þess að hún hafi örugga rannsóknaraðstöðu að bakhjalli. Rannsóknarstofnanirnar, sem myndast t. d. við Norðurlandaháskólana utan um nærri því að segja hvert prófessorsembætti, hafa átt örðugt uppdráttar hér á landi, og ber þó að minnast með þökk tilkomu Handritastofnunar og Raunvísindastofnunar. Hér á landi eru vinnuskilyrði prófessora og nýting á starfskröftum þeirra fjarska slæm. Lakleg launakjör valda því, að þeir hafa almennt ekki tök á að helga sig alfarið rannsóknarstarfi sínu. Þá standa þeir hér uppi án þeirrar aðstoðar um vélritun og fjölritun o. fl., sem þeim er grundvallarnauðsyn að njóta. Loks er bókaskortur í mörgum greinum svo geigvænlegur hér, að menn geta ekki gengið frá rannsóknum sínum og úrvinnslu þeirra, nema þeir komist til erlendra bókasafna. Samkvæmt athugun Efnahagsstofnunar mun 0.14% af þjóðarframleiðslu Íslendinga hafa verið varið til þarfa Háskólans sem kennslustofnunar árið 1967 og 0.7% af ríkistekjum. Ef rannsóknarstofnanir væru teknar með, myndi þessi tala hækka, en upplýsingar um það eru ekki tiltækar. Á fjárlagafrumvarpinu, sem nú hefir verið flutt, er áætlað að veita 44.6 milljónum króna til Háskólans, en að auki koma fjárveitingar til ýmissa stofnana hans, svo sem Raunvísindastofnunar o. fl. Íslenzkt þjóðfélag hefir vissulega ráð á að gera betur til Háskóla síns. Ég verð að biðja menn að skilja, að þegar við Háskólans menn erum að tala um umbætur á aðstöðu okkar starfsmanna Háskólans til vinnubragða og um úrbætur í húsnæðismálum, þá er hér ekki um frómar óskir að ræða. Sannleikurinn er sá, að í húsnæðismálum horfir í mörgum greinum beinlínis til vandræða. Ég hefi miklar áhyggjur út af framvindu mála hér — eitt er víst, ef ekki er unnt að stórauka húsnæði Háskólans og mannafla á næstu 2—3 árum, takmarkast af sjálfu sér aðgangur að ýmsum kennslugreinum skólans — og til svo hörmulegra tíðinda má ekki draga. Við verðum að hafa í huga hina geysilegu stúdentafjölgun, sem í vændum er, og við megum ekki láta það henda okkur, að vera ekki við henni búnir hér á háskólastiginu. Við erum vanbúnir að

taka við henni að mínum dómi, nema við aukum til mikilla muna starfssvið Háskólans og menntunarleiðir hér, því að ella yfirfyllast þær tiltölulega fáu greinir, sem hér er fengizt við. Það er nauðsynlegt, að íslenzk þjóð og íslenzkt fjárveitingarvald geri sér fulla grein fyrir þessu alvörumáli. Á næstunni stendur fjárveitingarvald andspænis heildstæðum tillögum um eflingu Háskólans, sem vonandi fela í sér nokkra mörkun á almennri vísindastefnu. Að fyrra bragði ölum við Háskólans menn þá von, að vænta megi jákvæðra undirtekta við þeim tillögum — ekki fyrst og fremst vegna okkar sjálfra heldur vegna þjóðfélags okkar.

Eitt af meginverkefnum Háskólans nú er að skýra það enn betur en orðið er fyrir íslenzkri þjóð, hvað við liggur, ef Háskólinn er ekki efldur til stórra muna frá því, sem nú er, þegar á næstu árum. Vanmegnugur háskóli getur ekki valdið þeim miklu verkefnum í kennslu og rannsóknum, sem íslenzkt þjóðfélag þarf svo mjög á að halda og má sízt af öllu án vera. Reynslan hvarvetna erlendis leiðir í ljós, að öflugir háskólar eru bezta trygging fyrir aukinni menningu og fyrir öruggri sókn þjóðfélags til bættra lífskjara. Það er viðurkennd staðreynd, að heppilegasta fjárfesting þjóðar er í háskólum og vísindastofnunum — og þess vegna hefir hafizt hin mikla vísindasókn í grannlöndum okkar. Þegar þetta er haft í huga, þá er ekki viðhlítandi, hve litlum hluta af þjóðartekjum Íslendinga er varið til Háskólans. Það er beinlínis háskaleg stefna. Hér hljóta að verða gagnger straumhvörf, og ég er þess altrúa, að það sé vilji íslenzkrar þjóðar, að svo verði. Ég vil bæta því við, að mér virðist Háskólinn þurfa að ná miklu betur en nú er til þjóðarinnar, fólkið þarf að hafa það á vitundinni, að Háskólinn sé þjóðskóli, svo sem draumar beztu manna þjóðarinnar stóðu til á 19. öld. Eitt virkasta ráðið til þess að svo megi verða er að mínum dómi, að starfssvið skólans sé endurskoðað með það fyrir augum, að skólinn sinni miklu meir en nú er kennslu og rannsóknum, er tengjast atvinnuvegum þjóðarinnar bæði eins og þeir eru nú og leggi auk þess mikið af mörkum til ýmiskonar atvinnulegra nýjunga. Háskólinn á að þjóna þjóðfélagi sínu, og stuðla m. a. að því að létta lífsbaráttu fólksins og auka hagvöxt. Ef við fáum fé til aukinnar starfsemi, þá getum

við unnið stórvirki einnig á þessu sviði og ég eygi ekki fjárfestingu, sem sé arðvænlegri fyrir íslenzka þjóð. Við verðum að vera þess umkomnir hér við Háskólann að láta í té kennslu við hæfi höfuðatvinnuveganna, landbúnaðar, sjávarútvegs og siglinga, iðnaðar ýmiskonar auk þjónustustarfa, sem verða æ aukinn þáttur í þjóðlífinu. Hér þarf að fara fram víðtæk rannsókn og eins og fyrr segir hefir fengizt veigamikill grundvöllur að auknu starfssviði Háskólans út frá þessu sjónarmiði með störfum verkfræðideildar, svo sem þau eru nú. Það er eitt mesta lán íslenzkrar þjóðar, hve tiltölulega miklum vísindalegum mannafla við eigum á að skipa. Við þurfum að búa auknum fjölda þessara manna aðstöðu til að vinna að vísindalegum verkefnum, og áhrifaríkasta úrræðið í því efni er að efla Háskólann. Ef það verður ekki gert, má m. a. óttast, að við missum marga ágæta vísindamenn úr landi, og þann missi þolir íslenzk þjóð ekki.

„Því veldur vor fátækt, oss vantar að sjá,
hvað vísindin ynnu hér, þjóðleg og há“

svo kveður Einar skáld Benediktsson í Aldamótum. Þessi orð eru jafn raunsönn í dag sem við aldahvörf. En mismunurinn er þó sá, að fjárafli þjóðarinnar hefir aukizt — það er unnt að beina honum í auknum mæli til vísindastofnana í stað ýmiskonar fjárfestingar, sem orðið hefir þjóðinni til vafasams framdráttar. Einskis er örvænt — skilningur íslenzkrar þjóðar og stjórnvalda hefir á síðustu árum örvazt á gildi háskólamennta og vísindalegs starfs. Þjóðfélagsleg þróun hefir flutt íslenzka þjóð inn í menntunarþjóðfélagið. Það, sem á vantar, er fullur skilningur á því, hvað það kostar að halda uppi menntunarþjóðfélagi og sérstaklega að því er tekur til Háskólans og vísindastofnana, svo að þær stofnanir starfi með þeirri reisn, að þjóðfélaginu sé sæmd að. Mér segir svo hugur, að þetta skref verði stigið til fulls, þegar afstaða verður tekin til tillagna háskólanefndar nú á næstunni. Sú bjartsýni byggist ekki sízt á hinni miklu góðvild í garð Háskólans, sem hvarvetna verður vart með íslenzkri þjóð.

Ég lýk máli mínu með því að þakka fyrir ágætt samstarf við hæstvirta ráðherra menntamála og fjármála svo og við háttvirt Alþingi. Ég þakka háskólaráðsmönnum og öðrum samkennurum fyrir ánægjulega samvinnu, og ég þakka framúrskarandi gott samstarf við stúdentaráð, stúdentafélög og stúdenta alla. Ég sendi foreldrum og öðrum vandamönnum hvarvetna á landi hér kveðjur Háskólans.

Ég óska yður öllum, sem mál mitt heyrið, árs og friðar.

Að lokinni ræðu rektors söng Stúdentakórinn fimm lög undir stjórn Jóns Þórarinssonar, tónskálds. Að svo búnu ávarpaði rektor nýstúdenta, þeir gengu fyrir hann, og einn úr þeirra hópi flutti stutt ávarp. Athöfninni lauk með því, að samkomugestir sungu þjóðsönginn.

III. ATHAFNIR TIL AFHENDINGAR PRÓFSKÍRTEINA

fóru fram 8. febrúar 1969 í kennarastofu og 14. júní 1969 í hátíðasal. Við síðarnefndu athöfnina flutti rektor ræðu þá, sem hér fer á eftir:

Herra forseti Íslands, hæstvirti menntamálaráðherra,

Rector Magnifice Electe, kæru kandídatar, kæru samkennarar, háttvirta samkoma.

Ég býð yður öll velkomin til þessarar athafnar, sem til er stofnað til hátíðabrigða, er kandídötum eru afhent prófskírteini þeirra, og í því skyni að samfagna þeim.

Ég býð sérstaklega velkominn herra forseta Íslands og þakka honum þá sæmd, er hann sýnir Háskólanum með því að sækja þessa hátíð. Ég býð velkominn hæstvirtan menntamálaráðherra, sem ávallt hefir sýnt Háskólanum þá sæmd að sækja hátíðir hans.

Á háskólaárinu 1918—19 luku 7 kandídatar prófum frá Háskólanum. Tveir þeirra eru enn á lífi og við góða heilsu, Árni Vilhjálmsson, fyrrv. héraðslæknir og Freysteinn Gunnarsson,

fyrrv. skólastjóri. Er mér mikil ánægja að bjóða þá sérstaklega velkomna hingað í dag, og óska þeim jafnframt hjartanlega til hamingju með hálfrar aldar kandídatsafmæli.

Þá býð ég velkomna 25 ára kandídata og óska þeim hjartanlega til hamingju með kandídatsafmæli þeirra. Er mér mikil ánægja að sjá samkandídata mína hér og minnist margra ánægjustunda með þeim á háskólaárum okkar.

Þá býð ég velkominn til hátíðar okkar í dag prófessor Richard Beck, heiðursdoktor frá Háskóla Íslands, og konu hans frú Margréti. Þau eru vissulega miklir aufúsugestir, og þakka ég þeim tryggð þeirra og ræktarsemi við Háskólann, nú síðast ágæta bókagjöf, sem áður hefir verið gerð grein fyrir. — Prófessor Richard er einlægur vinur Háskólans, síungur og sístarfandi að því að efla tengsl landa vestan hafs og austan, en það er verkefni, sem Háskólinn telur mjög mikilvægt. Ég býð þau hjón sérstaklega velkomin til þessarar athafnar.

Svo sem kunnugt er, fór fram rektorskjör hinn 14. maí s.l. Vil ég árétta einlægar hamingjuóskir til nýkjörins rektors, prófessors Magnúsar Más Lárussonar, með þann trúnað, sem honum hefir verið sýndur, og árna ég þessum gamla skólabróður mínum og vini allra heilla í hinu veigamikla og vandasama embætti. Hyggjum við gott til að njóta forystu hins mikilhæfa og fjölvísa nýkjörna rektors í margþættu uppbyggingarstarfi, sem framundan er. Rektoraskiptin fara fram hinn 15. september n.k., en ég vil þó þegar við þetta tækifæri leyfa mér að tjá öllum þeim mörgu mönnum, sem ég hefi haft samskipti við á rektorsferli mínum, alúðarþakkir fyrir ánægjulegt samstarf, og á það bæði við um samkennara mína, stúdenta Háskólans og stjórnvöld landsins, og þá ekki síst hæstvirtan menntamálaráðherra og þá tvo hæstvirtu fjármálaráðherra, sem gegnt hafa embætti í skólastjórnartíð minni.

I.

Einn af fyrrverandi kennurum Háskólans, prófessor dr. Ásmundur Guðmundsson, fyrrv. biskup Íslands, andaðist hinn 29.

maí s.l., áttræður að aldri. Dr. Ásmundur var kennari við Háskólann um aldarfjórðungsskeið, frá 1929 til 1954, er hann tók við biskupsdómi. Dr. Ásmundur var mikill lærdómsmaður, frábærlega samvizkusamur starfsmaður, ágætur kennari og eljumaður við störf og rannsóknir, og atkvæðamikill kirkjuhöfðingi. Hann var vinsæll af nemendum sínum, sem voru honum ávallt tryggir, enda stóð heimili hans opið nemendum, svo að einstakt var. Eftir hann liggja mikil fræðirit og önnur ritverk, og mun starfa hans lengi sjá stað í Háskólanum og í þjóðkirkjunni. Sæmd Háskólans og vegur var honum ávallt hugleikið, og hann fylgdist náið með störfum Háskólans fram til hinztu stundar. Háskólinn blessar minningu hins mikilhæfa prófessors og virta kirkjuhöfðingja og þakkar ómetanleg störf í þágu Háskólans.

II.

Á umliðnu háskólaári hafa ekki orðið mikil skipti á kennurum umfram það, sem lýst var á háskólahátíð í október.

Hinn 15. nóv. s.l. var Örn Bjartmars Pétursson settur prófessor í sérgrein sinni í tannsmíði, brúar- og krónugerð. Prófessor Örn hefir kennt síðan 1961 við Háskólann og leyst af hendi mikilvæga kennslu. Þá hefir nýr lektor í norsku verið skipaður, Hróbjartur Einarsson, cand. mag., og er hann fyrsti Íslendingurinn, sem velst í sendikennarastarf hér við Háskólann, að því er mér er kunnugt. Býð ég hann velkominn til starfa.

Fjögur prófessorsembætti og eitt dósentsstarf hafa verið auglýst laus til umsóknar. Starfa dómnefndir út af þeim flestum, en þegar hefir verið gerð tillaga um veitingu eins þeirra.

III.

Háskólalögin nýju, sem staðfest voru 12. maí s.l., munu vafalaust þykja markverðust og helzt umtalsverð þegar skýra skal frá starfsemi Háskólans s.l. háskólaár. „Habent sua fata libelli“ og sumpart á það við um hin nýju lög og aðdraganda að setningu þeirra. Drög til þessa frumvarps samdi ég sumarið 1967, og var

þá einkum höfð í huga nýskipan á yfirstjórn Háskólans, og alveg sérstaklega sú hugmynd, er ég hefi sett fram fyrir allmörgum árum, að embætti rektors yrði skipt í tvennt, þannig að annars vegar kæmi háskólaforstjóri, sem starfaði að fjármálum, byggingarmálum og ýmsum öðrum framkvæmdum, en hins vegar rektor, sem gæti einbeitt sér að hugmyndum um uppbyggingu Háskólans og að ýmsum þeim málum, er varða rannsóknir og kennslu, auk þess sem hann yrði æðsti fulltrúi Háskólans og málsvari gagnvart mönnum og stofnunum út á við. Í drögum mínum var að öðru leyti vikið að ýmsum breytingum, sem reynslan hafði leitt í ljós, að tímabærar væru, svo sem um nýskipan á flokkun kennara, svo og að ýmsum ákvæðum, er skýra þurfti eða brýnt var að hafa fyllri en var í eldri lögunum. Umræður um þetta mál tóku langan tíma, svo sem títt er, og verulegur skriður komst ekki á málið hjá nefnd, sem háskólaráð skipaði, fyrr en nú í haust, og ollu því ófyrirsjáanleg atvik. Stúdentaráð Háskólans setti þá fram sérstakar óskir um fyllri þátttöku stúdenta í háskólaráði og deildarfundum, og var enn fremur óskað eftir því, að stúdentar ættu aðild að rektorskjöri. Rétt er að geta þess, að áður en óskir stúdenta bárust háskólaráði, ákvað háskólaráð að beita sér fyrir merkri nýjung í háskólastarfinu, með því að í hverri deild yrðu kosnar námsnefndir, skipaðar jafnmörgum fulltrúum stúdenta og kennara, er hafa skyldu það hlutverk að ræða um bætta kennsluskipan og kennsluhætti og bætta aðbúð að stúdentum og kennurum, um samstarf kennara og stúdenta og yfirleitt þau mál, er varða kennslu og nám. Eru þetta ráðgjafarnefndir fyrir deildirnar. Með þeim skapast ágætur vettvangur til viðræðna milli stúdenta og kennara og þar fæst kjörið tækifæri til að setja fram nýjar hugmyndir um bætt vinnubrögð. Er veigamikið fyrir báða aðilja að kynnast skoðunum hvers annars á þessum málum. Hafa nefndirnar þegar farið vel af stað, og er ég þess fullviss, að þetta nýmæli á eftir að reynast vel hér í Háskólanum.

Með háskólalögunum nýju er fyrst og fremst að því stefnt að treysta stjórnun Háskólans. Samkvæmt lögunum er háskólaritari að vísu áfram nefndur því starfsheiti, en starfi hans á að

breyta að lögum á margvíslegan hátt, svo sem vikið var að, og verður hann raunverulegur framkvæmdastjóri Háskólans undir yfirstjórn rektors og háskólaráðs.

Um óskir stúdenta um aukna hluttöku í stjórnun Háskólans náðist ágætt samstarf. Flyt ég samkennurum mínum og forystumönnum stúdenta þakkir fyrir skilning þeirra og samvinnu. Ég tel, að hluttaka stúdenta í háskólaráði og á fundum deilda umliðin 12 ár hafi sýnt, að Háskólanum sem stofnun sé mikill styrkur að þeirri hluttöku, og því beitti ég mér fyrir því, að fallizt yrði á óskir þeirra um aukna þátttöku í fundum háskólaráðs og á fundum deilda, og enn fremur, að komið yrði á móts við þá um óskir um þátttöku í kjöri rektors. Háskóli Íslands er einn af fyrstu háskólunum í Evrópu, sem tók upp þá stjórnarhætti að ætla stúdentum setu á fundum deilda og í háskólaráði. Norsku háskólarnir höfðu þó forystu í því efni, og er þess raunar að geta, að í Björgvin hafa stúdentar ekki fulltrúa í háskólaráði. Norsku háskólarnir voru einnig hinir fyrstu, sem leyfðu stúdentum þátttöku í rektorskosningum, en eftir nýju háskólalögunum er hlutur stúdenta hér í þeim kosningum hlutfallslega mun meiri en við þá háskóla. Mun óvíða við háskóla erlendis yfirleitt kveða jafnmikið að hluttöku stúdenta í stjórnun háskóla sem í Háskóla Íslands. Um rektorskjör er enn það nýmæli, að kennarar, sem eru fastráðnir til kennslustarfa, þótt ekki séu þeir prófessorar, hafa atkvæðisrétt um rektorskjör og er það mikilsverð nýjung, sem ekki hefir þó vakið verulega athygli í umræðum.

Um skipun háskólaráðs er enn fremur það nýmæli í lögunum, að félag háskólakennara nefnir til fulltrúa í háskólaráð úr hópi annarra félagsmanna en prófessora.

Í hinum nýju lögum er mælt fyrir um stofnun tannlæknadeildar, og er mikilvægt, að um tannlækniskennslu verði mynduð sérstök deild, jafn vandasöm mál og þar bíða úrlausnar við uppbyggingu kennslunnar. Verkfræðideild skal framvegis heita verkfræði- og raunvísindadeild, og er það í samræmi við breytt starfssvið hennar og felst öðrum þræði í því stefnuyfirlýsing af Háskólans hendi um eflingu raunvísinda hér við Háskólann. Þá er ákvæði í lögun-

um um rannsóknarstofnanir og tengsl þeirra við deildir o. fl. Rannsóknarstofnanir hafa náð góðri fótfestu við Háskólann og vonandi fer þeim stórfjölgandi á næstu árum. Æ meir mun sækja í það horf, að saman tengist rannsóknir og kennsla, og að kennslan fari fram í stofnunum, sem fjalla um rannsóknir, og stúdentarnir verði hluttakendur í rannsóknarstarfinu. Hver kennari hér við Háskólann er rannsóknarmaður, og hvílir á honum rannsóknarskylda. Greinir það atriði ekki sízt að háskóla og aðra skóla og veldur því jafnframt, að háskóli er allt annars konar stofnun en aðrir skólar í landinu. Með þessum orðum, sem ég ætla, að samkennarar mínir fallist á, erum við ekki að hreykja okkur, heldur er hér aðeins verið að benda á eðli þessa máls — og ég bæti því við, að vegna þessara rannsóknarskyldna fellir hver maður, sem gerist háskólakennari, á sig mikla kvöð og tekst á hendur mikla ábyrgð — svo mikla, að mörgum okkar finnst við kikna undir henni, ekki sízt eins og að okkur er búið um rannsóknarkosti. Stefnumið Háskólans í rannsóknarmálunum eru skýr. Sú háskólakennsla, sem ekki hefir viðunandi rannsóknaraðstöðu að bakhjalli, er ekki viðhlítandi. Enn fremur teljum við, að undirstöðurannsóknir eigi að lúta yfirstjórn Háskólans og að þær rannsóknir, sem nú eru stundaðar utan Háskólans af því tagi, eigi betur heima við Háskólann. Enn er það bjargföst sannfæring okkar margra hér við Háskólann, að ýmiss hluti hinna svonefndu hagnýtu rannsókna eigi einnig að vera í nánum tengslum við Háskólann, og var þessu afdráttarlaust lýst af hálfu háskólaráðs, er frumvarp til laga um rannsóknarstofnanir í þágu atvinnuveganna var sent til umsagnar. Allt bíður það endurvirðingar. Ég vil sérstaklega leyfa mér að benda á enn einu sinni, að mér hefir verið það keppikefli, að Náttúrufræðistofnunin tengdist Háskólanum, og vona ég, að því samvinnumáli verði til lykta ráðið í náinni framtíð. Þá fagna ég því, að vonir standa til þess, að stöður jarðfræðinga í iðnaðardeild muni nú flytjast í jarðvísindastofu Raunvísindastofnunar Háskólans.

Ekki eru tök á því hér að ræða háskólalögin miklu gerr og nýmæli þeirra. Ég vek þó athygli á því, að flokkun kennara verður á aðra lund eftir lögunum en áður var. Er fenginn lagagrund-

völlur fyrir lektorsstörfum með launakjörum 23. launaflokks, sem eru fastir starfsmenn ráðnir til kennslustarfa, og auk þeirra eru svo lögmælt embætti dósenta, sem koma á milli lektora og prófessora. Er mikil framför að hinum föstu lektorsstörfum og vafalaust verður það einnig að störfum dósenta. Nýr flokkur kennara eru aðjúnktar, sem koma nokkurn veginn í stað lektoranna eldri eftir núverandi skipulagi. Af öðrum ákvæðum í nýju lögunum bendi ég á, að rektor getur nú óskað þess, að verða leystur með öllu undan kennsluskyldu, og er ekki vanþörf á slíku ákvæði. Þá eru ný ákvæði um árlega skrásetningu stúdenta. Var henni komið á s.l. haust, en við sérákvæði í háskólalögum um það efni var þó ekki að styðjast. Stuðlar skrásetningin vafalaust að því, að stúdentaskrár verði áreiðanlegri en verið hefir. Samkvæmt háskólalögunum nýju er heimilt að halda próf utan kennsluársins, og yrði t. d. nú í haust lítt gerlegt að koma við þeim umfangsmiklu prófum, sem þá eru áformuð, án slíks ákvæðis. Ýmisleg framkvæmdaratriði eru gerð einfaldari og skýrari með hinum nýju lögum og gleggri ákvæði eru sett um sitthvað, er varðar tímalengd í námi, inntöku nýrra nemenda í deildir o. fl. Ég flyt menntamálaráðherra og starfsmönnum Menntamálaráðuneytisins þakkir fyrir ánægjulegt samstarf vegna lagafrumvarpsins og háttvirtu Alþingi fyrir stuðning við það. Er það von mín, að Háskólanum verði góður styrkur að hinum nýju lögum. Háskólinn er um margt önnur stofnun en 1957, er háskólalögin voru sett, og hin nýju lög eru tilraun til að aðhæfa Háskólann nýjum aðstæðum og gera hann samstæðari stofnun og samstilla kröftum til uppbyggingarstarfsins. Kennarar og stúdentar eiga að flestu leyti samleið — stefnumið þeirra er að efla háskóla á sviði kennslu og rannsókna. Háskólarnir eru nú á afli mikilla og djarfra hugmynda, sem að sumu leyti minna á löngu horfnar aldir, þegar háskólarnir voru samfélag stúdenta og meistara þeirra. Er vandséð, hvert þróunin muni stefna, en þessi þróun er næsta forvitnileg. Margt er lífvænt og athyglisvert í þeim hugmyndum, sem nú eru uppi, en annað óskýrt og orkar tvímælis. Miklu skiptir, að Háskóli Íslands sé næmur fyrir nýjum hugmyndum. Þjóðfélag okkar hefir gagnbreytzt og mikilvægt

er, að Háskólinn samlagist breyttu þjóðfélagi — og meira en það — að Háskólinn stuðli fyrir sitt leyti að mótun þess framtíðarþjóðfélags, sem er svo mjög í deiglunni.

IV.

Þessa háskólaárs, sem nú er um það bil að ljúka, mun enn verða minnzt síðar, m. a. fyrir það, að þá hófst samfelld kennsla í náttúrufræði til B.A.-prófa. Hefir mér verið mikil ánægja að vinna að því máli. Aðsóknin að náminu var mikil þegar á fyrsta ári og einstaklega áhugasamir kennarar hafa valizt að deildinni. Á því er höfuðþörf að efla þessa kennslu til mikilla muna, bæði vegna hins mikla gildis hennar í sjálfu sér fyrir íslenzkt þjóðfélag og svo vegna hins, að hún veitir svigrúm til að hefja kennslu a. m. k. til fyrrahlutaprófs í ýmsum öðrum greinum, svo sem í landbúnaðarvísindum, fiskifræði, matvælafræðum ýmsum o. m. fl. Svo sem áður hefir verið greint hér í ræðum, verður unnið að því á næstunni að afla B.A.-prófi héðan í náttúrufræði viðurkenningar erlendis, og hefir sú viðurkenning raunar fengizt í því eina tilviki, sem á hefir reynt. Kennslan þarf bæði aukins starfsliðs, svo sem fyrirfram var gerð grein fyrir, og aukins húsnæðis nú þegar, en haustið 1970 standa vonir til þess, að húsnæði Atvinnudeildarbyggingar fáist allt fyrir þessa kennslu. Lífsnauðsyn er fyrir þessa kennslu, að Náttúrufræðistofnunin tengist Háskólanum, og var vikið að því hér áður frá sjónarmiði rannsóknanna. Þegar ég læt af rektorsembætti, er það ein þeirra óska, sem mér er efst í huga, að vel verði gert til náttúrufræðikennslunnar og rannsóknarstöðva vegna hennar. Það er vissulega meðal stórmála Háskólans.

V.

Á háskólaárinu hefir enn fremur verið unnið mikið starf við athugun á tengslum háskólabókasafnsins og Landsbókasafnsins. Hefir háskólaráð markað þá stefnu fyrir sitt leyti, að náin samvinna verði milli þessara tveggja safna. Háskólabókasafn flytjist í þjóðbókasafnsbygginguna og lúti yfirstjórn landsbókavarðar,

en háskólabókasafn hætti þó ekki tilvist sinni sem stofnun og hafi sitt starfslið. Það er alger forsenda fyrir fylgi háskólaráðs við þessa hugmynd, að lestrarrými fyrir eigi minna en 500 stúdenta verði komið upp í fyrsta áfanga byggingarframkvæmda. Vafalaust vinnst mikið með þessari samvinnu. Hitt er ljóst, að þarna er ekki um fullkominn samruna að ræða, svo sem greint var, og hitt er skýrt, að rannsóknarstofnanir verða að hafa sín eigin sérhæfðu bókasöfn. Lestrarsalir og semínarstofur verða enn fremur að búa yfir nokkrum bókakosti, en lestrarsalir verða vitaskuld víðar en á aðalbókasafni, og þá einkum sérlestrarsalir. Verða nú góðir menn að leggjast á eina sveif um að vinna að framgangi þjóðbókasafnsmálsins, og það er einlæg von mín, að íslenzk þjóð beri gæfu til að reisa slíka byggingu á næstu árum í minningu 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar, en þá væri hæfilegast unnið að þessu máli, að fyrsti áfangi bókasafnsbyggingar væri tilbúinn og hann vígður árið 1974. Þess verða Háskólans menn að gæta, að jafnvel þótt glæstustu vonir um byggingarhraða þessarar byggingar rættust, dugir ekki að sitja auðum höndum. Lestrarsalsþörfin er svo brýn, að enga bið þolir að leysa hana, þ. á m. með leiguhúsnæði nú í svip. Hafa stúdentar framkvæmt athyglisverða könnun á þessu máli, sem er mikilsmetin af stjórn Háskólans, og leiðir hún í ljós, að u. þ. b. 70% af stúdentum Háskólans óskar eftir lestrarsalsaðstöðu. Fyrir gengi stúdenta í námi skiptir mjög miklu máli að eiga kost á að sitja á lestrarsölum með viðunandi bókakosti og bókasafnsþjónustu, og er þetta mál eitt meðal hinna mörgu brýnu verkefna Háskólans. Að úrbótum í málefnum háskólabókasafns verður einnig að vinna af fullum krafti, og hefir háskólaráð sett fram óskir um stórauknar fjárveitingar til safnsins, bæði til bókakaupa og bættrar þjónustu við notendur safnsins.

VI.

Á þessu háskólaári hefir verið mikið rætt um nýjar menntunarleiðir hér við Háskólann. Það er raunar ekkert nýtt mál, því að ég hefi t. d. allar götur síðan 1964 rætt hugmyndir í þessum efnum á ári hverju hér í háskólaræðum mínum. Tillögur um kennslu

í félagsfræði, félagsráðgjöf og félagssýslu voru settar fram við ráðuneytið í marz 1968. Enn el ég þá von, að sú kennsla geti hafizt með nokkrum hætti annaðhvort í haust eða 1970. Deildirnar hafa sett fram ýmsar hugmyndir m. a. í tillögum sínum til háskólanefndar um aukið starfslið. Þ. á m. má geta tillagna um aukna verkfræðimenntun, bæði um nýjar greinar, svo sem efnaverkfræði, og svo síðarahlutamenntun í verkfræðigreinum, sem nú eru kenndar til fyrrahluta. Verkfræðingafélagið hefir einnig fjallað mjög um þetta mál. Heimspekideild hefur enn fremur sett fram ýmsar hugmyndir, þ. á m. um kennslu til æðri menntastiga, cand. mag. og meistarastigs í þeim greinum nokkrum, sem nú eru aðeins kenndar til B.A.-prófs. Enn fremur hefir deildin lagt til, að ýmsar nýjar greinir verði kenndar, sumpart í tengslum við greinir, sem nú er fengizt við, svo sem heimspeki og heimspekisaga, almenn bókmenntasaga, trúarbragðasaga, tónlistarsaga, fornleifafræði, þjóðháttafræði o. fl. Sérstakar viðræður hafa farið fram við sérfræðinga um það, hver tök eru á að koma upp kennslu í greinum, er varða matvælaiðnað, er leiði til B.A.-prófs. Sýnilegt er, að treysta þarf ýmsar undirstöður hér í Háskólanum, áður en til þeirrar kennslu er stofnað, bæði efnafræðikennslu, efnaverkfræði og líffræði. Er mikilvægt, að stefnt verði að því að koma við kennslu í þessum greinum hjá þjóð, sem öðru fremur framleiðir matvæli, og ber að haga uppbyggingu þeirra greina, sem nefndar voru o. fl., með það stefnumið í huga, að þær geti lagt grundvöll að háskólakennslu í matvælafræðum. Félagsfræðikennslan, sem fyrr var greind, er m. a. mikilvæg í því skyni að skapa aukna breidd í félagsvísindum hér við Háskólann. Þar styður hver grein aðra. Nú eru hafnar umræður um kennslu í opinberri stjórnsýslu, sem er sameiginlegt áhugamál lagadeildar og viðskiptadeildar og raunar einnig verkfræðideildar, og kennsla í stjórnvísindum ætti þá einnig að fylgja þar í kjölfarið. Að sínu leyti þarf svo að fara fram athugun á menntun manna á háskólastigi í þarfir heilsugæzlu, m. a. til rannsóknastarfa, stjórnsýslu, sérhæfðra hjúkrunarstarfa o. fl. Þá verður stofnað til athugunar á því, hvort rétt þyki að flytja kennslu fyrir löggilta endurskoðendur inn í Háskólann. Brýnt er einn-

ig, að kannaðir verði möguleikar á fyllri kennslu í almennri þjóðhagfræði hér við Háskólann og svo að sínu leyti í sálarfræði og uppeldisfræði. Ýmsar greinir athafnalífsins hafa ótrúlega fáa háskólamenntaða sérfræðinga í þjónustu sinni, svo sem hraðfrystiiðnaðurinn og útgerðin yfirleitt og hið sama má segja um mörg iðnfyrirtæki. Í þessu efni þurfa að verða stefnuhvörf — athafnalífið og Háskólinn þurfa að tengjast miklu nánari tengslum en nú er, menn athafnalífsins þurfa að öðlast skilning á gildi þess að þörf er á sérmenntuðum mönnum í þeirra umsýslu og Háskólinn þarf að taka miklu betur á en nú er um að mennta menn, sem hafi þekkingu og þjálfun við hæfi höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Ýmis svið athafnalífs eiga lítinn bakhjall í sérhæfðri innlendri háskólamenntun, svo sem hin umfangsmikla bankastarfsemi, vátryggingarstarfsemi, skipaútgerð og ýmiskonar iðngreinir. Óráð er að hrapa að kennslu í nýjum greinum, án þess að málið sé skoðað vandlega, og að sýnt sé fram á, að við höfum kennaralið, tækjakost og húsnæði til að láta í té kennslu, sem í hvívetna verði talin forsvaranleg frá akademísku sjónarmiði. Annað verður einnig að hafa í huga. Við mótun kennslugreina dugir ekki að styðjast til hlítar við erlendar fyrirmyndir. Þarfir íslenzks þjóðfélags eru svo sérstæðar, að kennslutilhögun, sem erlendis þykir heppileg, kann að missa marks hér. Kemur þar m. a. til, hve lítil fyrirtækin eru hér á landi, og er vísast, að sá háskólamaður, sem velst þar til starfa, þurfi bæði að hafa rekstrarhagfræðilega menntun og svo tæknimenntun með nokkrum hætti.

Við vitum, að mikill stúdentafjöldi er í vændum, svo að hann eykst um meira en hundrað frá ári til árs á næstunni. Leyfið mér að endurtaka það enn hér í dag, að Háskólinn er varbúinn að veita viðtöku þessum aukna fjölda, vegna þess að húsakostur Háskólans hefir verið og er enn svo naumur, að hann einn sér girðir fyrir það, að nýjum greinum sé bætt við í nokkrum verulegum mæli. Sá húsnæðisskortur hefir það jafnframt í för með sér, að deildunum er illgerlegt og stundum með öllu ókleift að veita viðtöku öllum umsækjendum um nám. Hinar fáu menntunarleiðir, sem hér eru til, yfirfyllast — þjóðfélaginu til meins. Vissulega fögnum við auknum fjölda stúdenta, þó að margir okk-

ar séu þeirrar skoðunar, að menntunarleiðirnar eftir skyldufræðslu eigi að vera sem víðtækastar og að vel beri að búa að sérskólum, er mennti fólk til ýmissa þjóðfélagsstarfa án þess að það leiti fræðslu á menntaskólastiginu. Það er ekki til heilla í þjóðfélagi, að ofvöxtur hlaupi í eina menntunarleið, svo sem menntaskólana. Þjóðfélagið er ofið úr fjölþættu mynztri, burðarásar þess eru margir. Hitt er það, að þjóðfélagið þarfnast í síauknum mæli vel menntaðs fólks, og aukin menntun og bættir kostir til rannsókna eru öðru fremur líkleg til að efla orku þjóðfélagsins og afl til framleiðslu, hagvaxtar og menningarlegs átaks.

Vegna eftirspurnar eftir háskólamenntun og vegna þjóðfélagsþarfa ber brýna nauðsyn til þess, að menntunarleiðir hér við Háskólann verði stórauknar, en að öðrum kosti verði stúdentum gert kleift að sækja háskólamenntun til annarra landa með auknu þjóðfélagslegu liðsinni við þá. Þessa valkosti verður að virða í hverju einstöku tilviki, og það er alls ekki alltaf, að rétt sé að leysa vandann með því að stofna til kennslu hér við Háskólann. Í sumum greinum hagar t. d. svo til, að eftirspurn eftir háskólamenntun í grein er nánast fullnægt, þegar tiltölulega mjög fáir menn hafa hlotið menntun í greininni. Í öðrum tilvikum er ekki kostur á tækjum eða mannafla til að halda uppi háskólakennslu í grein, svo að forsvaranlegt sé, eða kennsla verður svo dýr, að ætla verður, að okkur sé ofviða að stofna til hennar. En það þolir enga bið að taka heildstætt afstöðu til þessara miklu vandamála, og verða háskóladeildir, háskólaráð og háskólanefnd að taka vel á næstu mánuðina. Allt kemur þó fyrir ekki, nema íslenzkt ríkisvald leggi stóraukið fé til Háskólans þegar á þessu ári og á hinum næstu á grundvelli framkvæmdaáætlana um skipulega uppbyggingu Háskólans. Happdrættisfé er vitaskuld aðeins lítið brot af því fjárfestingarfé, sem Háskólanum er lífsnauðsyn á, ef hann á ekki að verða áfram tiltölulega vanmegnug kennslustofnun, afllítill til átaka á rannsóknarvettvangi og með kennslusvið, sem er miklu þrengra en sæmilegt má telja. Fram á þetta hefi ég reynt að sýna ár eftir ár án þess að það hafi hlotið þann hljómgrunn, sem ég ól von um. Fyrir fjárveitingarvaldið

hafa nú verið lagðar tillögur til fjárveitinga til ýmissa bygginga í þágu Háskólans, er nema nokkrum tugum milljóna. Allt frá 1963 hefir verið óskað eftir fé til byggingaframkvæmda, en því miður hafa þær óskir sumpart alls ekki náð fram að ganga eða fjárveitingar hafa verið miklum mun minni og hægari en vonir manna stóðu til. Þessi afstaða hefir valdið mér miklum vonbrigðum, en um það hefi ég þó verið fáorðari en um hitt, sem góðu hefir gegnt gagnvart Háskólanum af hálfu ríkisvalds — og verða menn að virða þá afstöðu mína eftir málefnum. Háskólinn býr við miklu krappari kjör en sæmilegt má telja, og ég er þess fullviss, að íslenzk þjóð vill ekki, að Háskólinn búi við þá kreppu, sem hrjáir hann og varnar vexti og vísindaþróun. Þessi vanbúnaður og vanhagir allir sæma ekki íslenzku þjóðfélagi, sem sýnt hefir, að það getur færzt mikið í fang á ýmsum öðrum sviðum. En við skulum ekki eingöngu beina geiri okkar að ríkisvaldinu — við verðum einnig Háskólans menn að gera stórauknar kröfur til okkar sjálfra, leggja okkur í líma um bættar kennsluaðferðir, sem vafalaust standa í mörgum tilvikum mjög til bóta, og leggja m. a. til í auknum mæli kennslugögn og stuðla að frjórri og lifrænni kennslu með aukinn kost kennslutækja að bakhjalli. Fyrirlestraformið er hér enn miklu fyrirferðarmeira en góðu hófi gegnir — og hér skortir mjög semínaræfingar og ýmsar verklegar æfingar. Í flestum deildum við norrænu háskólana má telja að fyrirlestrar séu algerlega víkjandi kennsluform og sumstaðar eru þeir lagðir með öllu fyrir róða. Er æskilegt að stofna til viðræðna og jafnvel námskeiða út af þessum málum og var raunar haldinn einn slíkur viðræðufundur s.l. vetur milli nokkurra kennara og stúdenta að frumkvæði mínu og menntamálanefndar Stúdentaráðs Háskólans.

Rannsóknirnar eru þó sá þáttur í starfsemi Háskólans, sem ég hefi þrátt fyrir allt enn meiri áhyggjur af en kennslunni. Ef skóli er ekki rannsóknarstofnun, er hann ekki háskóli, nema í orði kveðnu. Rannsóknaraðstaða hér við Háskólann er mjög örðug í flestum greinum. Við verðum að horfast í augu við þann raunsanna vanda. Í því efni hljóta að verða alger stefnuhvörf, ef ekki á að lenda gersamlega í strandi. Öllum aðbúnaði að rannsóknar-

mönnum hér er næsta ábótavant — hér skortir að verulegu leyti aðstoð við vélritun og fjölritun og úrvinnslu gagna, og oft sæmilegt húsnæði. Þó er það geigvænlegast, að í flestum greinum er mikill skortur á vísindaritum, svo að illgerlegt er að stunda vísindastarfsemi, auk þess sem mjög hefir skort á að unnt væri að láta í té bókasafnsþjónustu vegna þess hve fáliðað háskólabókasafnið hefir verið að mannafla og aðbúnaður slæmur. Á þessu öllu verður að ráða bót, ef háskólinn á ekki að kikna undir nafni. Okkur er það mæta vel ljóst Háskólans mönnum, að ýmiss rannsóknarsvið krefjast svo mikilla fjárveitinga, að við Íslendingar höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til að fást við þær. Framhjá þeim höfum við sneytt. Á þessum áratug hefir vissulega verið komið á stofn markverðum rannsóknarstofnunum, þar sem eru Raunvísindastofnun Háskólans og Handritastofnun Íslands, og hefir um þær báðar notið ágæts atfylgis menntamálaráðherra. En hér þarf að gera miklu meira, ef rannsóknarstarfið á ekki að steyta á skeri. Háskólaráð hefir ár eftir ár óskað eftir stórauknum fjárveitingum til háskólabókasafns án þess að fallizt hafi verið á þá hækkun, sem telja verður viðunandi, og ef óskir um fjárveitingar til bygginga, sem ætlaðar eru til rannsókna og kennslu ná ekki fram að ganga nú, þá er beinlínis vá fyrir dyrum. Háskólans menn eiga erfitt með að sætta sig við vanhagi Háskólans og þeir hljóta að vara alvarlega við afleiðingunum af því, ef svo fer lengur fram. Skólastigunum í landinu verður að gera samfellda úrlausn. Lítt stoðar að bæta sífellt við menntaskólum og stækka þá, sem fyrir eru, nema Háskólinn sé jafnframt efldur, bæði um starfssvið að því er menntunarleiðir varðar, og starfsaðstöðu til kennslu og rannsókna og að því er tekur til aðbúnaðar að stúdentum. Háskólinn er enginn yfirmenntaskóli heldur allt annarskonar stofnun, vísindaleg rannsóknarstöð, svo sem lýst er í 1. gr. háskólalaganna. Sú breyting, sem átt hefir sér stað í öllum aðbúnaði að háskólum í grannlöndunum, hefir illu heilli ekki enn náð til lands okkar að því marki, sem búizt var við. Ég fæ ekki heyrt annað, þegar rætt er við fólk úr öllum stéttum íslenzks þjóðfélags en að íslenzk þjóð telji með öllu óviðunandi hin kröppu kjör, er Háskólinn býr við, og að fólk vilji efla Háskól-

ann og hlynna að honum. Hér er mikið verkefni að vinna og í því efni þarf Háskólinn m. a. að ná betur til þjóðarinnar með málefni sín og samstilla krafta kandídata héðan og stúdenta til almennrar sóknar. Því verðum við Háskólans menn að gera okkur grein fyrir, að við verðum að leggja mikið á okkur við undirbúning tilrauna og greinargerða um ný kennslusvið og rannsóknarstofnanir. Ég vil í því efni minna á hugmyndina um stofnun, er fjalla skyldi um hafið og nýtingu auðæfa í hafi og á hafsbotni frá hagfræðilegu, tæknilegu og lögfræðilegu sjónarmiði. Slík hafrannsóknarstofnun gæti af auðsæjum ástæðum gegnt mikilsverðu hlutverki og hún ætti að verða fljótlega mjög öflug stofnun svo mjög sem hafið og nýting þess varðar alla afkomu okkar. Þá er enn fremur æskilegt, að unninn verði bráður bugur að því að hrinda í framkvæmd hugmyndum um norræna jarðfræðistofnun, sem margir ágætir menn og okkur vinveittir hafa sett fram. Rannsóknarstofnanir um félagsfræðileg efni skortir hér bagalega, svo sem varðandi afbrot, svo og vernd barna og ungmenna, um ýmis atriði, er varða fjölskyldufélagsfræði, o. s. frv. Þá hljóta að rísa hér öflugar sagnfræði- og málvísindastofnanir, læknisfræðistofnanir o. m. fl. Meðan Háskólanum er svo þröngur stakkur skorinn sem raun ber vitni um, verða slíkar hugmyndir þó öðru fremur loftkastalar. Íslenzka fjárveitingarvaldið ræður mestu um framþróun þessa, en með engum rétti verður sagt, að hugmyndir um eflingu Háskólans skorti frá hálfu Háskólans manna.

VII.

Á umliðnu háskólaári hafa alls 135 lokið kandídatsprófi eða öðru burtfararprófi frá Háskólanum, þar af 95 nú í vor. Kandídatar þessa háskólaárs skiptast svo á greinir:

Guðfræði 5, læknisfræði 21, tannlækningar 6, lyfjafræði lyfsala 9, lögfræði 8, íslenzk fræði 4, B.A. í heimspekideild 25, íslenzkupróf f. erl. stúdenta 3, verkfræði 25, viðskiptafræði 29.

Hafa kandídatar aldrei fyrr verið jafnmargir sem nú á einu háskólaári.

VIII.

Á s.l. ári hélt ég fundi með öllum deildum Háskólans, þar sem rætt var um ýmislegt, er varðar starfsemi deildanna og horfur í framtíð. Voru þessir fundir gagnlegir, og er ég þakklátur deildunum fyrir þá, svo og tillögur þeirra til háskólanefndar um aukið starfslið og starfssvið. Þá voru haldnir hér óvenjulega margir almennir fundir með kennurum, bæði að frumkvæði mínu og háskólakennara sjálfra. Tel ég það vera markverða þætti í starfsemi s.l. háskólaárs, sem full ástæða er til að halda áfram og auka. Við Háskólans menn erum allir ábyrgir fyrir gengi og framtíð Háskólans, og sú skoðun er hér alltof rótgróin, að rektor og háskólaráð eigi að ráða til lykta öllum vanda og hugmyndir eigi að koma frá þeim. Á þessu er að verða breyting og er það góðu heilli. Okkur hér á landi er brýn þörf á alhliða umræðum um háskóla- og vísindapólitík, og væri vel, ef unnt væri að skipuleggja ráðstefnur um þau mál, svo og að stofna til blaðs eða rits, sem væri vettvangur fyrir slíkar umræður. Ráðstefnur um vísindaleg efni þurfa einnig að færast í aukana, og fagna ég mjög þeirri ráðstefnu, er Vísindafélag Íslendinga beitti sér fyrir s.l. vetur, svo og ráðstefnu um hafís. Í sumar verður haldin hér á landi fjölþjóðleg ráðstefna um málvísindi undir forystu prófessors Hreins Benediktssonar. Í haust verður haldið semínar um vest-norræna réttarsögu að frumkvæði norskra og íslenzkra laganema. Allt er þetta góðra gjalda vert og vísar veginn um það, sem koma skal.

Ég get þess, að stjórn sjóðsins Norðmannsgjafar hefir úthlutað Vísindafélagi Íslendinga 200.000 krónum til útgáfu á fyrirlestrum og umræðum á ráðstefnu málvísindamanna og 200.000 krónum til Sögufélagsins til liðsinnis við það um útgáfu á dómum Landsyfirréttarins og Hæstaréttar Danmerkur í íslenzkum málum. — Þá vil ég geta með þökk stórgjafar, er Reiknistofnun Háskólans hefir borizt frá IBM-fyrirtækinu bandaríska um hendur Ottós Michelsens, forstjóra. Er það stórvirkt tæki til prentunar gagna, og er verðmæti gjafarinnar um 4 milljónir króna.

IX.

Við lok þessa háskólaárs og upphaf hins næsta eru skýr tímamót í sögu Háskólans, þegar skipti verða á rektor og nokkur umskipti verða á skipan háskólaráðs. Kynslóðir koma og fara, en stofnunin blífur, og reynslusjóður kynslóða er einnig nokkurs virði. Háskólinn er ung stofnun, en þó svo gömul, að hér ætti að finnast miklu öflugri byggingar og mannvirki en raun ber vitni. Það er einlæg von mín, að nú taki við tímar, sem verða fengsælir fyrir Háskólann — að sú bylting, sem ég leyfi mér að kalla svo, um aðbúnað að háskólum hvarvetna í Vestur-Evrópu sé skammt undan einnig hér á landi. Hún er conditio sine qua non fyrir því að Háskóli Íslands valdi hinum mikilvægu verkefnum sínum á vettvangi vísindalegrar fræðslu og rannsókna, sem honum er ætlað að axla.

Við lok háskólaárs þakka ég ánægjulegt samstarf við samkennara mína og háskólaráð og samstarfsmenn á skrifstofu og við stúdenta alla, svo og við menntamálaráðherra og starfsmenn menntamálaráðuneytisins.

Að lokinni ræðu rektors lék blásarakvintett Tónlistarskólans. Síðan flutti dr. Kristján Eldjárn, forseti Íslands, ávarp af hálfu 25 ára kandídata og afhenti peningagjöf frá þeim. Kandídatar í guðfræði, sem eiga kandídatsafmæli þetta ár, gáfu Háskólanum einnig gjöf. Orð fyrir þeim hafði Matthías Frímannsson, cand. theol. Rektor þakkaði góðar gjafir og mikilsmetnar árnaðaróskir og gat þess, að þetta væri í fyrsta skipti, sem 25 ára kandídatar færðu Háskólanum gjöf og sæktu kandídatahátíð.

Síðan ávarpaði rektor kandídata, og deildarforsetar afhentu þeim prófskírteini. Af hálfu kandídata flutti Barði Þórhallsson, cand. jur., ávarp.

Við kandídatahátíð 8. febrúar 1969 hafði Guðmundur Óskar Ólafsson, cand. theol., orð fyrir kandídötum.

IV. ANNÁLL HÁSKÓLANS

Skipan háskólaráðs.

Sjá stjórn Háskólans, bls. 3.

Embætti og kennarar.

Prófessor Guðna Jónssyni var veitt lausn frá prófessorsembætti í sögu frá 1. okt. 1968 að telja vegna veikinda. Frá sama tíma var prófessor Magnúsi Mávi Lárussyni veitt embættið, og var honum jafnframt frá sama tíma veitt lausn frá prófessorsembætti sínu í guðfræðideild. Hann var eini umsækjandi um embættið. Þar sem dómnefnd samkv. 16. gr. háskólareglugerðar hafði áður metið prófessor Magnús Má hæfan til að gegna prófessorsembætti í sögu Íslands og með því að hann var eini umsækjandi, var talið af Háskólans hálfu, að ekki væri þörf á að skipa dómnefnd.

Sú skipan var gerð á kennslu í guðfræðideild, að Jóni Sveinbjörnssyni, lektor, var falið að kenna inngangsfræði Nýja testamentisins, en prófessor Magnús Már Lárusson heimilaði stúdentum í guðfræðideild að sækja fyrirlestra hans í kirkjusögu Íslands í heimspekideild.

Örn B. Pétursson, tannlæknir, var settur prófessor í tannsmíði, brúar- og krónugerð frá 15. nóv. 1968 að telja.

Prófessor Theódór B. Líndal var veitt lausn frá embætti frá 1. sept. 1969 að telja. Umsækjendur um embætti þetta voru þeir Gaukur Jörundsson, lektor, og Sigurður Gizurarson, fulltrúi. Dómnefnd skipuðu próf. Þór Vilhjálmsson, er lagadeild tilnefndi, formaður, próf. Ólafur Jóhannesson, tilnefndur af háskólaráði, og dr. Þórður Eyjólfsson, er menntamálaráðherra skipaði. Embættið var veitt Gauki Jörundssyni hinn 26. júlí frá 1. sept. 1969 að telja.

Prófessor Ármanni Snævarr, háskólarektor, var veitt lausn frá kennsluskyldu háskólaárið 1969—1970.

Prófessorsembætti í guðfræðideild, er varð laust, þegar pró-

fessor Magnúsi Mávi Lárussyni var veitt prófessorsembætti í sögu í heimspekideild, var veitt dr. Birni Björnssyni frá 1. júlí 1969. Umsækjendur auk hans voru séra Jón Hnefill Aðalsteinsson fil. lic. og séra Jónas Gíslason. Í dómnefnd áttu sæti prófessor Þórir Kr. Þórðarson, er guðfræðideild tilnefndi, og var hann formaður, séra Ingólfur Ástmarsson, er menntamálaráðherra nefndi til, og prófessor Magnús Már Lárusson, er háskólaráð tilnefndi.

Jón Sveinbjörnsson, lektor, var skipaður dósent í guðfræðideild frá 1. janúar 1969 að telja.

Hrafnkell Helgason, yfirlæknir á Vífilsstöðum, var ráðinn lektor í lyflæknisfræði með sérstöku tilliti til lungnasjúkdóma frá 1. janúar 1969, en starfi þessu gegndi áður Helgi yfirlæknir Ingvarsson.

Sendikennarar.

Sænski sendikennarinn, fil. mag. Sven Magnus Orrsjö, hefir látið af starfi, en við tekur fil. kand. Ingrid Westin.

Dósent í almennri bókmenntasögu.

Háskólaráð féllst hinn 26. sept. 1968 á ósk heimspekideildar um, að stofnað yrði til dósentsstarfs í almennri bókmenntasögu.

Háskólahátíð og athafnir til brautskráningar kandídata.

Háskólahátíð fór fram að venju fyrsta vetrardag.

Athafnir til brautskráningar kandídata fóru fram 8. febrúar 1969 í kennarastofu og 14. júní s. á. í hátíðasal.

Árleg skráning stúdenta.

Fyrsta árlega skrásetningin fór fram í október 1968, og náði hún til allra stúdenta, nema þeirra, er skráðu sig frumskráningu sumarið 1968. Við skrásetninguna voru stúdentum afhent stúdentaskírteini, sem þeim ber að láta endurnýja við árlega skráningu haust hvert, meðan þeir eru í skólanum. Alls voru skráðir í Háskólann 1314 stúdentar, þar af 470 á 1. námsári.

Háskólalög og háskólareglugerð.

Um reglugerðir nr. 72, 30. sept. 1968, og nr. 78, 5. nóv. 1968, varðandi 51. og 52. gr. háskólareglugerðar, sbr. rgj. 81/1965, báðar varðandi almenn málvísindi og hljóðfræði, sjá þátt um þá grein á bls. 52.

Stúdentaráð og háskólaráð unnu sameiginlega að samningu á breytingu á 32. gr. háskólareglugerðar þess efnis að taka skyldi upp árlega skrásetningu stúdenta, og yrðu þeir einir taldir stúdentar skólans, er látið hefðu skrá sig í upphafi háskólaárs og greitt gjald, er ákveðið var 1000 krónur. Skyldu 800 krónur renna til Félagsstofnunar stúdenta, en 200 kr. til Prófgjaldasjóðs. Reglugerðin er nr. 75, 23. okt. 1968.

Sett voru ný reglugerðarákvæði um kennslu og próf í viðskiptafræðum 48. gr. 2. töluliður og 50. gr. háskólareglugerðar sbr. rgj. nr. 76, 24. október 1968.

Sett voru reglugerðarákvæði, er varða kennslu og próf í guðfræðideild, sbr. rgj. nr. 77, 25. okt. 1968.

Ný reglugerðarákvæði voru sett varðandi forpróf í læknadeild, sbr. rgj. nr. 94, 12. nóv. 1968.

Reglugerðarbreytingar þessar eru prentaðar í XV. kafla hér að aftan.

Háskólalög.

Svo sem greint hefir verið frá í árbók Háskólans, samdi rektor drög til breytinga á háskólalögum haustið 1967, og var sérstök nefnd skipuð til að fjalla um þau drög, svo og önnur atriði, er tímabært þætti að breyta. Nefndin skilaði tillögum sínum í desember 1968. Um sama leyti bárust tillögur frá Stúdentaráði Háskólans um breytingar á háskólalögum, er viku einkum að aukinni þátttöku stúdenta í stjórnun Háskólans, að því er tekur til setu á deildarfundum, og enn fremur var lagt til, að stúdentar fengju atkvæðisrétt í rektorskjöri með nánar tilteknum hætti. Háskólaráð ræddi þessar tillögur í heild sinni rækilega, fundir voru haldnir með fulltrúum Stúdentaráðs, og rektor boðaði til kennarafundar út af máli þessu. Háskólaráð óskaði einnig umsagnar deilda um tillögurnar, eins og þær

höfðu mótazt í febrúar. Félag háskólakennara setti og fram álit um viss atriði málsins, svo og Bandalag háskólamanna. Var málið síðan afgreitt frá háskólaráði 13. marz 1969, en einu atriði var þó breytt á fundi 15. marz að tillögu eins deildarforsetans. Samstarf við Stúdentaráð Háskólans var margháttað út af þessu máli og ánægjulegt. Með þeirri niðurstöðu, er fékkst á tilmælum stúdenta, var gengið verulega til móts við óskir þeirra, þótt ekki væri fallizt á þær til fullnustu. Lýsti Stúdentaráðið því í bréfi til menntamálaráðherra, að ekki væri óskað breytinga á frumvarpinu, þegar það hafði verið flutt á Alþingi. Í ræðu rektors 14. júní 1969, sem prentuð er hér að framan, er gerð grein fyrir veigamestu nýmælum hinna nýju laga, en að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpinu.

Lögin, sem eru nr. 22, 12. maí 1969, eru prentuð í XV. kafla hér að aftan.

Rektorskjör.

Hinn 14. maí 1969 fór fram rektorskjör, samkv. hinum nýju háskólalögum. Fráfarandi rektor skoraðist undan endurkjöri. Rektor var kjörinn prófessor Magnús Már Lárusson frá 15. sept. 1969 að telja til jafnlengdar 1972.

Doktorspróf.

Hinn 15. júní 1969 varði cand. philol. Ivar Orgland, lektor, ritgerð sína Stefán frá Hvítadal og Noreg fyrir doktorsnafnbót í heimspeki. Dómnefnd skipuðu prófessorarnir Bjarni Guðnason, Johs. Dale og Steingrímur J. Þorsteinsson. Hinir tveir síðastnefndu voru andmælendur.

Alþjóðleg ráðstefna málvísindamanna

var haldin í Háskólanum 6.—11. júlí 1969 að frumkvæði próf. Hreins Benediktssonar. Skipaði rektor framkvæmdanefnd, er í áttu sæti prófessorarnir Hreinn Benediktsson, formaður, Halldór Halldórsson og I. J. Kirby og lektorarnir Baldur Jónsson og Helgi Guðmundsson.

Ýmsir styrkir, einkum erlendis frá, fengust til þessarar ráðstefnu, sem er ein hin mesta, er hér hefur verið haldin. Þátttakendur voru margir víðkunnir vísindamenn. Ráðstefnan tókst mjög vel.

Aldarafmæli Haralds prófessors Níelssonar..

Hinn 1. des. 1968 var öld liðin frá fæðingu prófessors Haralds Níelssonar. Séra Guðmundur Sveinsson, skólastjóri, flutti hinn 30. nóvember fyrirlestur í Háskólanum í boði háskólaráðs um trú og guðfræði. Fyrirlesturinn var fluttur á vegum Minningarsjóðs prófessors Haralds Níelssonar.

Erlendir fyrirlesarar.

Prófessor Peter Foote frá University College í London flutti hinn 27. september 1968 erindi í boði heimspekideildar. Nefndist fyrirlesturinn: „Um kreddu Þrándar í Götu".

Prófessor Bennett Miller frá Glasgowháskóla flutti fyrirlestur í boði lagadeildar hinn 1. okt. 1968. Nefndist fyrirlesturinn: „Putting Academic Standards into Practice".

Prófessor Leif Efskind frá Óslóarháskóla flutti tvo fyrirlestra í boði Háskólans 10. og 11. okt. 1968. Fjallaði sá fyrri um krabbamein í maga, en hinn síðari um æðasjúkdóma í fótum.

Dr. D. J. van Dejk, fiskimálastjóri Hollands, flutti fyrirlestra í Háskólanum 14. og 15. nóv. 1968. Nefndist sá fyrri „The existence of the public industrial organizations in the Netherlands working in the field of fisheries", og hinn síðari „The future chances for countries outside the Common Market to import fish and fishery products into the Common Market after the coming into force of a common fishery policy in the EEC".

Prófessor Matti Ylöstalo frá Helsingforsháskóla flutti fyrirlestur í boði lagadeildar 24. nóv. 1968. Fjallaði fyrirlesturinn um ábyrgð.

Prófessor Ture Johannisson frá Gautaborg flutti fyrirlestur í boði heimspekideildar 12. des. 1968. Fjallaði fyrirlesturinn um

kunna sænska ferðasögu frá 17. öld frá málfarslegu sjónarmiði.

Frú Magda King frá Edinborg flutti tvo fyrirlestra í boði guðfræðideildar 28. og 29. marz 1969 um heimspeki Heideggers. Nefndust fyrirlestrarnir „Truth and Technology". Frú King hafði einnig viðræðufund með stúdentum í guðfræðideild.

Dr. C. W. Cleland frá Hammersmith Hospital, London, flutti fyrirlestur í boði læknadeildar 17. júlí 1969. Nefndist hann „The Management of Coronary Heart Disease".

Sunnudagsfyrirlestrar.

Prófessor Sigurður Samúelsson flutti fyrirlestra í hátíðasal Háskólans 16. og 23. marz 1969. Nefndist hinn fyrri: „Bráður dauði og einkenni frá blóðrásarfærum samkvæmt könnun á fornbókmenntum". Hinn síðari nefndist: „Ýmsir sjúkdómar og læknisdómar í fornbókmenntum".

Hannesar Árnasonar fyrirlestrar.

Þorsteinn Gylfason, B.A., sem verið hefir Hannesar Árnasonar styrkþegi undanfarin ár, flutti þrjá fyrirlestra, kennda við sjóð Hannesar Árnasonar, í marz 1969. Heildarheiti fyrirlestranna var „Manneskjan — viðfangsefni vísindanna". Hinir einstöku fyrirlestrar nefndust: Frumspeki og framstefna, Mannssál og meðvitund, og Atferli og umhverfi.

Rannsóknarstarfsemi og skipulag hennar.

Málefni þessi voru m. a. til umræðu í háskólaráði hinn 14. ágúst 1969, og var samþykkt tillaga rektors m. a. á þá leið, að háskólaráð lýsi yfir þeirri skoðun sinni, að sem mest af rannsóknarstarfsemi, einkum undirstöðurannsóknir, skuli lagðar til Háskólans. Enn fremur að samþykkt verði að stofna til endurskoðunar á löggjöf um rannsóknarstofnanir með það fyrir augum að kanna, hvort ekki sé rétt að tengja þær að nokkru eða öllu við Háskólann.

Rannsóknarstofnanir Háskólans.

Á fundi háskólaráðs 14. ágúst 1969 var eftirfarandi tillaga rektors samþykkt:

„Háskólaráð ályktar að kjósa 6 manna nefnd til að fjalla um það, hvernig tengslum Háskólans og rannsóknastofnana hans verði bezt hagað, þ. á m. um stjórnun stofnana, svo og um stöðu vísindalegra starfsmanna, þ. á m. starfsheiti, rannsóknaraðstöðu og rannsóknar- og kennsluskyldu. Þess er óskað, að nefndin skili álitsgerð og tillögum til háskólaráðs um þessi efni og styðjist við gögn erlendis frá eftir því sem tök eru á."

Í nefnd samkv. þessari ályktun voru kjörnir: Próf. Gaukur Jörundsson, formaður, próf. Halldór Halldórsson, próf. Ólafur Bjarnason, próf. Magnús Magnússon, dr. Guðmundur Eggertsson og dr. Halldór Elíasson.

Jarðfræðirannsóknir við Raunvísindastofnun Háskólans.

Með bréfi Menntamálaráðuneytis 18. marz 1969 var sent til umsagnar bréf Raunvísindastofnunar Háskólans, þar sem á það var fallizt, að rannsóknarstarfsemi sú í jarðfræði, sem fram að síðustu áramótum fór fram á vegum Rannsóknarstofu iðnaðarins, verði tengd jarðvísindastofu Raunvísindastofnunar Háskólans. Háskólaráð féllst á fundi 31. marz 1969 í megindráttum á tillögu Raunvísindastofnunar, en taldi þó m. a. að auglýsa ætti til umsóknar störf, sem ætlunin er að tengja við Raunvísindastofnun.

Erindi Félags háskólakennara um rannsóknarkostnað kennaraembætta

og að rannsóknarstöður á rannsóknarstofnunum í tengslum við Háskólann verði að jafnaði kennaraembætti við Háskólann var vísað til háskólanefndar á fundi háskólaráðs 4. sept. 1969.

Háskólaforlag og útgáfa vísindarita á vegum Háskólans.

Málið var rætt á grundvelli greinargerðar rektors, og á fundi 14. ágúst 1969 var eftirfarandi ályktun gerð:

„Háskólaráð telur brýna þörf á að koma á fót háskólaforlagi og felur 6 manna nefnd að kanna rekstrarfræðilegan grundvöll að slíku forlagi og setja fram hugmyndir um fjármögnun slíkrar starfsemi. Miðað sé við það, að háskólaforlag sjái um útgáfu kennslubóka og kennslugagna, svo og útgáfu vísindarita. Þess er óskað, að nefndin hraði störfum og skili álitsgerð til háskólaráðs eigi síðar en 15. nóvember n.k. Í nefndinni eigi sæti 4 fulltrúar tilnefndir af háskólaráði, einn tilnefndur af Félagsstofnun stúdenta, og einn tilnefndur af Stúdentaráði Háskólans."

Háskólaráð kaus af sinni hálfu í nefndina prófessorana Trausta Einarsson, Hrein Benediktsson og Guðmund Magnússon. Jafnframt samþykkti það að leita eftir því við Ragnar Jónsson hrl., að hann taki sæti í nefndinni.

Seta dósenta, lektora og aðjúnkta á deildarfundum og atkvæðisréttur þeirra.

Erindi út af þessu máli frá Félagi háskólakennara, þar sem óskað er lagabreytingar þess efnis, að þessir starfsmenn njóti atkvæðisréttar (þ. e. einnig dósentar og lektorar eftir eldri lögum) á deildarfundum, var sent deildum til umsagnar.

Þóknun til háskólaráðsmanna og rektors vegna starfa hans í þágu háskólaráðs.

Á fundi háskólaráðs hinn 4. sept. 1969 var svofelld ályktun gerð:

„Háskólaráð ályktar að fela rektor að gangast fyrir því, að deildarforsetum verði greiddar allt að tíu þúsundum króna mánaðarlega sem þóknun fyrir störf þeirra."

Byggingarmál.

Háskólaráð kaus þ. 14. febr. 1969 byggingarnefnd til að fjalla um fyrirhugaða nýbyggingu milli Nýja Garðs og aðalbyggingar. Í nefndinni eiga sæti Jóhannes L. L. Helgason, háskólaritari, formaður, prófessorarnir Guðlaugur Þorvaldsson, Loftur Þorsteinsson og Þór Vilhjálmsson, svo og Úlfar Guðmundsson, stud.

theol. Húsameistari ríkisins var ráðinn arkitekt. Niðurstöður nefndarinnar voru ræddar í háskólaráði og eftirfarandi ályktun gerð á fundi háskólaráðs 17. marz 1969:

„Háskólaráð samþykkir að ráðast í byggingu húss milli aðalbyggingar og Nýja Garðs á grundvelli framlagðra teikninga, og felur byggingarnefnd að halda áfram störfum að hönnun hússins."

Tillaga þessi var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 1. Próf. Bjarni Guðnason gerði þá grein fyrir atkvæði sínu, að hann greiddi tillögunni atkvæði með þeim fyrirvara, að byggingarframkvæmdir hefjist ekki síðar en á hausti komanda.

Fulltrúi stúdenta, Guðjón Magnússon, stud. med., gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: „Ég tel mig ekki sem fulltrúa stúdenta geta greitt atkvæði gegn byggingu kennsluhúsnæðis, þar sem stúdentar hafa svo mjög krafizt byggingarframkvæmda af hálfu Háskólans. Hins vegar tel ég, að tillagan nái of skammt, þar eð ekki er mótuð heildarstefna í byggingarmálum Háskólans." Prófessor Ólafur Bjarnason greiddi atkvæði gegn tillögunni og gerði svohljóðandi grein fyrir atkvæði sínu: „Í fundargerð háskólaráðs 13. febr. 1969, 9. tl., segir, að ákvörðun um það, hvort hefja skuli byggingarframkvæmdir þær, er um getur í framkominni tillögu, skuli þá fyrst tekin, er nákvæm kostnaðaráætlun hefir verið gerð. Slík áætlun er ekki fyrir hendi, og greiði ég því atkvæði gegn því, að ákvörðun verði tekin um það nú að hefjast handa um nefndar byggingarframkvæmdir, einnig með hliðsjón af því, að ekki liggur fyrir heildaráætlun Háskólans um byggingarframkvæmdir á nærliggjandi lóðum."

Þá var enn fremur samþykkt, að hið nýja hús skyldi verða framtíðaraðsetur lagadeildar.

Fyrirvari próf. Guðlaugs Þorvaldssonar: „Ég bind fylgi mitt við það, að fyrirhuguð bygging verði framtíðarhúsnæði lagadeildar, en ekki viðskiptadeildar, því skilyrði, að sérstakt tillit verði tekið til viðskiptadeildar við ráðstöfun húsnæðis í aðalbyggingu Háskólans, unz deildin fær sína eigin byggingu eins fljótt og auðið er eftir byggingu lagadeildarhúss. Á ég þar bæði við þarfir deildarinnar fyrir kennslustofur, lestrarsali stúdenta,

stofu fyrir skrifstofuvélar, kennaraherbergi o. fl. Um þessi atriði leyfi ég mér að vísa til sérstaks minnisblaðs frá mér frá 5. marz s.l., sem lagt var fram á háskólaráðsfundi við afgreiðslu málsins."

Byggingarnefnd læknadeildarbygginga.

Háskólaráð kaus að tillögu læknadeildar prófessorana Ólaf Bjarnason og Þorkel Jóhannesson í nefndina í stað prófessors Júlíusar Sigurjónssonar, sem óskaði að verða leystur undan störfum í nefndinni, og prófessors Kristins Stefánssonar, sem andaðist 2. sept. 1967. Aðrir nefndarmenn eru prófessorarnir Ármann Snævarr og Jón Steffensen ásamt Herði Bjarnasyni húsameistara. Ármann Snævarr, rektor, hvarf úr byggingarnefndinni 15. sept. 1969, en prófessor Magnús Már Lárusson tók sæti hans.

Athuganir á byggingarmálum tannlæknadeildar.

Prófessorunum Jóni Sigtryggssyni og Erni B. Péturssyni, svo og Jóhanni Finnssyni, var falið að fara yfir áætlanir um byggingarmál tannlæknadeildar og setja eftir atvikum fram nýjar hugmyndir um þetta efni. Þá var þess óskað, að nefndin setti fram með ráði arkítekts og verkfræðings endurnýjaða kostnaðaráætlun.

Athuganir á byggingarmálum verkfræðideildar.

Verkfræðideild gerði ýmsar athuganir á byggingarmálum sínum á háskólaárinu auk þess sem hún samdi rækilega álitsgerð um þörf á auknu starfsliði. Deildinni var heimilað að ráða arkítekt til að gera frumteikningu að byggingum þessum, sem gert er ráð fyrir, að reistar verði í næsta nágrenni Raunvísindastofnunar Háskólans.

Árnagarður.

Fyrsta kennslustund í byggingunni fór fram 13. marz 1969, og var kennt þar nokkuð það sem eftir var vormisseris.

Fjárveitingartillögur.

Í tillögum Háskólans út af fjárveitingum á fjárlögum fyrir árið 1970, er m. a. óskað eftir fyrstu fjárveitingu til læknadeildarbygginga, tannlæknabygginga og bygginga í þágu verkfræði- og raunvísindadeildar. Óskað er eftir auknu starfsliði, þ. á m. nokkrum prófessorsembættum, og dósents- og lektorastörfum. Þá er sérstaklega áréttað, að veitt verði þau embætti, sem lögfest hafa verið, en frestað hefir verið að veita.

Nýjar námsgreinir í Háskólanum.

Rektor ritaði í desember greinargerð fyrir háskólaráð um nýjar námsgreinir, og var sú greinargerð send Menntamálaráðuneyti. Málið var nokkuð rætt í háskólaráði eftir að drög til frumvarps á háskólalögum voru afgreidd þar, og rektor hélt fundi með öllum háskóladeildum, þar sem þessi mál voru einkum til umræðu. Í apríl samþykkti háskólaráð að skipa sérstaka nefnd til að kanna, hvort réttmætt væri að leggja til, að kennsla fyrir löggilta endurskoðendur færi fram í Háskólanum. Viðræður fóru fram milli rektors og forseta lagadeildar og viðskiptadeildar um kennslu í stjórnsýslu. Í maí átti rektor viðræðufundi við sérfræðinga í matvælafræðum um möguleika á að koma á fót kennslu í Háskólanum í þeim greinum. Varð niðurstaðan þar sú, að slíkt væri naumast gerlegt, nema með efnaverkfræði eða líffræði sem undirstöðu, og væri nám í matvælafræðum þá kjörsvið fyrir menn, er lokið hefðu undirstöðunámi í þessum tveimur greinum. Hinn 16. júní 1969 ritaði menntamálaráðherra háskólanefnd og óskaði eftir athugunum á því að stofna til kennslu í þremur greinum, félagsfræði, félagsráðgjöf og félagssýslu, en um þá kennslu gerði háskólaráð tillögur í marz 1968 og apríl 1969, tæknifræðinám á háskólastigi og nám í stjórnunarfræðum. Háskólanefnd skipaði þrjár sérstakar nefndir til að fjalla um þessi mál, og nefndin ritaði síðan menntamálaráðherra 28. ágúst 1969 um málið, en ráðherra lagði það álit ásamt sjónarmiðum sínum fyrir háskólaráð. Sérnefndirnar og háskólanefnd töldu, að ekki væri tímabært að stofna til tæknifræðináms á háskólastigi, en hvatt var til þess

að skipa nefnd til könnunar á verkfræði- og tæknifræðinámi og bent á ýmsa lausnarmöguleika. Um opinberu stjórnsýsluna var á það bent, að heppilegast væri að hún yrði kjörsvið fyrir stúdenta í viðskiptadeild og lagadeild. Um félagsfræði og skyldar greinir var það viðhorf ríkjandi, að félagssýslu væri bezt skipað í tengslum við opinbera stjórnsýslu, en lagt til, að stofnað yrði til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum haustið 1970 og þó kannað, hvort kennslu yrði með nokkru móti við komið nú í vetur, er kæmi að notum fyrir stúdenta í þessum greinum. Málinu var ráðið til lykta í háskólaráði með eftirfarandi ályktun:

„I. Háskólaráð hefir rætt bréf háskólanefndar frá 28. ágúst s.l. og bréf Menntamálaráðuneytisins frá sama degi varðandi nýjar námsleiðir við Háskólann, sbr. bréf Mrn. til háskólanefndar frá 16. júní s.l., er sent var háskólaráði með bréfi ráðuneytisins dags. 19. júní s.l.

II. Háskólaráð fellst í megindráttum á niðurstöður háskólanefndar, að því er varðar kennslu í opinberri stjórnsýslu og tæknifræðinám, án þess að tekin sé afstaða til einstakra atriða.

III. Háskólaráð fellst enn fremur í megindráttum á niðurstöður bréfs háskólanefndar, að því er tekur til kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum. Telur háskólaráð mikilvægt að marka þá stefnu, að kennsla í þessum greinum hefjist haustið 1970, enda verði tryggt, að fjárveitingar fáist til kennslu, bókakaupa og til að búa stúdentum og kennurum aðstöðu við hæfi.

Háskólaráð fellst á það mat háskólanefndar og nefndar, sem fjallaði sérstaklega um þessi kennslumál s.l. sumar, að tími sé of naumur til að koma á reglulegri kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum næsta háskólaár og að stefna beri að því að undirbúningi að kennslunni verið lokið eigi síðar en í marz 1970, og kennarar þá ráðnir. Varðandi næsta háskólaár samþykkir háskólaráð, að könnun fari fram á því með viðtölum hið fyrsta, hve margir stúdentar óski að hefja nám í almennum þjóðfélagsfræðum. Háskólaráð ákveður enn fremur, að stúdentum, sem áhuga hafa á námi í almennum þjóðfélags-

fræðum, verði leiðbeint um það á þessu hausti, hverjar greinir komi helzt til álita að leggja stund á næsta háskólaár, þeirra sem hér eru kenndar, svo að komi að sem mestum notum síðar í námi þeirra í almennum þjóðfélagsfræðum. Þá samþykkir háskólaráð, að fluttir verði á vetri komanda inngangs- og kynningarfyrirlestrar á sviði almennra þjóðfélagsfræða.

Háskólaráð samþykkir, að stofnuð verði 5 manna nefnd og séu 3 þeirra tilnefndir af háskólaráði og 2 af Stúdentaráði Háskólans og hafi nefndin það verkefni að undirbúa kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum, er hefjast skal haustið 1970, svo og að hafa yfirumsjón með könnun þeirri og leiðbeiningum, er að framan greinir."

Viðtöl við stúdenta, er hug hafa á námi í almennum þjóðfélagsfræðum,

fóru fram á vegum þjóðfélagsfræðinefndar 6. og 7. sept. Rösklega 30 stúdentar komu til viðtals og létu í ljós áhuga á að stunda nám í þessum greinum. Verður unnið úr efnivið þeim, er þannig fékkst, og tillögur um kennslu lagðar fyrir háskólaráð.

Náttúrufræðikennsla.

Rækileg grein var gerð fyrir þörfum á starfsliði, húsnæði o. fl. vegna náttúrufræðikennslu í bréfi Háskólans frá 2. maí 1969, sbr. einnig fyrri bréf m. a. 29. apríl og 24. sept. 1968. Tilmæli í bréfinu frá 2. maí 1969 voru áréttuð í fjárlagatillögum frá 23. maí 1969 og sérstök greinargerð var samin um mál þessi og send með bréfi Háskólans 27. júní. Óskað var m. a. eftir fjórum dósentsstörfum í nýja stíl frá 1. júlí 1969. Fallizt var á tilmæli bréfs frá 27. júní með bréfi Mrn. 6. ágúst 1969.

Tengsl Landsbókasafns og Háskólabókasafns.

Rækilegar umræður fóru fram um þetta mál á grundvelli frumvarps til laga um Landsbókasafn Íslands, sem flutt var á Alþingi og beiðzt var umsagnar háskólaráðs um. Háskólaráð skipaði sérstaka nefnd til að fjalla um málið, og áttu sæti í

henni dr. Björn Sigfússon, háskólabókavörður, og prófessorarnir Magnús Már Lárusson og Ólafur Bjarnason. Auk þess var óskað umsagnar bókasafnsnefndar um málið. Meginatriðin í afstöðu háskólaráðs til málsins eru dregin saman á eftirfarandi hátt í bréfi Háskólans til menntamálanefndar Efri deildar Alþingis frá 10. marz 1969:

„1. Háskólaráð telur, að náið samstarf milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns sé höfuðnausyn.
2. Þörf Háskólans á lestrarsalsrými er gífurlega mikil, og er óhjákvæmilegt, að úrlausn þess máls sitji í fyrirrúmi við byggingu nýs bókasafnshúss.
3. Háskólaráð telur, að Háskólabókasafn sem stofnun eigi að starfa áfram, en söfnin eigi að vera til húsa í sömu byggingu og stjórnarfarslega lúti safnið yfirstjórn landsbókavarðar, þótt Háskólabókasafn hafi eigið starfslið, sem skipað sé eða ráðið með lögmæltum eða venjuhelguðum afskiptarétti háskólaráðs.
4. Fjárveitingar til Háskólabókasafns verði sérstæðar og fjárveitingatillögur ákveðnar af rektor og háskólaráði í samstarfi við landsbókavörð og háskólabókavörð. Bókasafnsnefnd starfi áfram og ráði bókakaupum í samstarfi við háskóladeildir og rannsóknarstofnanir."

Námsnefndir.

Forsetar guðfræðideildar og heimspekideildar lögðu til í háskólaráði, að sú skipan kæmist á, að í hverri deild væri stofnuð sérstök nefnd, sem skipuð yrði kennurum og stúdentum, jafnmörgum úr hvorum flokki, og hefði hún það verkefni að vera ráðgjafarnefnd um kennslumál deildar, námsefni, kennsluhætti og ýmiss konar samvinnu milli kennara og stúdenta. Tillagan var samþykkt nokkuð breytt að orðalagi á fundi háskólaráðs 18. október 1968, að fenginni umsögn deilda. Nefndir voru kjörnar í deildum nokkru síðar. Þess skal getið, að nokkuð sérstök skipan var á þessu máli í læknadeild, enda hafði deildin áður gengið frá skipan svipaðrar nefndar fyrir sitt leyti.

Bókasafnsnefnd.

Háskólaráð samþykkti að fjölga nefndarmönnum um tvo, formann, skipaðan af háskólaráði, og fulltrúa stúdenta, er Stúdentaráð tilnefni. Háskólaráð kaus próf. Magnús Má Lárusson formann. Frá 1. janúar 1969 að telja voru eftirfarandi menn kosnir í nefndina til tveggja ára: Próf. Jóhann Hannesson frá guðfræðideild, próf. Jón Steffensen frá læknadeild, próf. Magnús Þ. Torfason frá lagadeild, próf. Árni Vilhjálmsson frá viðskiptadeild, lektor Bergsteinn Jónsson frá heimspekideild, próf. Sigurður Þórarinsson frá verkfræðideild og Jón Kristjánsson, stud. jur., fulltrúi stúdenta.

Stjórnarnefnd Íþróttahúss.

Háskólaráð féllst á greinargerð og tillögu rektors um, að Íþróttahúsi yrði sett sérstök stjórnarnefnd, er skipuð væri tveimur fulltrúum, er háskólaráð tilnefnir, einum tilnefndum af Stúdentaráði og einum, er stjórn Íþróttafélags stúdenta nefnir til. Íþróttastjóri á sæti á fundum stjórnarnefndar. Háskólaráð tilnefndi af sinni hálfu prófessor Þorbjörn Sigurgeirsson og Hjalta Þórarinsson, dósent. Stúdentaráð tilnefndi Guðjón Magnússon, stud. med., og stjórn Íþróttafélags stúdenta Ólaf H. Ólafsson, stud. oecon.

Stjórn Norræna hússins.

Rektor Ármann Snævarr var tilnefndur af háskólaráði til að taka sæti í stjórn Norræna hússins frá 1. janúar 1969 til 31. desember 1972. Varamaður var kjörinn prófessor Þórir Kr. Þórðarson.

Stjórnarnefnd Árnasafns.

Á fundi háskólaráðs 31. marz 1969 var lagt fram bréf danska Menntamálaráðuneytisins frá 7. s. m., þar sem á það var bent, að fyrir dyrum stæði endurskipun stjórnarnefndar Árnasafns. Taldi ráðuneytið rétt fyrir sitt leyti, að háskólaráð og Sáttmálasjóður tilnefndu menn í stjórnarnefnd, alls þrjá menn, og aðra Íslendinga, er til greina kæmu, sbr. tilskipun um stofnun-

ina frá 25. maí 1936, sem prentuð er í Árbók Háskólans 1935—36, bls. 82, sjá einnig um það mál sama rit, bls. 15, og Árbók 1936—37, bls. 12. Á fundi háskólaráðs 10. apríl 1969 var málinu vísað til umsagnar laga- og heimspekideildar. Á fundi háskólaráðs 8. maí var fallizt á, að háskólaráð tilnefndi menn í stjórnarnefnd, en tekið var undir þau orð úr ályktun háskólaráðs frá 7. ágúst 1936, þar sem svo segir, að „þessi afskipti þess (þ. e. háskólaráðs) af stjórn safnsins eru að sjálfsögðu gerð að áskildum óskertum öllum rétti Íslands bæði lagalega og siðferðislega til að fá skilað íslenzkum handritum úr safni þessu". Er þessa getið í bréfi rektors til Menntamálaráðuneytisins 10. maí 1969. Í stjórnarnefnd tilnefndi háskólaráð prófessorana Einar Ól. Sveinsson og Halldór Halldórsson og vegna Sáttmálasjóðs próf. Ármann Snævarr. Jafnframt var bent á til tilnefningar þá prófessorana Magnús Má Lárusson, Hrein Benediktsson og Þór Vilhjálmsson. Skipaði Menntamálaráðuneytið danska prófessor Magnús Má í stjórnarnefndina.

Almenn málvísindi og hljóðfræði.

Í bréfi Menntamálaráðuneytis hinn 23. september 1968 er vísað til viðræðna um ráðningu kennara í ofangreindum greinum. Er frá því skýrt, að ráðuneytið muni fella niður úr reglugerð ákvæði um kennslu í þessum greinum, ef því hafi ekki borizt tilkynning innan tveggja daga um, að heimspekideild hafi tryggt kennara í greininni með þeim kjörum, sem reifuð voru í bréfinu. Með bréfi ráðuneytisins 26. sept. var háskólaráði send til umsagnar fyrirhuguð breyting á háskólareglugerð þess efnis, að ákvæði um kennslu og próf í framangreindum greinum væri felld niður. Á fundum háskólaráðs 26. og 28. september 1968 var fjallað um málið, og fyrir síðara fundi lá umsögn heimspekideildar um breytingu þessa. Deildin andmælti setningu reglugerðarinnar og taldi ekki hafa komið fram gild rök fyrir því, að greinin væri afnumin úr kennslukerfi deildarinnar. Var á það bent, að greinin hefði mikið og vaxandi gildi fyrir tungumálanám og kennslu í skólum landsins. Hefði kennsla

í þessari grein verið meðal helztu nýmæla í þeirri nýskipan, sem komið var á 1965 um nám til B.A.-prófa o. fl.

Þykir rétt að taka hér upp helztu efnisatriði úr ályktun háskólaráðs frá 28. sept. 1968: „Tillögur til breytingar á háskólareglugerð að því er varðar kennslu og próf í einstökum greinum hafa ávallt komið frá Háskólanum, og er háskólaráði ekki kunnugt um, að nokkru sinni hafi verið felld úr reglugerð námsgrein, sem þar hafi verið getið, nema að frumkvæði deildar, sem í hlut á, og með samþykki hennar. Þessir stjórnhættir, afskipti Háskólans af því, hverjar námsgreinar séu kenndar þar, er eitt veigamesta grundvallaratriðið í háskólalögum og framkvæmd þeirra, og á það einnig við um grannlönd okkar, þar sem háskólahefð er svipuð. Í bréfum Menntamálaráðuneytis er ekki vísað til neinnar grundvallarrannsóknar, sem fram hafi farið á gildi kennslu í almennum málvísindum og hljóðfræði fyrir kennslu og nám í heimspekideild, og eru ekki bornar brigður á gildi hennar. Háskólaráð hlýtur um það atriði að byggja á mati deildarinnar."

Síðar segir: „Háskólaráð lýsir eindreginni andstöðu sinni gegn því, að þær breytingar séu gerðar á háskólareglugerð, sem greindar eru í fylgiskjali með bréfi Menntamálaráðuneytis frá 26. september, gegn mótmælum deildar, sem í hlut á. Slík reglugerðarbreyting er brot á þeim afskiptarétti Háskólans um námsefni, sem margra áratuga framkvæmd hefur helgað. Leyfir háskólaráð sér að beina þeim ákveðnu tilmælum til menntamálaráðherra, að ekki komi til setningar fyrirhugaðrar reglugerðar og telur slíkt skapa varhugavert fordæmi."

Forseti lagadeildar gerði eftirfarandi grein fyrir atkvæði sínu: „Sú ályktun, sem nú hefur verið gerð, fjallar um atriði, er snerta hefðarhelgaðan afskiptarétt Háskólans af námsefni í skólanum. Af þeim sökum hef ég greitt henni atkvæði."

Með bréfi ráðuneytisins frá 30. sept. 1968 var frá því skýrt, að framangreind reglugerðarbreyting hefði verið staðfest þann dag, sbr. rgj. nr. 72, 30. sept. 1968.

Hinn 30. október s. á. sendi ráðuneytið háskólaráði bréf, þar

sem frá því var skýrt, að ráðuneytið óskaði eftir að kennsla færi fram í þessari grein og væri reiðubúið að láta fyrri ákvæði reglugerðar taka gildi á ný. Mælti háskólaráð eindregið með þeirri skipan. Voru hin nýju ákvæði sett með rgj. frá 5. nóv. 1968.

Árni Böðvarsson, cand. mag., var síðan settur dósent í almennum málvísindum og hljóðfræði frá 1. nóv. 1968 að telja.

Inntaka í læknadeild.

Með bréfi 10. júlí 1968 til Menntamálaráðuneytis var greint frá ályktun háskólaráðs frá 4. júlí s. á. þess efnis, að háskólaráð féllist á það mat læknadeildar, að deildin hafi hvorki mannafla né mannvirki til að mennta nema tiltölulega takmarkaðan fjölda stúdenta árlega, eða 20—25. Háskólaráð taldi takmörkun að aðgangi að námi í einstökum deildum óæskilega. Hins vegar taldi háskólaráð sig ekki eygja annan möguleika en að takmarka aðgang að læknanámi, eins og á stóð, nema tryggðar væru fjárveitingar til öflunar húsnæðis og aukinna kennslukrafta samkv. nánari áætlun deildarinnar. Lögð var áherzla á, að kannað væri, hvort unnt væri að fá fyrirheit ríkisstjórnar um slíkar fjárveitingar, og taldi háskólaráð rétt, að ákvæði um takmörkun á aðgangi að læknanámi komi ekki til framkvæmdar, fyrr en með skrásetningu til náms háskólaárið 1969—1970. Í bréfinu var síðan óskað viðræðna við menntamálaráðherra um málið. Við fjárlagaafgreiðslu sumarið 1968 voru að vísu ekki bornar fram ákveðnar tillögur í sambandi við þetta mál, enda voru þær tillögur afgreiddar til ráðuneytis, er ofangreind ályktun var gerð. Hins vegar kom það fram almennt við úrlausn um fjárveitingatilmæli, að vegna fjárhagsástands þótti ekki fært að fallast á nýmæli í þeim tilmælum, nema þau er lytu að náttúrufræðikennslu. Á ósk um reglugerð um inntöku í læknadeild var minnt með bréfi Háskólans 30. des. 1968, og er m. a. bent á í bréfinu, að ef horfið verði að því ráði að setja reglugerð um takmörkun á aðgangi að læknadeild, ætti að gera

það hið fyrsta, „þar sem segja má, að sjöttubekkingar í menntaskólum eigi siðferðilegan rétt á að fá vitneskju um þetta efni ekki síðar en um miðjan vetur.“ Viðræður áttu sér stað milli forráðamanna læknadeildar og rektors annars vegar og ráðherra hins vegar í byrjun marz. Ráðherra óskaði þá eftir athugun á fylgni stúdentsprófseinkunna og einkunna á forprófum í læknisfræði. Fór sú athugun fram í marz. Í bréfi læknadeildar 31. marz 1969 til háskólaráðs voru enn áréttuð viðhorf deildarinnar og óskað atbeina háskólaráðs til þess að sett væru ákvæði, er takmörkuðu aðgang að deildinni. Var bréfið kynnt í háskólaráði sama dag, er það var ritað. Á fundi háskólaráðs 10. apríl skýrði forseti læknadeildar frá því, hvaða einkunnamörk læknadeild myndi velja, ef heimild væri veitt til setningar ákvæða um takmarkaðan aðgang að deildinni. Eftir miklar umræður lýsti rektor því, að hann myndi afgreiða málið að nýju til Menntamálaráðuneytis og árétta óskir háskólaráðs um, að ákvæði um takmörkun á aðgangi að læknadeild komi til framkvæmdar á sumri komanda, enda lægju ekki fyrir fjárveitingar til skjótra úrbóta m. a. í húsnæðismálum læknadeildar. Bréf Háskólans til menntamálaráðherra er frá 15. apríl 1969. Eftir ýmsar viðræður við ráðherra, var reglugerð um þetta efni staðfest 26. júní 1969. Er hún prentuð í XV. kafla hér að aftan. Þess skal getið, að af hálfu forseta læknadeildar var samin greinargerð um málið og birt í blöðum og kynnt í útvarpi og sjónvarpi.

Með bréfi 4. og 15. júlí 1969 til læknadeildar óskaði ráðuneytið, að fram færi athugun á því, hvort ekki væri unnt að láta próf í skólanum sjálfum skera úr um endanlega inntöku í læknadeild, þ. e. annaðhvort próf á fyrra misseri eða í síðasta lagi í lok síðara misseris eða jafnvel þannig, að stofnað yrði til sérstakra námskeiða fyrir læknanema á fyrsta ári í því skyni að fá grundvöll til inntöku þeirra. Sú athugun hófst þegar í stað og jafnframt ýmsar aðrar kannanir málsins, þ. á m. hvort tök væru á að láta nýja reglugerð um kennslu og nám

í deildinni taka gildi haustið 1969 og hver fjárútgjöld væru samfara hinu nýja fyrirkomulagi.

Sú niðurstaða varð, að læknadeild samþykkti, að leyfð yrði endurinnritun í deildina og sérstakur innritunarfrestur yrði auglýstur, og yrðu teknir í deildina jafnmargir stúdentar og gerlegt væri, miðað við aðstæður til að láta í té kennslu í efnafræði. Nýr skráningarfrestur í læknadeild var ákveðinn 3.—10. sept. 1969. Þá óskuðu alls 60 stúdentar skrásetningar auk þeirra 20, sem skrásettir voru í júlí.

Félagsstofnun stúdenta.

Háskólaráð lagði til, að Atli Hauksson yrði ráðinn endurskoðandi reikninga Félagsstofnunar stúdenta.

Á fundi háskólaráðs hinn 19. des. 1968 var gerð eftirfarandi ályktun út af byggingu stúdentaheimilis:

„Háskólaráð getur, eins og stúdentaheimilismálinu er komið, fallizt á að leggja nú fram 5,5 millj. króna til byggingar heimilisins, enda liggi þá fyrir yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um, að það, sem á vantar um fjármagn til heimilisins, komi úr ríkissjóði."

Bygging stúdentaheimilis.

Teikningar og líkan að heimilinu var sýnt á háskólaráðsfundi 18. október 1968. Háskólaráð taldi sig geta fallizt á ytri gerð hússins og staðsetningu, en taldi ekki ástæðu til að fjalla um innri gerð þess. Þá var ekki talið fært að fallast á hugmyndir um samgönguleiðir að húsinu, fyrr en heildstæð athugun á því máli lægi fyrir.

Byggingarframkvæmdir hófust um mánaðamót júlí—ágúst 1969.

Reglugerð fyrir stúdentagarðana.

Háskólaráð lét uppi umsögn um þau atriði í frumvarpi til

ofangreindrar reglugerðar, er varðar agabrot. Stjórn Félagsstofnunar stúdenta samdi reglugerðina, sem staðfest var af Menntamálaráðuneyti.

Ráðning stúdenta til takmarkaðra kennslustarfa.

Tilraun varð gerð með ofangreinda tilhögun í líffræði og í sifjarétti á háskólaárinu. Rektor ritaði deildum um þá hugmynd að ráða stúdenta til kennslustarfa í vissum tilvikum, og töldu allar deildir heppilegt að gera tilraun með það. Í fjárveitingatillögum sumarið 1969 var gert ráð fyrir slíkri kennslu.

Heilbrigðisþjónusta fyrir stúdenta.

Háskólaráð samþykkti hinn 5. des. 1968 að gangast fyrir skipun nefndar „til að kanna, hvernig heilbrigðisþjónustu við stúdenta verði bezt skipað og endurskoða gildandi ákvæði háskólareglugerðar um það efni. Tilnefni háskólaráð tvo fulltrúa, Stúdentaráð einn, Félagsstofnun stúdenta einn, og óskað verði eftir að Menntamálaráðuneyti tilnefni formann nefndarinnar."

Háskólaráð tilnefndi í nefndina prófessor Tómas Helgason og dr. med. Óla P. Hjaltested, Félagsstofnun stúdenta tilnefndi cand. med. Gunnar Sigurðsson, Stúdentaráð Háskólans tilnefndi stud. med. Pétur Lúðvíksson, en menntamálaráðherra skipaði Benedikt Tómasson, skólayfirlækni, formann nefndarinnar. Nefndin skilaði rækilegri álitsgerð og tillögum með bréfi 20. marz, og komu þær síðar til meðferðar í háskólaráði.

Málefni erlendra stúdenta við Háskóla Íslands.

Að undanförnu hefir stúdentafélagið Þjóðabandalagið látið til sín taka málefni erlendra stúdenta hér við Háskólann, og kennarar þeirra hafa einnig gert það, og rektor, er m. a. hefir ár hvert kvöldverðarboð fyrir þá á heimili sínu. Háskólaráð taldi æskilegt, að sérstök nefnd yrði skipuð til að vinna frekar að málefnum stúdentanna í samstarfi við Þjóðabandalagið og Stúdentaráð, og skyldi nefndin m. a. vinna að því að skapa

nánari tengsl milli erlendra og innlendra stúdenta og vinna að því, að erlendum stúdentum væri boðið á íslenzk heimili, eða þeir geti notið boðs og fyrirgreiðslu af hendi einstakra manna og félagssamtaka og yfirleitt fá tækifæri til að njóta þess helzta, sem býðist hér í menningarlegum og listrænum efnum. Nefndinni var einnig falið sérstaklega að kanna fjárhagslega aðstöðu erlendra stúdenta og hvort styrkir þeirra séu nægilega háir.

Háskólaráð kaus af sinni hálfu Baldur Jónsson, lektor, og Jónas Hallgrímsson, dósent, en Stúdentaráð tilnefndi að ósk háskólaráðs tvo menn í nefndina, þau Önnu Björgu Halldórsdóttur, stud. phil., og Ólaf H. Oddsson, stud. med.

Nám í byggingarverkfræði við tækniháskólana í Lundi og Stokkhólmi.

Af hálfu Háskólans var leitað eftir því við ofangreinda tækniháskóla, að þeir veittu viðtöku nokkrum stúdentum, er lokið hefðu fyrrihlutaprófi í byggingarverkfræði hér við Háskólann, til síðarahlutanáms. Var þessu máli vel tekið. Naut síðan við mikilvægs atbeina Menntamálaráðuneytisins við að koma þessu máli í höfn. Fóru fyrstu stúdentarnir til tækniháskólanna tveggja haustið 1969.

Fé til frjálsrar rannsóknarstarfsemi.

Í úthlutunarnefnd til tveggja ára voru kosnir hinn 7. ágúst 1969 prófessorarnir Halldór Halldórsson, Loftur Þorsteinsson og Tómas Helgason.

Ráðning sérfræðinga að Raunvísindastofnun Háskólans.

Háskólaráð fjallaði um málið á fundi 26. júní 1969 og taldi sig ekkert hafa við tillögur stjórnar stofnunarinnar að athuga, en óskaði eftir að ákvæði um kennslu sérfræðinganna verði tekin í ráðningarsamning.

Prófgjaldasjóður.

Nokkur bréfaskipti urðu milli Menntamálaráðuneytis og Háskólans út af málefnum sjóðsins, og lét háskólaráð í ljós þá skoðun í ályktun hinn 18. október 1968, að eðlilegast væri að óbreyttar reglur giltu um ráðstöfun fjár úr sjóðnum. Með bréfi ráðuneytisins hinn 10. okt. 1968 var lagt fyrir háskólaráð að semja í upphafi árs áætlun um úthlutun fjár úr sjóðnum og fá samþykki ráðuneytisins á þá áætlun. Samþykkt var að ráðstafa því fé, er kæmi í hlut sjóðsins vegna árlegrar skrásetningar stúdenta, til styrktar félagsstarfsemi stúdenta.

Almanakssjóður.

Þjóðvinafélaginu var veittur styrkur allt að 100.000,00 kr. til ýmiss konar sérfræðilegrar vinnu við gerð almanaks.

Gjafir.

Með bréfi 11. des. 1968 sendu hjónin Sigríður og Valdimar Gíslason, Wynyard, Saskatchewan, Háskólanum að gjöf hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands að fjárhæð kr. 7.500,00. Er gjöf þessi til minningar um son þeirra hjóna, Valdimar, sem átti bréfin, en hann lézt í bílslysi 11. okt. s.l. Bréfin hafa verið lögð við Háskólasjóð Eimskipafélags Íslands.

IBM-fyrirtækið afhenti Raunvísindastofnun Háskólans til afnota endurgjaldslaust IBM 1443 hraðrita.

Prof. Paul S. Bauer hefir afhent Raunvísindastofnun 2000 dali, og verður Paul S. Bauer — styrkþegi næsta háskólaár Þorbjörn Karlsson, eðlisverkfræðingur.

Norðmannsgjöf.

Hinn 8. maí 1969 kaus háskólaráð stjórnarnefnd til fjögurra ára. Þessir eiga sæti í henni: Ármann Snævarr, rektor, prof. Hreinn Benediktsson og Broddi Jóhannesson, skólastjóri.

Happdrætti Háskólans.

Í apríl samþykkti Alþingi frumvarp til breytinga á happ-

drættislögum, en samkvæmt hinum nýju lögum er heimilt að stofna nýjan flokk, C-flokk, til viðbótar A- og B-flokkum, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út (1—65000). Reikningar happdrættis og greinargerð stjórnarformanns um afkomu þess voru kynnt á fundi háskólaráðs 8. maí 1969. Háskólaráð endurkaus í stjórn happdrættisins prófessorana Ármann Snævarr, Halldór Halldórsson og Þóri Kr. Þórðarson. Endurskoðendur voru endurkosnir Atli Hauksson, löggiltur endurskoðandi, og próf. Björn Magnússon.

35 ára afmæli Happdrættis Háskólans.

Hinn 10. marz 1969 voru liðin 35 ár síðan dráttur fór fram í fyrsta skipti í happdrætti Háskólans. Hefir happdrættið verið Háskólanum mjög mikilvægt, enda er nálega allt fjárfestingarfé Háskólans þaðan komið.

Háskólabíó.

Reikningar bíósins og greinargerð stjórnarformanns voru kynnt háskólaráði hinn 7. ágúst 1969. Stjórn þess var endurkjörin til eins árs, svo og endurskoðendur. Í stjórn eiga sæti: Prófessor Árni Vilhjálmsson, formaður, dr. Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra, og prófessorarnir Magnús Már Lárusson og Ólafur Jóhannesson. Endurskoðendur eru prófessor Ólafur Björnsson og prófessor Þórir Kr. Þórðarson.

Endurskoðendur háskólareikninga 1968

voru kjörnir hinn 7. ágúst 1969 prófessorarnir Árni Vilhjálmsson og Guðlaugur Þorvaldsson.

Ýmsir fundir.

Kennarafundir voru haldnir 17. okt., 7. febrúar, 24. febrúar og 28. apríl. Á síðasta fundinum voru gerðar ýmsar ályktunartillögur, er undirbúnar voru af nefnd, sem kosin var á fundi 7. febrúar. Til þess fundar var boðað að áeggjan ýmissa háskólakennara.

Rektor hélt eftir áramót fundi með hverri einstakri deild Háskólans um málefni deildar og Háskólans í heild. Sérstaklega voru til umræðu nýjar námsleiðir, þörf á auknu starfsliði og bættri vinnuaðstöðu kennara, svo og breyttar kennsluaðferðir.

Ljósritunarvél af Apeco-gerð.

Ljósritunarvél af Apeco-gerð hefir verið keypt og staðsett í háskólabókasafni. Sérstakar reglur hafa verið settar um notkun vélarinnar.

Varðveizla sérefnisritgerða.

Háskólaráð féllst á reglur um þetta efni, er bókasafnsnefnd hafði samið. Samkvæmt þeim er skylt að skila sérefnisritgerðum til kandídatsprófa og ritgerðum til þriðja stigs prófs í B.A.-greinum og viðlíka mikilvægum heimaritgerðum vélrituðum í svo mörgum eintökum, sem nægjanlegt er að mati deildar, og í tveimur eintökum hið fæsta. Er a. m. k. eitt eintak varðveitt á háskólabókasafni og skráð þar. Sérstakar reglur eru um lán á ritgerðum á safni o. fl.

Skrifstofa Háskólans.

Frú Ásgerður Ágústsdóttir lét að eigin ósk af starfi sem ritari rektors frá 1. des. 1968, en við tók ungfrú Sólveig Wendel.

Jólasöngvar.

Hinn 19. des. 1968 komu stúdentar og kennarar saman til jólasöngs í kapellu Háskólans, svo sem verið hefir siður í mörg ár. Prófessor Björn Magnússon las jólaguðspjallið og lagði út af því.

V. KENNARAR HÁSKÓLANS

Kennarar í guðfræðideild og kennslugreinar þeirra:

Prófessorar:

Björn Magnússon: Kristileg siðfræði, kennimannleg guðfræði (helgisiðafræði, sálgæzlufræði, trúkennslufræði, verklegar æfingar í barnaspurningum), Nýjatestamentisfræði (guðfræði Nýja testamentisins, ritskýring Jóhannesarguðspjalls og Jóhannesarbréfa, Hebreabréf, samtíðarsaga Nýjatestamentisins), æfingar í bréfa- og skýrslugerð presta.

Dr. *Þórir Kr. Þórðarson:* Gamlatestamentisfræði (ritskýring, trúarsaga Ísraels, Inngangsfræði Gamla testamentisins, Ísraelssaga), Nýjatestamentisfræði (ritskýring samstofna guðspjallanna, hirðisbréfa, Pétursbréfa og Jakobsbréfa), hebreska.

Jóhann Hannesson: Kristileg trúfræði, almenn trúarbragðafræði, kennimannleg guðfræði (prédikunarfræði, verklegar æfingar í ræðugerð), Nýjatestamentisfræði (ritskýring Opinberunarbókarinnar), trúarlærdómssaga.

Dósentar:

Dr. phil. *Róbert A. Ottósson:* Lítúrgisk söngfræði.

Jón Sveinbjörnsson: Gríska.

Aukakennari:

Síra *Frank M. Halldórsson:* Leiðbeindi um sunnudagaskólahald.

Stúdentum guðfræðideildar var gefinn kostur á að sækja kennslustundir próf. Magnúsar Más Lárussonar í heimspekideild.

Kennarar í læknadeild og kennslugreinar þeirra:

Í *læknisfræði:*

Prófessorar:

Jón Steffensen: Líffærafræði, vefjafræði, fósturfræði.

Júlíus Sigurjónsson, dr. med.: Heilbrigðisfræði.

Snorri Hallgrímsson, dr. med.: Handlæknisfræði.

Sigurður Samúelsson, dr. med.: Lyflæknisfræði.

Davíð Davíðsson: Lífefnafræði.

Dr. *Steingrímur Baldursson:* Efnafræði.

Tómas Helgason, dr. med.: Geð- og taugasjúkdómafræði.

Dr. *Jóhann Axelsson:* Líffræðilisfræði.

Ólafur Bjarnason, dr. med.: Sjúkdómafræði, meinafræði og réttarlæknisfræði.

Gísli Fr. Petersen, dr. med.: Geislalækningar og röntgenskoðun.

Pétur H. J. Jakobsson: Fæðingarhjálp, kvensjúkdómafræði.

Þorkell Jóhannesson, dr. med.: Lyfjafræði, eiturefnafræði.

Dósentar:

Arinbjörn Kolbeinsson: Sýklafræði.

Friðrik Einarsson, dr. med.: Handlæknisfræði.

Hannes Þórarinsson: Húð- og kynsjúkdómafræði.

Haukur Kristjánsson: Handlæknisfræði.

Hjalti Þórarinsson: Handlæknisfræði.

Jónas Hallgrímsson: Meinafræði.

Kjartan R. Guðmundsson: Taugasjúkdómafræði.

Kristbjörn Tryggvason: Barnasjúkdómafræði.

Kristján Sveinsson: Augnsjúkdómafræði.

Sigmundur Magnússon: Blóðsjúkdómafræði.

Snorri P. Snorrason: Lyflæknisfræði.

Stefán Ólafsson: Háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði.

Theódór Skúlason: Lyflæknisfræði.

Valtýr Bjarnason: Sæfingar og deyfingar.

Lektorar:

Hrafn Tulinius: Meinafræði.

Hrafnkell Helgason: Berklaveiki.

Aukakennarar:

Prófessor *Jón Sigtryggsson:* Tannsjúkdómar.

Jón O. Edwald, cand. pharm.: Lyfjagerðarfræði, verðlagning lyfja.

Bjarni Jónsson, dr. med.: Bæklunarsjúkdómafræði.

Margrét Guðnadóttir, læknir: Veirufræði.

Valtýr Albertsson, læknir: Endókrínólógía.

Atli Ásbergsson, efnaverkfræðingur: Efnafræðirannsókn.

Dr. *Guðmundur Guðmundsson:* Efnafræðirannsókn.

Gunnlaugur Elísson, efnafræðingur: Efnafræðirannsókn.

Hörður Þormar, efnafræðingur: Efnafræðirannsókn.

Sigurður R. Guðmundsson, efnaverkfræðingur: Efnafræðirannsókn.

Sigurður V. Hallsson, efnaverkfræðingur: Efnafræðirannsókn.

Þorsteinn Þorsteinsson, mag. scient.: Verkleg lífefnafræði.

Í *tannlækningum:*

Prófessorar:

Jón Sigtryggsson: Tannlæknisfræði.

Örn B. Pétursson, settur prófessor: Tannsmíði, krónu- og brúargerð.

Dósent:

Bjarni Konráðsson: Líffærafræði.

Aukakennarar:

Arinbjörn Kolbeinsson, dósent: Sýkla- og ónæmisfræði.

Árni Björnsson, læknir: Almenn handlæknisfræði.

Baldur Johnsen, læknir: Lífeðlisfræði.

Elín Ólafsdóttir, B. Sc.: Lífefnafræði.

Guðjón Axelsson, tannlæknir: Gervitannagerð.

Guðmundur Hraundal, tanntæknir: Tanntækni, efnisfræði.

Jóhann Finnsson, tannlæknir: Tannholdssjúkdómafræði, almennar tannlækningar.

Jón Þorsteinsson, læknir: Lyflæknisfræði.

Jónas Thorarensen, tannlæknir: Tæknifræði.

Kolbeinn Kristófersson, yfirlæknir: Röntgenfræði.

Rósar Eggertsson, tannlæknir: Tæknifræði.

Þorkell Jóhannesson, prófessor: Lyfjafræði, lífefnafræði.

Þórarinn Sveinsson, læknir: Almenn sjúkdómafræði.

Þórður Eydal Magnússon, tannlæknir: Tannrétting.

Í *lyfjafræði lyfsala:*

Jón O. Edwald, settur dósent: Lyfjafræði, lyfjagerð.

Aukakennarar:

Ingólfur Davíðsson, mag. scient: Grasafræði.

Óskar Bjarnason, efnaverkfræðingur: Verkleg efnafræði.

Valdimar Hergeirsson, cand. oecon.: Rekstrarfræði lyfjabúða.

Dr. *Vilhjálmur Skúlason:* Galensk lyfjagerð, lyflýsingarfræði.

Kennarar í lagadeild og kennslugreinar þeirra:

Prófessorar:

Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur, þjóðaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur.

Ármann Snævarr: Sifja-, erfða- og persónuréttur, refsiréttur. Hafði lausn undan kennsluskyldu í refsirétti, en þá kennslu annaðist *Valdimar Stefánsson,* saksóknari ríkisins.

Theódór B. Líndal: Réttarfar, raunhæft lögfræðiverkefni.

Magnús Þ. Torfason: Kröfuréttur (þ. á m. samningar og skaðabótaréttur), sérstaki hluti kröfuréttarins (námskeið), sjóréttur.

Þór Vilhjálmsson: Réttarfar, réttarsaga.

Lektorar:

Gaukur Jörundsson: Fjármunaréttur.

Jónatan Þórmundsson: Opinbert réttarfar, afbrotafræði.

Sigurður Líndal: Almenn lögfræði.

Aukakennarar:

Valdimar Hergeirsson, cand. oecon.: Bókfærsla.

Ólafur Björnsson, prófessor: Þjóðhagfræði.

Ragnhildur Ásgeirsdóttir: Námskeið í vélritun.

Guðmundur Skaftason: Námskeið í skattarétti.

Kennarar í viðskiptadeild og kennslugreinar þeirra:

Prófessorar:

Ólafur Björnsson: Þjóðhagfræði, haglýsing.

Árni Vilhjálmsson: Rekstrarhagfræði, reikningshald, sérgreind rekstrarhagfræði.

Guðlaugur Þorvaldsson: Rekstrarhagfræði, hagrannsóknir, hagræn landafræði, opinber stjórnsýsla.

Guðmundur Magnússon: Rekstrarhagfræði, markaðsrannsóknir, sala, fyrirtækið og þjóðfélagið.

Dósentar:

K. Guðmundur Guðmundsson: Tölfræði, viðskiptareikningur.

Guðmundur Skaftason, settur dósent: Skattskil.

Aukakennarar:

Alan E. Boucher, Ph.D., dósent: Viðskiptaenska.

Gísli Einarsson, cand. oecon.: Skrifstofustörf.

Jón Erlingur Þorlákssón, cand. act.: Stærðfræði.

Valdimar Hergeirsson, cand. oecon.: Bókfærsla.

Ragnhildur Ásgeirsdóttir: Námskeið í vélritun.

Kennarar í heimspekideild og kennslugreinar þeirra:

Prófessorar:

Dr. phil. & litt. & jur. & litt. isl. *Sigurður Nordal:* Án kennsluskyldu.

Dr. phil & litt., fil. dr. *Einar Ól. Sveinsson:* Án kennsluskyldu.

Dr. phil. *Símon Jóh. Ágústsson:* Forspjallsvísindi (sálarfræði, rökfræði), uppeldisleg sálarfræði.

Dr. phil. *Steingrímur J. Þorsteinsson:* Íslenzkar bókmenntir eftir 1350. Æfingar í textaskýringum og bókmenntasögu með erlendum stúdentum.

Magnús Már Lárusson: Saga Íslands fyrir siðaskipti.

Dr. phil. *Halldór Halldórsson:* Íslenzk málfræði (hljóðfræði, setningafræði, merkingarfræði, beygingafræði). Æfingar í íslenzkri málfræði og þýðingum með erlendum stúdentum.

Dr. phil. *Matthías Jónasson:* Uppeldisfræði, saga uppeldisfræðinnar, kennslufræði.

Dr. phil. *Hreinn Benediktsson:* Íslenzk málfræði (hljóðsaga, forngermönsk mál), almenn málvísindi. Hafði leyfi frá kennslu þetta háskólaár. Í stað hans kenndi *Baldur Jónsson,* lektor.

Þórhallur Vilmundarson: Saga Íslands eftir siðaskipti.

Dr. phil. *Bjarni Guðnason:* Íslenzkar bókmenntir fyrri alda. Æfingar í textaskýringum og bókmenntasögu með erlendum stúdentum.

Ólafur Hansson: Mannkynssaga.

Ian J. Kirby, settur prófessor: Enska.

Lektorar:

Baldur Jónsson: Íslenzk málfræði og málsaga. Var settur staðgengill próf. *Hreins Benediktssonar* þetta háskólaár. Í stað hans kenndi *Svavar Sigmundsson,* cand. mag.

Bergsteinn Jónsson: Mannkynssaga, Íslandssaga.

Helgi Guðmundsson: Íslenzk málfræði og málsaga.

Óskar Halldórsson: Íslenzk bókmenntasaga.

Sveinn Skorri Höskuldsson: Íslenzk bókmenntasaga.

Dósentar:

Alan E. Boucher, Ph.D.: Enska.

Árni Böðvarsson, settur dósent: Almenn málvísindi og hljóðfræði.

Magnús G. Jónsson: Franska.

Aukakennarar:

Ásgeir Blöndal Magnússon, cand. mag.: Gotneska.

Auður Þórðardóttir, M.A.: Latína.

Dr. phil. *Björn Sigfússon,* háskólabókavörður: Bókasafnsfræði og handritalestur.

Einar Sigurðsson, cand. mag.: Prentlistarsaga, bókfræði.

Garðar Ingvarsson, Dipl. Volksw.: Landafræði.

Grethe Benediktsson, mag. art.: Danska.

Gylfi Már Guðbergsson, M.A.: Landafræði.

Jón Guðnason, cand. mag.: Norðurlandasaga.

Jón Júlíusson, fil. kand.: Latína.

Jón Sveinbjörnsson, dósent: Gríska.

Kjartan Gíslason, dr. phil.: Þýzka.

Kristín H. Pétursdóttir, M.A.: Bókasafnsfræði.

Ólafur Hjartar, B.A.: Bókasafnsfræði.

Ottó Jónsson, M.A.: Enska.

Silja Aðalsteinsdóttir, B.A.: Íslenzka fyrir erlenda stúdenta.

Arnold R. Taylor, Ph.D.: Ensk málsaga (vormisseri).

Sendikennarar:

Sven Magnus Orrsjö, fil. mag.: Sænska.

Dr. phil. *Johann H. J. Runge:* Þýzka.

Prófessor *Robert G. Cook:* Enska.

Preben Meulengracht Sörensen: Danska.

Juha Kalervo Peura, hum. kand.: Finnska.
Jacques Raymond, CAPES: Franska.
Hróbjartur Einarsson, cand. philol.: Norska.

Kennarar í verkfræðideild og kennslugreinar þeirra:

Prófessorar:
Dr. *Leifur Ásgeirsson:* Stærðfræði.
Dr. *Trausti Einarsson:* Aflfræði, jarðfræði.
Þorbjörn Sigurgeirsson: Eðlisfræði.
Magnús Magnússon: Eðlisfræði.
Loftur Þorsteinsson: Burðarþolsfræði, landmælingafræði, teiknun.
Dr. *Sigurður Þórarinsson,* settur prófessor: Jarðfræði, landafræði.

Dósentar:
Björn Bjarnason: Algebra, rúmfræði.
Dr. *Halldór I. Elíasson:* Stærðfræði.
Sigurkarl Stefánsson: Rúmfræði, teiknifræði.
Guðmundur Björnsson: Vélfræði.

Aukakennarar:
Aðalsteinn Jónsson, civ. ing.: Verklegar æfingar í efnafræði.
Dr. *Ágúst Valfells:* Efnisfræði.
Axel Carlquist, dipl. phys.: Verkleg eðlisfræði.
Bragi Árnason, efnafræðingur: Efnafræði.
Björn Kristinsson, dipl. ing.: Raftækni.
Eiríkur Einarsson, húsameistari: Húsagerð.
Dr. *Guðmundur Eggertsson:* Líffræði.
Haraldur Ágústsson, teiknikennari: Teiknun.
Haraldur Ásgeirsson, verkfræðingur: Efnisfræði.
Haukur S. Tómasson, fil. kand.: Verklegar æfingar í landafræði.
Helgi Sigvaldason, lic. techn.: Hagnýtt stærðfræði.
Jóhannes Guðmundsson, cand. polyt.: Burðarþolsfræði.
Jón B. Hafsteinsson, dipl. ing.: Vélfræði.
Leó Kristjánsson, M. Sc.: Eðlisfræði.
Dr. *Oddur Benediktsson:* Hagnýtt stærðfræði.

Ottó Björnsson, cand. stat.: Stærðfræði.
Dr. *Ragnar Ingimarsson:* Efnisfræði.
Sigfinnur Sigurðsson, Dipl. Volksw.: Hagfræði.
Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur: Verkleg eðlisfræði.
Þórir Einarsson, cand. oecon.: Félagsfræði.
Þorsteinn Þorsteinsson, mag. scient.: Líffræði.
Þorvaldur Búason, mag. scient.: Eðlisfræði.
Örn Helgason, eðlisfræðingur: Eðlisfræði.

Háskólabókavöður: Dr. phil. *Björn Sigfússon.*
Aðstoðarbókavörður: *Einar Sigurðsson,* cand. mag.
Háskólaritari: *Jóhannes L. L. Helgason,* cand. jur.
Starfsfólk í skrifstofu Háskólans:
Fulltrúi: *Erla Elíasdóttir,* B.A.
Gjaldkeri: *Ólafur Magnússon.*
Ritari rektors: *Sólveig Wendel.*
Skrifstofustúlkur: *Ásta Benediktsdóttir, Jóhanna Bjarnadóttir.*

Íþróttakennari: *Valdimar Örnólfsson,* fimleikastjóri.
Umsjónarmaður: *Elísabet Jónsdóttir.*

VI. STÚDENTAR HÁSKÓLANS

Guðfræðideild

I. *Eldri stúdentar:*

1. Birgir Ásgeirsson. 2. Einar G. Jónsson. 3. Einar Sigurbjörnsson. 4. Gylfi Jónsson. 5. Guðmundur Óskar Ólafsson. 6. Gunnar Björnsson. 7. Gunnar Kristjánsson. 8. Halldór Sigurðsson Gröndal. 9. Jakob Ágúst Hjálmarsson. 10. Jón Þorsteinsson. 11. Karl Sigurbjörnsson. 12. Ólafur Oddur Jónsson. 13. Ólafur Jens Sigurðsson. 14. Páll Þórðarson. 15. Sigurður Helgi

Guðmundsson. 16. Sigurður Sigurðarson. 17. Sigurður Örn Steingrímsson. 18. Sveinbjörn S. Bjarnason. 19. Úlfar Guðmundsson. 20. Valgeir Ástráðsson.

II. *Skrásettir á háskólaárinu:*

Skrásettir í upphafi haustmisseris:

21. Árni Bergur Sigurbjörnsson, f. að Breiðabólsstað, Snæfellsn.s. 24. jan. 1941. For.: Sigurbjörn Einarsson biskup og Magnea Þorkelsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.02.
22. Finnbogi Hermannsson, f. í Reykjavík 20. sept. 1945. For.: Hermann Guðlaugsson húsgagnasmiður og Valborg Finnbogadóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: II. 6.81.
23. Gunnþór Ingason, f. á Norðfirði 9. sept. 1948. For.: Ingi Jónsson sölustjóri og Petrína Magnúsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.80.
24. Jón Aðalsteinn Baldvinsson, f. að Ófeigsstöðum, S-Þing., 17. júní 1946. For.: Baldvin Grani Baldursson og Sigrún Jónsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: III. 5.86.
25. Kjartan Örn Sigurbjörnsson, f. á Siglufirði 23. okt. 1948. For.: Sigurbjörn Sveinsson og Guðrún Þorbjörnsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: II. 6.60.
26. Kristján Valur Ingólfsson, f. að Dal, S-Þing., 28. okt. 1947. For.: Ingólfur Benediktsson og Hólmfríður Björnsdóttir. Stúdent 1968 (L). Einkunn: I. 7.30.
27. Matthías Jón Þorsteinsson, f. á Hólmavík 29. okt. 1942. For.: Þorsteinn Matthíasson kennari og Jófríður Jónsdóttir. Stúdent 1963 (A). Einkunn: II. 6.70.
28. Sigfinnur Þorleifsson, f. í Reykjavík 1. sept. 1949. For.: Þorleifur Jónsson sveitarstjóri og Hrefna Eggertsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 7.18.

Skrásettur í upphafi vormisseris:

29. Hörður Þorkell Ásbjörnsson, f. í Reykjavík 21. sept. 1939. For.: Ásbjörn Þorkelsson vélstjóri og Magnhildur Lyngdal. Stúdent 1958 (V). Einkunn: II. 5.46.

Læknadeild

A. Læknisfræði.

I. *Eldri stúdentar:*

1. Alexander E. Valdimarsson. 2. Anna Inger Eydal. 3. Ari Jón Jóhannesson. 4. Arnar Ásgeirsson. 5. Árni Yngvason. 6. Árni V. Þórsson. 7. Ásbjörn Karlsson. 8. Ásgeir Theódórs. 9. Ástráður B. Hreiðarsson. 10. Auðbergur Jónsson. 11. Bergþóra Ragnarsdóttir. 12. Björgvin M. Óskarsson. 13. Björn Árdal. 14. Björn Ívar Karlsson. 15. Björn Magnússon. 16. Björn Már Ólafsson. 17. Björn Sigurðsson. 18. Brynja R. Guðmundssdóttir. 19. Brynjólfur Á. Mogensen. 20. Edda Sigrún Björnsdóttir. 21. Egill Þ. Einarsson. 22. Einar Hjaltason. 23. Einar Jónsson. 24. Einar G. Norðfjörð. 25. Einar Oddsson. 26. Einar Sindrason. 27. Einar Már Valdimarsson. 28. Eiríkur Benjamínsson. 29. Erlendur Baldursson. 30. Friðrik H. Ólafsson. 31. Friðrik Páll Jónsson. 32. Geir Friðgeirsson. 33. Geir Ólafsson. 34. Gestur Ingvi Pálsson. 35. Gylfi Haraldsson. 36. Grétar Guðmundsson. 37. Guðbrandur Þ. Kjartansson. 38. Guðjón Magnússon. 39. Guðmundur S. Bragason. 40. Guðmundur M. Jóhannesson. 41. Guðmundur B. Jóhannsson. 42. Guðmundur Ólafsson. 43. Guðmundur Óskarsson. 44. Guðmundur Stefánsson. 45. Guðmundur Viggósson. 46. Guðmundur Þorgeirsson. 47. Gunnar Kristján Aðalsteinsson. 48. Gunnar H. Antonsson. 49. Gunnar Þór Jónsson. 50. Gunnar Valtýsson. 51. Hafsteinn Skúlason. 52. Hafsteinn Sæmundsson. 53. Halldór Baldursson. 54. Hallgrímur Benediktsson. 55. Haraldur Briem. 56. Haraldur Ó. Tómasson. 57. Haukur Heiðar Ingólfsson. 58. Helga Hannesdóttir. 59. Helgi Hauksson. 60. Helgi J. Ísaksson. 61. Hildur Viðarsdóttir. 62. Hilmar Þór Hálfdanarson. 63. Hjálmar Freysteinsson. 64. Hjalti A. Björnsson. 65. Hjörtur Ingólfsson. 66. Hlédís Guðmundsdóttir. 67. Hrafnhildur Lárusdóttir. 68. Högni Óskarsson. 69. Hörður Alfreðsson. 70. Hörður Bergsteinsson. 71. Ingimundur

Gíslason. 72. Ingunn H. Sturlaugsdóttir. 73. Ingþór Friðriksson. 74. Jakob Úlfarsson. 75. Jens Albert Guðmundsson. 76. Jóakim Sverrir Ottósson. 77. Jóhann Guðmundsson. 78. Jóhann Heiðar Jóhannsson. 79. Jóhann Ragnar Ragnarsson. 80. Jóhannes M. Gunnarsson. 81. Jóhannes B. Helgason. 82. Jóhannes Magnússon. 83. Jón Eldon. 84. Jón Friðriksson. 85. Jón E. Gunnlaugsson. 86. Jón Snorri Halldórsson. 87. Jón Friðberg Hjartarson. 88. Jón R. Kristinsson. 89. Jón Sigurðsson. 90. Jón Baldvin Stefánsson. 91. Jónas H. Franklín. 92. Jósep Örn Blöndal. 93. Jósef Skaftason. 94. Margrét Snorradóttir. 95. Júlíus Gestsson. 96. Karl Haraldsson. 97. Karl Örn Karlsson. 98. Katrín Fjeldsted. 99. Kristinn P. Benediktsson. 100. Kristinn E. Eyjólfsson. 101. Kristján Arinbjarnarson. 102. Kristján Gunnarsson. 103. Kristján T. Ragnarsson. 104. Kristján R. Róbertsson. 105. Kristján Sigurðsson. 106. Kristján Steinsson. 107. Kristófer Þorleifsson. 108. Kristrún R. Benediktsdóttir. 109. Lars Kjetland. 110. Leifur N. Dungal. 111. Lúðvíg Guðmundsson. 112. Lúðvík Ólafsson. 113. Magni S. Jónsson. 114. Magni Steinsson. 115. Magnús B. Einarson. 116. Magnús Jóhannsson. 117. Margrét Georgsdóttir. 118. María L. Einarsdóttir. 119. Matthías E. Halldórsson. 120. Niels Chr. Nielsen. 121. Oddur Eiríksson. 122. Ólafur Grímur Björnsson. 123. Ólafur Eyjólfsson. 124. Ólafur G. Guðmundsson. 125. Ólafur Hergill Oddsson. 126. Ólafur Ólafsson. 127. Ólafur Steingrímsson. 128. Óskar Jónsson. 129. Páll Jörgen Ammendrup. 130. Páll Eiríksson. 131. Pálmi Frímannsson. 132. Pétur Lúðvígsson. 133. Pétur Ingvi Pétursson. 134. Ragnar A. Finnsson. 135. Ragnar Sigurðsson. 136. Ragnheiður Ólafsdóttir. 137. Reynir Tómas Geirsson. 138. Reynir Þorsteinsson. 139. Sighvatur Snæbjörnsson. 140. Sigmundur Sigfússon. 141. Sigríður K. Ragnarsdóttir. 142. Sigurður K. Pétursson. 143. Sigurður V. Sigurjónsson. 144. Sigurður Sverrisson. 145. Sigurður Þorgrímsson. 146. Sigurjón Sigurðsson. 147. Sigurjón B. Stefánsson. 148. Skúli Bjarnason. 149. Soili Irmeli Erlingsson. 150. Stefán Heiðar Brynjólfsson. 151. Stefán J. Helgason. 152. Stefán Jóhann Hreiðarsson. 153. Stefán Bergmann Matthíasson. 154. Steinn Grétar Kjartansson. 155. Sturla Stefáns-

son. 156. Svavar Haraldsson. 157. Sveinn Már Gunnarsson. 158. Sveinn Rúnar Hauksson. 159. Tómas Zoëga. 160. Unnur B. Pétursdóttir. 161. Viðar Strand. 162. Vigfús Ö. Þorsteinsson. 163. Vilhjálmur Rafnsson. 164. Þengill Oddsson. 165. Þórarinn Arnórsson. 166. Þórarinn E. Sveinsson. 167. Þórarinn Tyrfingsson. 168. Þórður Theódórsson. 169. Þórður M. Þórðarson. 170. Þórir Dan Björnsson. 171. Þorkell Bjarnason. 172. Þorkell Guðbrandsson. 173. Þorsteinn Blöndal. 174. Þorsteinn Gíslason. 175. Þráinn Rósmundsson. 176. Nils Oskar Gustavii. 177. Vidar Toreid. 178. Rein Knoph. 179. Odd Arnold Kildahl-Andersen. 180. Elling Alvik. 181. Jostein Asmervik. 182. Sigrun Thorleifsdatter Andenæs. 183. Arve Bang-Kittilsen. 184. Gunnar Wiig. 185. Kirsti H. Óskarsson.

II. *Skrásettir á háskólaárinu:*

Skrásettir í upphafi haustmisseris:

186. Aðalsteinn Þórðarson, f. í Reykjavík 18. okt. 1945. For.: Þórður J. Pálsson kennari og Guðný Eiríksdóttir. Stúdent 1966 (R). Einkunn: III. 5.34.
187. Ágúst Þór Jónsson, f. í Reykjavík 29. maí 1949. For.: Jón Kristgeirsson kennari og Kristín Tómasdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.58.
188. Ágúst Jósefsson, f. í Hafnarfirði 8. ágúst 1948. For.: Guðni Jósef Markússon trésmiður og Guðríður Björnsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.49.
189. Ágúst Sigurðsson, f. á Blönduósi 5. maí 1945. For.: Sigurður Þorbjörnsson bóndi og Valgerður Ágústsdóttir. Stúdent 1966 (A). Einkunn: III. 5.72.
190. Albert Finnur Jónsson, f. á Suðureyri, Súgandafirði, 13. júlí 1947. For.: Jón Valdemarsson verzlunarmaður og Guðjóna Albertsdóttir. Stúdent 1967 (A). Einkunn: I. 7.25.
191. Andrés Sigvaldason, f. í Reykjavík 26. júní 1948. For.: Sigvaldi Andrésson verkamaður og Kristrún A. Bjarnadóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.87.
192. Ari H. Ólafsson, f. í Reykjavík 10. des. 1946. For.: Ólafur

Björnsson prófessor og Guðrún Aradóttir. Stúdent 1966 (R). Einkunn: II. 6.93.

193. Arnar Hauksson, f. í Reykjavík 9. nóv. 1947. For.: Haukur Oddsson og Sigríður Anna Magnúsdóttir. Stúdent 1968 (V). Einkunn: I. 7.17.
194. Ásbjörn Sigfússon, f. í Hafnarfirði 13. des. 1948. For.: Sigfús S. Magnússon fiskimatsmaður og Sigurást Ásbjörnsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.91.
195. Atli Magnússon, f. á Súðavík 26. júlí 1944. For.: Magnús Grímsson skipstjóri og Kristjana K. Skagfjörð. Stúdent 1965 (R). Einkunn: 6.60.
196. Auður Haraldsdóttir, f. í Reykjavík 7. marz 1949. For.: Haraldur Sigurðsson múrari og Herdís Guðjónsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.52.
197. Birgir Guðjónsson, f. á Sauðárkróki 21. maí 1948. For.: Guðjón Ingimundarson kennari og Ingibjörg Kristjánsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: II. 7.14.
198. Birgir Jakobsson, f. í Reykjavík 21. marz 1948. For.: Jakob Tryggvason kaupmaður og Ragnheiður Jónsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.09.
199. Bjarni Pétur Magnússon, f. í Reykjavík 22. marz 1948. For.: Magnús B. Pétursson umsjónarmaður og Halldóra K. L. Bjarnadóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: III. 5.84.
200. Bjarni Grétar Ólafsson, f. í Hafnarfirði 10. nóv. 1948. For.: Ólafur Örnólfsson loftskeytamaður og Kristín Ingvarsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.41.
201. Björn B. Johnsen, f. í Reykjavík 23. sept. 1936. For.: Baldur Johnsen læknir og Jóhanna Jóhannsdóttir. Stúdent 1957 (A). Einkunn: I. 7.66.
202. Björn Magnússon, f. í Reykjavík 24. febr. 1947. For.: Magnús Pétursson og Sigríður G. Guðbrandsdóttir. Stúdent 1968 (L). Einkunn: II. 7.07.
203. Brynja Dís Runólfsdóttir, f. í Reykjavík 27. maí 1948. For.: Runólfur Jónsson og Þórdís Magnúsdóttir. Stúdent 1968 (V). Einkunn: I. 6.65.
204. Börkur Trausti Aðalsteinsson, f. í Reykjavík 20. febr. 1948.

For.: Aðalsteinn Ó. Þórarinsson kaupmaður og Árný Snæbjörnsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.30.

205. Edward V. Kiernan, f. í Reykjavík 6. marz 1947. For.: Stanley Kiernan forstjóri og Maren I. Nielsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.45.
206. Einar Árnason, f. í Reykjavík 26. júní 1948. For.: Árni Einarsson framkvæmdastjóri og Hlín Ingólfsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.96.
207. Einar Thoroddsen, f. í Stokkhólmi 6. sept. 1948. For.: Skúli Thoroddsen læknir og Drífa Viðar. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.72.
208. Erling Ólafsson, f. í Reykjavík 3. marz 1947. For.: Ólafur H. Guðlaugsson og Lilja Þórarinsdóttir. Stúdent 1968 (V). Einkunn: I. 6.60.
209. Friðfinnur Sigurðsson, f. í Hafnarfirði 9. jan. 1949. For.: Sigurður Arnórsson trésmiður og Guðbjörg Friðfinnsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.23.
210. Friðrik Jónsson, f. í Reykjavík 10. jan. 1947. For.: Jón Friðriksson og Þorgerður Jónsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: III. 5.63.
211. Friðrik Elvar Yngvason, f. á Dalvík 3. jan. 1949. For.: Yngvi R. Baldvinsson sundkennari og Þórunn Elíasdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.49.
212. Gestur Þorgeirsson, f. í Neskaupstað 15. júlí 1948. For.: Þorgeir Gestsson læknir og Ása Guðmundsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.75.
213. Gísli Einarsson, f. í Reykjavík 5. júní 1948. For.: Einar Ásgrímsson lögregluþjónn og Sigríður Á. Gísladóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.62.
214. Gísli Ragnarsson, f. í Reykjavík 13. marz 1948. For.: Ragnar Ólafsson deildarstjóri og Theódóra Guðmundsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.63.
215. Grétar Sigurbergsson, f. í Reykjavík 14. febr. 1946. For.: Sigurbergur Árnason forstjóri og Lydía Pálmarsdóttir. Stúdent 1967 (R). Einkunn: II. 7.20.
216. Guðfinnur P. Sigurfinnsson, f. að Stardal, Stokkseyri, 8.

ágúst 1948. For.: Sigurfinnur Guðnason og Sólveig Sigurðardóttir. Stúdent 1968 (K). Einkunn: I. 8.96.

217. Guðlaug Ingunn Jóhannsdóttir, f. í Reykjavík 6. marz 1949. For.: Jóhann Kristinsson skrifstofum. og Sigríður H. Þórðardóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.96.
218. Guðmundur Einarsson, f. í Reykjavík 5. nóv. 1948. For.: Einar Guðmundsson skrifstofum. og Jóhanna L. Pálsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.33.
219. Guðmundur Snorri Ingimarsson, f. í Reykjavík 22. febr. 1948. For.: Ingimar Guðmundsson kaupmaður og Sigþrúður Helgadóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.27.
220. Gunnar Örn Arnarson, f. í Reykjavík 21. okt. 1945. For.: Örn Guðmundsson og Guðrún Björnsdóttir. Stúdent 1966 (L). Einkunn: II. 6.36.
221. Gunnar A. Baarregaard, f. á Ísafirði 23. marz 1948. For.: Alfred Baarregaard tannlæknir og Kristín Gunnarsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: II. 7.00.
222. Gunnar H. Guðmundsson, f. á Ísafirði 27. júlí 1947. For.: Guðmundur L. Þ. Guðmundsson og Guðrún Þórðardóttir. Stúdent 1968 (V). Einkunn: I. ág. 7.50.
223. Gunnar I. Gunnarsson, f. í Reykjavík 21. ág. 1946. For.: Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóri og Guðrún Ólafsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.71.
224. Gunnar Rafn Jóhannesson, f. í Reykjavík 25. júlí 1945. For.: Jóhannes G. Jóhannesson hljóðfæraleikari og Thelma Ólafsdóttir. Stúdent 1966 (R). Einkunn: II. 6.50.
225. Gunnar Rafn Jónsson, f. á Akureyri 20. júlí 1948. For.: Jón Kristinsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: I. 7.95.
226. Gunnsteinn Snævarr Stefánsson, f. að Egilsstöðum, S-Múl., 13. júní 1947. For.: Stefán Pétursson og Laufey Valdimarsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: I. 7.69.
227. Gústaf Helgi Hermannsson, f. í Vestmannaeyjum 13. maí 1947. For.: Hermann Guðjónsson og Laufey Helgadóttir. Stúdent 1968 (L). Einkunn: III. 5.48.
228. Halldóra Ólafsdóttir, f. á Akureyri 19. okt. 1948. For.:

Ólafur Sigurðsson yfirlæknir og Anna Björnsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: I. ág. 9.15.

229. Hannes Pétursson, f. í Reykjavík 30. des. 1947. For.: Pétur Hannesson bifreiðarstjóri og Guðrún M. Árnadóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 7.01.
230. Helga Margrét Ögmundsdóttir, f. í Reykjavík 14. des. 1948. For.: Ögmundur Jónsson verkfræðingur og Ortrud, f. Schütz. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. ág. 9.16.
231. Helgi Kristbjarnarson, f. í Reykjavík 25. júní 1947. For.: Kristbjörn Tryggvason læknir og Guðbjörg Helgadóttir. Stúdent 1967 (R). Einkunn: II. 7.17.
232. Hildur Bjarnadóttir, f. í Reykjavík 8. febr. 1948. For.: Bjarni Óskarsson og Ragna Gunnarsdóttir. Stúdent 1968 (L). Einkunn: I. 7.93.
233. Hilmar Jón Bragason, f. í Reykjavík 5. ágúst 1948. For.: Aðalsteinn Bragi Agnarsson stýrimaður og Steinunn Jónsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.37.
234. Ingimundur Árnason, f. á Hofsósi 8. apríl 1943. For.: Árni Ingimundarson og Auður Kristinsdóttir. Stúdent 1963 (A). Einkunn: II. 7.04.
235. Jóhann Ágúst Sigurðsson, f. á Siglufirði 3. febr. 1948. For.: Sigurður Jónsson framkvæmdastj. og Gyða Jóhannsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.57.
236. Jón Bergsson, f. í Reykjavík 18. sept. 1948. For.: Bergur Jónsson rennismiður og Erla Eyjólfsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: III. 5.97.
237. Jón Ásgeir Eyjólfsson, f. í Reykjavík 1. okt. 1946. For.: Eyjólfur Jónsson og Guðbjörg Ásgeirsdóttir. Stúdent 1968 (V). Einkunn: I. 6.03.
238. Jón Örvar Geirsson, f. í Reykjavík 2. febr. 1947. For.: Geir Jónsson og Sólveig Jónsdóttir. Stúdent 1968 (K). Einkunn: I. 7.85.
239. Jón Jóhannesson, f. að Rauðhúsum í Eyjafirði 8. maí 1948. For.: Jóhannes Ólafsson og Þorgerður Jónsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: I. 7.71.
240. Jón Bjarni Þorsteinsson, f. í Reykjavík 30. sept. 1948.

For.: Þorsteinn Sigurðsson skrifstofustj. og Inga Bjarnadóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.30.

241. Konráð Erlendsson, f. í Reykjavík 9. jan. 1948. For.: Erlendur Konráðsson læknir og Kristjana Nanna Jónsdóttir. Stúdent 1968 (A). Einkunn: I. 7.91.
242. Kristján Linnet, f. í Reykjavík 12. maí 1946. For.: Henrik Linnet læknir og Svana Linnet. Stúdent 1966 (R). Einkunn: II. 6.59.
243. Kristjana S. Kjartansdóttir, f. á Ísafirði 26. jan. 1949. For.: Kjartan Jóhannsson læknir og Jóna B. Ingvarsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.39.
244. Lárus Jón Karlsson, f. í Reykjavík 31. marz 1948. For.: Karl Helgi Vigfússon fulltrúi og Gróa Svava Helgadóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.69.
245. Leifur Bárðarson, f. í Reykjavík 8. maí 1948. For.: Bárður Ísleifsson arkitekt og Unnur Arnórsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.32.
246. Logi Jónsson, f. í Reykjavík 19. nóv. 1948. For.: Jón Magnússon skrifstofustjóri og Ásta Jónsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.69.
247. Lúðvíg Lárusson, f. í Reykjavík 22. apríl 1947. For.: Lárus G. Lúðvígsson iðnrekandi og Saga Jósefsson Lúðvígsson. Stúdent 1968 (A). Einkunn: II. 6.09.
248. Magnús Ragnar Jónasson, f. á Flateyri, Önundarfirði, 17. júní 1948. For.: Guðm. Jónas Eggertsson verzlunarm. og Ólöf Magnúsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.72.
249. Magnús Ólason, f. í Reykjavík 24. maí 1948. For.: Óli Ö. Ólafsson skrifstofumaður og Gíslína Magnúsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.69.
250. Magnús Sigurðsson, f. í Reykjavík 17. des. 1947. For.: Sigurður G. Halldórsson verkfræðingur og Guðríður S. Magnúsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.07.
251. Margrét Gústafsdóttir, f. í Reykjavík 12. sept. 1948. For.: Gústaf Pálsson borgarverkfr. og Kristín Guðmundsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.29.
252. Oddur Þórðarson, f. á Þórshöfn, Langanesi, 27. okt. 1944.

For.: Þórður Oddsson héraðslæknir og Sigrún Kjærnested. Stúdent 1966 (L). Einkunn: II. 6.31.

253. Oddný Ólafsdóttir, f. í Reykjavík 22. júlí 1948. For.: Ólafur Jóhannesson og Nanna Gestsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.74.
254. Óttarr Guðmundsson, f. í Reykjavík 29. apríl 1948. For.: Guðmundur Sigurðsson bankafulltrúi og Fjóla G. Haraldsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.66.
255. Ottó Björn Ólafsson, f. í Reykjavík 28. des. 1948. For.: Ólafur Ottósson og Helga Gunnarsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.48.
256. Pétur Ragnarsson, f. í Hafnarfirði 7. marz 1948. For.: Ragnar Pétursson kaupfélagsstjóri og Hanna Valdimarsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.00.
257. Pétur Z. Skarphéðinsson, f. í Reykjavík 26. marz 1946. For.: Skarphéðinn Pétursson og Sigurlaug Guðjónsdóttir. Stúdent 1966 (L). Einkunn: II. 6.67.
258. Ragnar Ómar Steinarsson. f. í Reykjavík 7. febr. 1947. For.: Steinar Þorsteinsson sjómaður og Erla S. Ragnarsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.33.
259. Rúnar Gíslason, f. í Reykjavík 20. jan. 1948. For.: Gísli Guðnason verkstjóri og Jóna G. Kristmundsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.73.
260. Sigmundur Stefánsson, f. að Arabæ, Árnessýslu, 16. febr. 1947. For.: Stefán Hannesson og Þórdís Gissurardóttir. Stúdent 1968 (L). Einkunn: I. 7.50.
261. Sigríður Snæbjörnsdóttir, f. í Reykjavík 4. júní 1948. For.: Snæbjörn Jónasson verkfræðingur og Bryndís Jónsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.35.
262. Sigurður Guðmundsson, f. í Reykjavík 25. sept. 1948. For.: Guðmundur I. Sigurðsson hæstaréttarlögm. og Kristín Þorbjarnardóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.64.
263. Sigurður Bjarklind, f. í Reykjavík 7. des. 1947. For.: Jón S. Bjarklind skrifstofustjóri og Sigríður B. Bjarklind. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.11.
264. Sigurður Þór Jónsson, f. í Reykjavík 14. jan. 1947. For.:

Jón Eiríksson læknir og Guðrún Sigurðardóttir. Stúdent 1967 (R). Einkunn: II. 6.46.

265. Sigurður Ingi Sigurðsson, f. á Selfossi 21. apríl 1948. For.: Sigurður Eyjólfsson fulltrúi og Unnur Þorgeirsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 8.27.
266. Stefanía V. Sigurjónsdóttir, f. í Reykjavík 20. júní 1947. For.: Sigurjón Stefánsson skipstjóri og Ragnhildur Jónsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 7.13.
267. Stefán Friðfinnsson, f. í Reykjavík 21. apríl 1948. For.: Friðfinnur Ólafsson forstjóri og Halldóra Sigurbjörnsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.51.
268. Stefán Baldvin Sigurðsson, f. á Akureyri 13. apríl 1948. For.: Sigurður Baldvinsson símritari og Magdalena Stefánsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: II. 6.20.
269. Stefán Þórarinsson, f. að Eiðum, S-Múl., 20. marz 1947. For.: Þórarinn Þórarinsson skólastjóri og Sigrún I. Sigurþórsdóttir. Stúdent 1968 (R). Einkunn: I. 7.28.
270. Sverrir Einarsson, f. í Reykjavík 25. júní 1947. For.: Einar Th. Guðmundsson læknir og Alma Tynes. Stúdent 1967 (A). Einkunn: I. 7.93.
Páll Jensson	—	I. 7.21
Pétur Ingólfsson	—	I. 6.25
Stanley Páll Pálsson	—	I. 6.24
Stefán Pétur Eggertsson	—	I. 6.75
Stefán H. Ingólfsson	—	I. 7.01
Trausti Eiríksson	—	II. 5.58
Þorgeir Jónas Andrésson	—	II. 5.42
Þorgeir Guðmundsson	—	I. 6.39
Örn Ingvarsson	—	I. 6.64

VIII. DOKTORSPRÓF

Heimspekideild samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 1968 að taka ritgerð Ivars Orglands, cand. philol., „Stefán frá Hvítadal og Noreg", gilda til varnar fyrir doktorsnafnbót í heimspeki. Í dómnefnd, er deildin skipaði til að fjalla um ritgerðina, áttu sæti prófessor, dr. phil. Bjarni Guðnason, prófessor, dr. phil. Johannes A. Dale og prófessor, dr. phil. Steingrímur J. Þorsteinsson. Doktorsvörn fór fram 15. júní 1969, og voru tveir hinir síðastnefndu andmælendur. Vörnin var tekin gild, og lýsti forseti heimspekideildar, prófessor Bjarni Guðnason, Ivar Orgland doktor í heimspeki — doctor philosophiae — frá Háskóla Íslands.

Æviágrip dr. phil. Ivars Orglands.

Ivar Orgland fæddist í Ósló 13. okt. 1921. Hann tók stúdentspróf við Oslo Katedralskole 1939, cand. mag.-próf við Óslóarháskóla 1946, uppeldis- og kennslupróf 1947, cand. philol.-próf við Óslóarháskóla 1949. Aðalritgerð hans nefndist „Den islandske lyrikken gjennom atterføding og storddomstid inn i vårt hundreår. Ei oversyn over grunnlaget og framvoksteren til og med Einar Benediktsson".

Ivar Orgland stundaði nám í íslenzku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands, fyrst á sumarnámskeiði 1948 en síðan árin 1950—52, er hann hlaut styrk frá ríkisstjórn Íslands og Norske studenters minnefond. Hann var sendikennari í norsku við Háskóla Íslands 1952—1960, en 1960—61 var hann lektor við menntaskóla á Notodden. Hann var lektor í norsku máli og bókmenntum við Háskólann í Lundi 1962—69, en lektor við Oslo Lærarskole hefur hann verið síðan 1969. Frá 1964 hefur hann verið kennari í norsku við Vasa sumarháskóla í Finnlandi, og síðan 1962 hefur hann stjórnað hinu árlega íslenzkunámskeiði Norræna félagsins fyrir menntaskólakennara í norsku. Eftir hann hafa birzt margar ljóðabækur, og einnig hefur hann þýtt og gefið út allmörg ljóðasöfn (úrval) eftir ís-

lenzk nútímaskáld með inngangi um höfundana. Hann hefur einnig séð um útgáfu á safni nýnorskra ljóða, Nyare nynorsk lyrikk, sem gefið var út í Svíþjóð.

Hann hefur skrifað fjölda greina í blöð og tímarit, einkum um íslenzkar bókmenntir. Hann hefur og haldið marga fyrirlestra um norræn efni, bæði á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Á seinni árum hefur hann annazt kynningu á íslenzkum bókmenntum í norska skólaútvarpinu.

Ivar Orgland var sæmdur riddarakrossi hinnar íslenzku fálkaorðu árið 1955. Hann hefur hlotið ýmsa styrki til fræðiiðkana, m. a. úr Andersson-Rysst sjóðnum og Gjelsvik verðlaun 1959, einnig frá norska kennslumálaráðuneytinu og borgarstjórn Ósló.

Ljóðabækur hans eru þessar: Lilje og sverd, 1950; Mjød og malurt, 1959; Atlantider, 1960; Eld og marmor, 1961; Furer i berg, 1962; Jørannatten, 1963; Farvegar, 1964; Tunfred, 1965; Villhonning, 1966; Torg og altar, 1969.

Þýðingar Ivars Orglands á íslenzkum ljóðum eru þessar: Eg sigler i haust (Davíð Stefánsson), 1955; Frå lidne dagar (Stefán frá Hvítadal), 1958; Enno syng vårnatti (Tómas Guðmundsson), 1959; På veglaust hav (Steinn Steinarr), 1960; Krystallar (Hannes Pétursson), 1965; Sjudøgra (Jóhannes úr Kötlum), 1967; Lyng og krater (Snorri Hjartarson), 1968.

Ivar Orgland hefur samið tvö fræðileg verk um Stefán frá Hvítadal. Hið fyrra, Stefán frá Hvítadal, Arfur og útþrá, kom út í Reykjavík 1962, en hið síðara, sem er doktorsritgerðin Stefán frá Hvítadal og Noreg, kom út í Ósló árið 1969.

IX. LÁTNIR HÁSKÓLAKENNARAR

Ásmundur Guðmundsson.

F. 6. okt. 1888. D. 29. maí 1969.

Þegar Jón Helgason tók við biskupsembætti og lét af prófessorsstörfum við Guðfræðideild Háskóla Íslands árið 1917, sóttu þrír ungir guðfræðingar um dósentsembætti við deildina, sem þá varð laust. Allir voru þeir frábærir gáfumenn og glæsimenni,

Ásmundur Guðmundsson, Magnús Jónsson og Tryggvi Þórhallsson. Sá, sem hreppti embættið að því sinni, var Magnús Jónsson, en þó fór svo, að Ásmundur Guðmundsson átti eftir að verða eftirmaður Jóns Helgasonar í báðum þeim embættum, er hann hafði þjónað. Við fráfall Haralds prófessors Níelssonar árið 1928 hlaut Ásmundur embætti hans, fyrst sem dósent, eins og þá tíðkaðist um nýja kennara við deildina, og síðan sem prófessor frá 1934. Því embætti hélt hann, unz hann tók við biskupsembætti 1954 eftir andlát Sigurgeirs Sigurðssonar, er við hafði tekið af Jóni Helgasyni. Ég, sem þessar línur rita, naut ekki kennslu Ásmundar prófessors í Guðfræðideild, því að ég var einn í hópi þeirra síðustu, er luku námi í tíð Haraldar Níelssonar. En eftir að Sigurður Sívertsen lét af störfum 1936, starfaði ég um hríð við deildina, ásamt þeim Magnúsi Jónssyni og Ásmundi Guðmundssyni, og síðar, eða haustið 1945, endurnýjaðist það samstarf, og hélzt nær 10 vetur, unz Ásmundur var skipaður biskup. Er ljúft að minnast þeirra samverustunda, því að í engu varð um það samstarf á betra kosið.

Kennslugreinar Ásmundar prófessors voru Gamlatestamentisfræði og Nýjatestamentisfræði og í þeirri grein einkum skýring samstofna guðspjallanna. Hann hóf þegar rannsóknir og ritstörf í þeim greinum, og birtust fyrst á prenti rit hans um Inngangsfræði Gamlatestamentisins 1933 og Samstofna guðspjöllin, sem fylgirit Árbókar Háskólans 1933—34. Síðar komu frá hendi hans margar bækur um þessar fræðigreinar, og eru þeirra mestar Skýringar Markúsarguðspjalls, er komu út í tveim útgáfum, og Ævi Jesú, en að þeirri bók hafði hann unnið árum saman. Hér verður ekki fleira talið af bókum hans, en vísað um það efni til Skrár um rit háskólakennara, sem fylgt hefur Árbókum Háskólans.

Það er margs góðs að minnast frá samstarfi við Ásmund prófessor, og erfitt að velja um, hvað helzt skuli haft á orði í þessum fátæklegu kveðjuorðum. Áhugi hans og einlægni í öllum störfum hans fyrir deildina og Háskólann í heild, verða seint að fullu þökkuð, sannleiksást hans og vísindaleg nákvæmni í störfum hans verða vart ofmetin. En það sem mér

er nú einna fastast í huga er áhugi hans og fórnfýsi í sambandi við starfið í sunnudagaskóla Guðfræðideildar. Þegar Háskólinn fluttist í hið nýja hús sitt 1940 og aðstaða fékkst með kapellunni, stofnuðu deildarkennararnir brátt til sunnudagaskólahalds þar til æfingar fyrir stúdenta deildarinnar, og veittu þeir skólanum forstöðu til skiptis, og hélzt sú skipan alla tíð Ásmundar upp frá því. Þetta starf veitti honum óblandna ánægju, því að frá upphafi prestskapar síns var honum sérstaklega lagið að ræða við börnin og leiða þau til Krists.

Að lokum vil ég fyrir hönd Guðfræðideildar bera fram þakkir fyrir öll störf Ásmundar prófessors Guðmundssonar fyrir deildina, rit hans og rannsóknir í guðfræði, fyrir frábært leiðtogastarf og uppalanda hinna ungu, verðandi þjóna íslenzkrar kristni. Í eigin nafni, konu minnar og fjölskyldu vil ég þakka honum óbrigðula vináttu og aðstoð fyrr og síðar, og biðja Guð að gefa honum nú laun hins trúa þjóns, þau laun, er hann mundi helzt kjósa sér: að halda áfram að þjóna og fræða á þeim æðri sviðum lífsins, sem hann er nú genginn inn til. Guð blessi ástvinum hans góðar minningar og mýki harminn við þeirra mikla missi.

Björn Magnússon.

(Morgunblaðið 4. júní 1969)

Guðmundur Thoroddsen.

F. 1. febrúar 1887. D. 6. júlí 1968.

Guðmundur Thoroddsen, fyrrverandi prófessor í handlæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands, andaðist 6. júlí 1968, 81 árs að aldri. Með honum er genginn einn svipmesti maður íslenzkrar læknastéttar á fyrri helmingi þessarar aldar.

Guðmundur stundaði nám í læknisfræði við Hafnarháskóla og lauk prófi vorið 1911. Næstu þrjú ár starfaði hann á sjúkrahúsum í Danmörku og var í nokkra mánuði við héraðslæknisstörf á Jótlandi. Snemma árs 1914 sneri hann aftur heim til Íslands. Guðmundur var fyrst starfandi læknir í Reykjavík, en aðeins nokkra mánuði. Í september 1914 var hann settur — og nokkru síðar skipaður — héraðslæknir í Húsavíkurhéraði.

Héraðslæknir var hann þó aðeins í tvö ár, því að seint á ári 1916 hvarf hann aftur til Danmerkur og þá til framhaldsnáms í handlæknisfræði.

Á árunum 1916—1920 stundaði Guðmundur nám og starfaði á handlæknisdeildum Frederiksbergsspítala í Kaupmannahöfn og lagði þá einnig stund á kvensjúkdóma og fæðingarfræði.

Árið 1920 hvarf Guðmundur að nýju heim til Íslands og hóf störf í Reykjavík, fyrst við almennar lækningar, en í janúar 1922 byrjaði hann að starfa við læknadeild Háskólans sem kennari í handlæknisfræði í forföllum Guðmundar Magnússonar prófessors. Hinn 1. janúar 1923 var hann settur dósent í almennri sjúkdómafræði og réttarlæknisfræði við læknadeildina, og annaðist hann kennslu í þessum fræðum þar til í október 1926.

Haustið 1924 tók Guðmundur Thoroddsen við embætti Guðmundar Magnússonar sem prófessor í handlæknisfræði og yfirsetufræði við læknadeild Háskóla Íslands. Hann var rektor Háskólans árin 1926—1927.

Fram til ársins 1931, eða þar til Landspítalinn var fullreistur, hafði Guðmundur starfsaðstöðu á Landakotsspítala, bæði til kennslu og fyrir sjúklinga sína. Er Landspítalinn tók til starfa í árslok 1930, var hann skipaður yfirlæknir handlæknisdeildar og fæðingardeildar Landspítalans og jafnframt forstöðumaður Ljósmæðraskóla Íslands. Gegndi hann þessum störfum öllum þar til í júní 1952, að hann lét af störfum sökum aldurs. Raunar hafði hann fengið lausn frá störfum að eigin ósk 1. sept. 1951, en féllst á þá ósk læknadeildar að starfa áfram til vors 1952. Hinn 1. janúar 1949 tók núverandi fæðingardeild til starfa, og var þá ráðinn til hennar deildarlæknir, sem tók að sér stjórn hennar svo og Ljósmæðraskólans, en það létti verulega starf Guðmundar þessi síðustu ár.

Þegar Guðmundur fékk lausn frá störfum við Landspítalann, var hann aðeins 64 ára. Hann var þá í fullu fjöri og í engu farinn að tapa hæfni sinni sem skurðlæknir. Var það mönnum nokkurt undrunarefni, að hann skyldi hætta svo fljótt, en skýring hans var sú, að skurðlækningar væru kröfuhart starf,

sem ekki væri við hæfi hinna eldri, og því væri betra að hætta, áður en ellimörk gerðu vart við sig.

Hann hætti þó ekki að starfa sem læknir, þótt hann fengist lítið við skurðlækningar eftir þetta. Allt fram til dauðadags starfaði hann sem ráðgefandi skurðlæknir fyrir Kleppsspítalann. Árið 1952 var hann skipaður prófdómari við læknadeildina og var það síðan þar til árið 1965, að hann fékk lausn frá því starfi.

Læknisævi Guðmundar hefur náð yfir mjög viðburðaríkt tímabil í þróun handlæknisfræðinnar. Þegar hann hóf starf, var handlæknisfræðin um það bil að vaxa úr grasi. Meiri háttar skurðaðgerðir, sem hafa nú um áratugi verið gerðar daglega, voru þá sjaldgæf afrek, næstum á borð við hjartaflutning nú á dögum. Þróunin upp úr fyrri heimsstyrjöldinni varð hins vegar mjög ör, en þrátt fyrir einangrun frá nágrönnum okkar tókst aðalskurðlæknum okkar, þeim Guðmundi Thoroddsen, Matthíasi Einarssyni og Halldóri Hansen, að halda vel í horfinu. Þeir munu, hvað allar algengar skurðaðgerðir snertir, í engu hafa verið eftirbátar starfsfélaga sinna erlendis. Þessir þrír læknar mótuðu handlæknisfræði hér á landi um árabilið frá 1920 til 1950, og er þáttur Guðmundar Thoroddsens þar stærstur, enda hafa flestir núverandi skurðlæknar landsins verið nemendur hans.

Ég minnist Guðmundar Thoroddsens fyrst sem kennara míns, síðar sem yfirmanns og samstarfsmanns og sem góðs vinar. Sem kennari var Guðmundur mjög eftirminnilegur. Hann hafði ágætt vald á efninu, framsetning skýr, blæbrigðarík, á stundum full kímni en alltaf hógvær. Hin augljósa hæfni hans sem skurðlæknis og kennara, kímnigáfa, ljúfmennska hans og látleysi, gerði það að verkum, að hann var eftirlæti allra stúdenta. Munu mörg þau vináttutengsl milli kennara og nemenda hafa haldizt æ síðan.

Sem yfirlæknir handlæknisdeildar Landspítalans er Guðmundur mér einnig minnisstæður. Betri yfirmann hefði ég vart getað kosið. Hann var mjög fær skurðlæknir og farsæll í starfi. Góð þekking, róleg íhugun og dirfska að vandlega athuguðu

máli voru einkennandi þættir í starfi hans. Hann var mannþekkjari, en mildur í dómum um breyskleika annarra. Hins vegar hafði hann glöggt auga fyrir hinu skoplega og listræna hæfileika til þess að koma því á framfæri, en gætti þess ávallt að særa engan.

Við, nemendur Guðmundar, minnumst hans ekki aðeins sem kennara okkar og læknis. Í minningunni geymist ekki síður ljúfmennið, „húmoristinn“ og listamaðurinn Guðmundur Thoroddsen.

Snorri Hallgrímsson.

(Læknablaðið, apríl 1969)

X. HÁSKÓLABÓKASAFN

Ársskýrsla 1969

1. Bókasafnsnefnd

Formaður:
Magnús Már Lárusson, prófessor.
Fulltrúar deilda:
Guðfræðideild: *Jóhann Hannesson,* prófessor
Læknadeild: *Jón Steffensen,* prófessor
Lagadeild: *Magnús Torfason,* prófessor
Viðskiptadeild: *Árni Vilhjálmsson,* prófessor
Heimspekideild: *Bergsteinn Jónsson,* lektor
Verkfræðideild: dr. *Sigurður Þórarinsson,* prófessor
Fulltrúi stúdenta:
Jón Kristjánsson, stud. jur.
Nefndin hélt tvo fundi á árinu, 15. jan. og 19. marz.

2. Starfslið

a) Fastráðið:
Háskólabókavörður: dr. *Björn Sigfússon.*
Bókavörður: *Einar Sigurðsson,* cand. mag.
Fulltrúi: *Fríða Á. Sigurðardóttir,* stud. philol.
b) Lausráðið:
Auk nemenda í bókasafnsfræði unnu á stundakaupi lengri eða

skemmri tíma: *Aðalheiður Friðþjófsdóttir,* stud. philol., *Kristín L. Blöndal,* B.A., *Nína Þórðardóttir,* stud. philol., og *Vilborg Ísleifsdóttir,* B.A.

3. Bókaöflun

Til kaupa á bókum og tímaritum var varið kr. 838.285,—, en Raunvísindastofnun og nokkrar aðrar háskólastofnanir keyptu einnig dálítið af ritum fyrir eigið fé. Auk þess hefur safninu borizt allmikið af bókum og tímaritum við gjafir og ritaskipti (sjá 4. og 5. kafla).

Samkvæmt aðfangabók eru við árslok í safninu rúmlega 148 þús. bindi, og var safnauki á árinu rúmlega 3.500 bindi.

Erlend tímarit og ritraðir, sem eru í áskrift eða koma reglulega, eru við árslok 729 og hefur fjölgað um 48 á árinu.

4. Bókagjafir

Frá einstaklingum bárust ekki svo stórar bókagjafir nú sem þær, er getið var í skýrslunni 1968. Með þökk skulu nefndar gjafir frá frú *Láru Kolbeins* og frú *Svövu Fells.* Gáfu þær hvor um sig merk rit, sem eiginmenn þeirra höfðu látið eftir sig, þeir sr. *Halldór Kolbeins* og *Gretar Fells,* rithöfundur. Af gjöfum stofnana og forlaga bar hæst tillag *Háskólaforlagsins í Osló,* er gaf sem fyrri ár öll útgáfurit sín, og *Volkswagenstofnunarinnar* í Hannover, sbr. lok skýrslu safnsins 1968. Einnig gáfu *Juristforbundet* í Kaupmannahöfn og vísindaforlag *CIBA* margar bækur og vandaðar, hvort á sínu útgáfusviði. *Deutsche Forschungsgemeinschaft* gaf nokkra tugi binda eftir vali safnsins. *Háskólabókasafnið í Reading* og safn *Bandarísku upplýsingaþjónustunnar* í Reykjavík, svo og *Bókasafn Norræna hússins* í Reykjavík og *Veðurstofa Íslands,* miðluðu til Háskólabókasafns talsverðu af ritum, sem því er gagnlegt að eiga.

5. Ritaskipti

a) Háskólabókasafn hefur á árinu haft föst ritaskipti við um 220 erlenda háskóla og vísindastofnanir. Helztu rit, sem safnið sendi út á árinu í þessu skyni, eru: *Árbók Háskóla Íslands* 1962

—63; *Kennsluskrá Háskóla Íslands* 1968—69 vormisseri og 1969—70 haustmisseri; *Studia Islandica* 28; *Ivar Orgland: Stefán frá Hvítadal og Noreg* (doktorsritgerð).

b) Háskólabókasafn varðveitir bókasafn Vísindafélags Íslendinga og sér um ritaskipti félagsins við erlend vísindafélög og -stofnanir. Skiptaaðilar félagsins eru um 65. Ekkert rit kom út á vegum félagsins á árinu, og var því ekki um reglulega útsendingu að ræða, aðeins einstök bindi eldri rita félagsins, eftir því sem um var beðið.

6. Bókband

Til bókbands hefur verið varið kr. 112.272,—. Alls hafa verið bundin á árinu 557 eintök, þ. e. bækur, tímarit og blöð. Viðgerð hefur farið fram á 42 eintökum. Auk þess hafa verið heftar 72 prófritgerðir til varðveizlu í safninu.

7. Prófritgerðir stúdenta

Á fundi bókasafnsnefndar 19.3. voru samþykkt eftirfarandi ákvæði um skil og varðveizlu á prófritgerðum stúdenta, og voru þau staðfest af háskólaráði 25.4.:

Skil. Háskólakennarar skulu gera þeim stúdentum ljóst, sem taka ritgerðarverkefni á þeirra vegum, að þeim beri að skila ritgerðinni í a. m. k. tveimur vélrituðum eintökum og þeir fái aðeins annað eintakið aftur, hitt verði eign Háskólabókasafns. Þetta á við um allar sérefnisritgerðir til embættisprófs, svo og þriðja stigs ritgerðir í B.A.-greinum og aðrar ritgerðir álíka mikilvægar.

Skráning og varðveizla. Í Háskólabókasafni verður gerð um ritgerðirnar spjaldskrá, flokkuð eftir greinum.

Ritgerðirnar verða bundnar (eða heftar), séu þær það ekki þegar, og geymdar í lokuðu herbergi, sem lesendur hafa ekki opinn aðgang að. Skráin um þær verður hins vegar á stað, sem safngestir hafa aðgang að.

Notkun. Ritgerðirnar verða ekki lánaðar út úr safninu, aðeins á lestrarsal. Til að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun þeirra verður fest inn blað framan við hverja ritgerð, þar sem lántakendum verður gert skylt að rita nafn sitt og notkunardag. Texti þess verður þannig:

Þeir, sem fá ritgerð þessa lánaða til lestrar, skulu rita hér nafn sitt og notkunardag því til staðfestu, enda sé þeim kunnugt um, að óheimilt er að vitna til ritgerðarinnar eða notfæra sér efni hennar á annan hátt, nema að fengnu leyfi höfundar.

Á árinu var skráð allmikið af eldri ritgerðum, sem safnið átti fyrir, og frá þeim gengið til varðveizlu, auk þess sem nýjum ritgerðum voru gerð sömu skil.

8. Húsnæði, húsbúnaðar og tæki

Lestrarhúsnæði á vegum Háskólans var í árslok 1969 sem hér segir:

Aðalsalur á 1. hæð	32	sæti
Sérlestrarstofa á 1. hæð	13	—
Hátíðasalur	70	—
Lögfræði- og viðskiptafræðinemar á Aragötu 9	33	—
Verkfræðinemar í Loftskeytastöð	15	—
Læknanemar 1. hl., 2 herbergi á 2. hæð	45	—
— 2. hl., 1 herbergi á 2. hæð	12	—
— 2. hl., Tjarnargötu 44	19	—
— 3. hl., 2 herbergi á Landspítala	23	—
Tannlæknanemar á Eiríksgötu 31	23	—
Náttúrufræðinemar í Lækjargötu 14A	30	—
Árnagarður	136	—
Samtals:	451	sæti

Taka ber fram, að hátíðasalur var einungis notaður til lestrar, þegar hann var ekki frátekinn vegna annarra þarfa, svo sem prófa eða fundarhalda. — Lestrarhúsnæði Árnagarðs var á þessu misseri opið stúdentum í öllum greinum, en það er í framtíðinni fyrst og fremst ætlað stúdentum í málfræði, bókmenntafræði og sagnfræði.

Í Guðfræðideildarstofu (V. kennslustofu) voru smíðaðir nýir og vandaðir bókaskápar, og rúmast nú þar um 60 hillumetrar bóka. Stofan er notuð bæði til kennslu og lestrar.

Keypt var til safnsins Apeco-ljósritunarvél, og var hún tek-

in í notkun 19. maí. Sagt er frá starfrækslu hennar í 10. kafla þessarar skýrslu.

9. Útlán

	Fjöldi lánþega	*Fjöldi útlánaðra rita*
Guðfræðideild		
Kennarar	7	90
Stúdentar	9	49
Læknadeild		
Kennarar	7	21
Stúdentar	31	42
Lagadeild		
Kennarar	6	384
Stúdentar	54	171
Viðskiptadeild		
Kennarar	3	110
Stúdentar	30	110
Heimspekideild		
Kennarar	28	827
Stúdentar	200*	2503**
Verkfræði- og raunvísindadeild, utan B.A.		
Kennarar	19	193
Stúdentar	27	122
Verkfræði- og raunvísindadeild, B.A.		
Kennarar	7	21
Stúdentar	10	19
Raunvísindastofnun	26	119
Enskustofnun		
Kennarar	6	33
Stúdentar	59	464
Orðabók	3	249
Aðrir lánþegar	160	800
Samtals:	692	6327

* Þar af 47 erlendir stúdentar. ** Þar af 632 bindi til erlendra stúdenta.

10. Ljósritun

Ljósritunarvél var keypt til safnsins og tekin í notkun 19. maí. Voru þá þegar settar um notkun hennar eftirfarandi reglur:

> Stúdentar skulu fá ljósrit seld gegn staðgreiðslu, kr. 5,— eintakið, og er það nálægt útlögðum kostnaði vegna pappírs og svertu. Gera má ráð fyrir, að kennarar vilji láta ljósrita í mörgum eintökum tímaritsgreinar eða síður úr bókum til notkunar í kennslustundum og fá stúdentum til eignar. Skal þá kennari gera pöntun í bókasafni á hæfilega mörgum eintökum og vísa stúdentum til safnsins eða Bóksölu stúdenta, þar sem þeir fá ljósritin afhent gegn ofangreindu gjaldi.
>
> Þurfi kennari á ljósritum að halda til að nota við kennslu eða rannsóknir við Háskólann (án þess að þau séu afhent stúdentum til eignar), skal fært í bók, hvað er ljósritað, hve mörg eintök gerð og fyrir hvern. Er þá hægt að gera upp pappírskostnað hverrar deildar eða stofnunar samkvæmt því.
>
> Komi til álita um, hvort ljósritun, er kennari biður um, skuli greiðast af honum sjálfum eða færast Háskólanum til gjalda, getur afgreiðslufólk safnsins skotið slíkum málum til úrskurðar formanns bókasafnsnefndar, háskólabókavarðar eða háskólaritara.
>
> Ljósritun í þágu skrifstofu Háskólans og háskólastjórnar fellur undir sameiginlegan rekstrarkostnað, en skal bókfærast eigi að síður, svo og not Háskólabókasafns og háskólastofnana.

Notkun á árinu var samtals 18660 blöð. Af þeim voru 8888 blöð seld fyrir kr. 44.440,—.

11. Flokkun og skráning

Erlendar bækur, sem safninu bárust á árinu, voru flokkaðar og skráðar á sama hátt og undanfarin ár. Hins vegar sátu íslenzkar bækur á hakanum eins og áður. Dálítið var skráð af sérprentunum og bæklingum safnsins, einkum fornislenzk bókmenntasaga.

Undanfarin ár hafa þeir Böðvar Kvaran og Einar Sigurðsson unnið að gerð heildarskrár um íslenzk blöð og tímarit. Hefur verið farið vandlega yfir öll blöð og tímarit Háskólabókasafns í þessu skyni og þau skráð á spjöld. Ætlunin er að fjölrita skrána á næsta ári.

Á þessu ári og hinu síðasta hefur verið unnið að nákvæmri heildarskrá um erlend tímarit og ritraðir í safninu. Er það verk komið vel á veg og verður því væntanlega lokið á árinu 1970.

Allmörg undanfarin ár hefur nefnd á vegum Bókavarðafélags Íslands unnið að samningu íslenzkrar gerðar af flokkunarkerfi Deweys, og verður það prentað 1970. Af hálfu Háskólabókasafns sat dr. *Björn Sigfússon* í nefndinni.

Einnig hefur fáein undanfarin ár starfað á vegum Bókavarðafélags Íslands nefnd, er vinnur að samningu skráningarreglna á íslenzku, á grundvelli ensk-amerískrar útgáfu skráningarreglna frá 1967. Af hálfu Háskólabókasafns hefur *Einar Sigurðsson* tekið þátt í þessu starfi. Nefndin lauk á árinu að mestu leyti við kaflann um bókarlýsingu og nokkra þætti aðra, og verður sá hluti fjölritaður 1970.

12. Samskrá

Háskólabókasafn hefur á árinu tekið þátt í undirbúningi að samskrá um erlendan ritauka íslenzkra rannsóknarbókasafna og útgáfu ritaukaskrár. Þessi starfsemi mun fara fram á vegum Landsbókasafns, þar sem spjöldum um ritauka safnanna verður komið fyrir í einni skrá. Jafnframt verður skrá um ritaukann gefin út fjölrituð á nokkurra mánaða fresti. Samskrá hefst með ársbyrjun 1970.

13. Stofnanabókasöfn

Starfrækt eru nokkur stofnanabókasöfn á vegum Háskólabókasafns. Í *Enskustofnun* að Tjarnargötu 26 eru um 75 hillumetrar bóka, sem eru vandlega skráðar, og hefur *Aðalheiður Friðþjófsdóttir,* stud. philol., haft aðalumsjón með safninu. Í *Raunvísindastofnun* eru um 155 hillumetrar, aðallega nýlegir árgangar tímarita og ritraða. *Susan Bury,* B.A., hafði umsjón með safninu, og er það vandlega skráð. Á haustmisseri hefur verið unnið að uppsetningu safns í *Lesstofu í náttúrufræði* í Lækjargötu 14A, en það verk var aðeins skammt komið í árslok. Auk þessa má nefna safn í *Guðfræðideild,* nokkurn bókakost í *Rannsóknarstofu í lyfjafræði, Lyfjafræði lyfsala* og *les-*

stofum læknanema í háskólabyggingu og Tjarnargötu 44. Undirbúningur hefur verið hafinn að uppsetningu safns fyrir málfræði, bókmenntafræði og sagnfræði í *Árnagarði,* og hefur safninu verið úthlutað sérstöku herbergi þar fyrir meginhluta bókakostsins, en skráning og flutningur bóka beið næsta árs.

14. Sameining Háskólabókasafns og Landsbókasafns

Skriður komst á árinu á undirbúning að sameiningu Háskólabókasafns og Landsbókasafns og byggingu þjóðbókasafns. Fóru í því skyni fram viðræður milli safnanna, og tóku þátt í þeim af hálfu Háskólabókasafns dr. Björn Sigfússon og Einar Sigurðson, en af hálfu Landsbókasafns dr. Finnbogi Guðmundsson og Ólafur Pálmason. Héldu þeir hinn fyrsta fund 7. febrúar. Tóku þeir saman greinargerð, sem var þýdd á ensku og fjölrituð. Var því verki lokið, þegar hingað komu fyrir tilstyrk Unesco tveir erlendir sérfræðingar til ráðuneytis um málið, þeir dr. Harald L. Tveterås, ríkisbókavörður Norðmanna, og Edward Carter, bókavörður og arkitekt frá Bretlandi. Dvöldust þeir hér dagana 23.—29. okt. Þeir héldu fundi með fyrrnefndum bókavörðum Háskólabókasafns og Landsbókasafns og fóru yfir greinargerð þeirra. Einnig áttu þeir fundi með háskólarektor og húsameistara ríkisins. Að athugun sinni lokinni skiluðu þeir til Unesco skýrslu um málið, og voru bæði hún og fyrrnefnd greinargerð lagðar fyrir ríkisstjórn og alþingi í desember.

15. Bókasafnsfræði

Háskólabókasafn hefur síðan 1956 séð um kennslu í bókasafnsfræði, sem að öðru leyti heyrir undir heimspekideild eins og aðrar B.A.-greinar.

Kennsla og námsefni á báðum misserum 1969 skiptist þannig:

1. stig:

Dr. *Björn Sigfússon* háskólabókavörður: Flokkun, 2 stundir í viku.

Ólafur F. Hjartar, B.A.: Skráning og íslenzk bókfræði, 2 stundir í viku.

2. stig:

Einar Sigurðsson, cand. mag.: Saga íslenzkrar prentunar og bókaútgáfu, þróun prentlistar erlendis og prentunaraðferðir, 2 stundir í viku.

Ólafur F. Hjartar, B.A.: Erlend bókfræði, safnasaga, bóksala og bókaval, 2 stundir í viku.

3. stig:

Kristín H. Pétursdóttir, M.A.: Tegundir bókasafna, staða þeirra og þjónusta í nútímaþjóðfélagi, 2 stundir í viku.

Á 3. stigi er auk þess krafizt úrlausnar bókfræðilegs verkefnis eða samningar ritgerðar um safnfræðilegt efni. Gildir það helming einkunnar á 3. stigi.

Skipting kennslu og námsefnis er nánar greint í bæklingnum *Námstilhögun og lestrarefni,* sem tekinn var saman og fjölritaður 1968 og hefur gilt í meginatriðum árið 1969.

Áður en nemendur ganga til prófs á 1. stigi, er þeim gert að inna af hendi 200 vinnustundir í bókasafni, en á 2. stigi er vinnuskylda 100 stundir. Fá þeir nokkra þóknun fyrir þessa vinnu. Meginhluti nemendavinnunnar fór fram í Háskólabókasafni, en einnig unnu nemendur dálítið á Landsbókasafni og Borgarbókasafni og fáeinum söfnum öðrum.

Engin próf voru í bókasafnsfræði í janúar, en í maí luku 13 nemendur 1. stigs prófi, 3 2. stigs prófi og 1 3. stigs prófi.

XI. STYRKVEITINGAR. ÚTHLUTUN ÚR SÁTTMÁLASJÓÐI.

Ríkisstjórn Íslands veitti eftirfarandi erlendum námsmönnum styrk til að leggja stund á íslenzkar bókmenntir, sögu Íslendinga og íslenzka tungu háskólaárið 1968—69: *Jennifer Anne French* frá Bretlandi, *Erik Thorvald Eriksson* frá Svíþjóð, *Gérard Vautey* frá Frakklandi, *Theodorus Homan* frá Hollandi, *Máirín Cassidy* frá Írlandi, *Edmund Gussman* frá Póllandi, *Egon Hitzler* frá Vestur-Þýzkalandi, *Jindra Repa* frá

Tékkóslóvakíu. Ennfremur fengu nokkrir erlendir stúdentar framlengdan styrk sinn frá fyrra ári.

Þessir styrkir voru m. a. veittir úr sjóðum Háskólans:

Úr *Prestaskólasjóði* voru Sigurði Erni Steingrímssyni, stud. theol., veittar 946 kr. og úr *Minningarsjóði Helga Hálfdanarsonar* 700 kr.

Úr *Minningarsjóði Halldórs H. Andréssonar* voru Páli Sigurðssyni, stud. jur., veittar 200 kr.

Úr *Styrktarsjóði Jóhanns Jónssonar* voru Pétri I. Péturssyni, stud. med., veittar 3000 kr. og Páli Sigurðssyni, stud. jur., 2000 kr.

Úr *Gjafasjóði Guðmundar Thorsteinssonar* voru Gunnari Eydal, stud. jur., og Kristófer Þorleifssyni, stud. med., veittar 5000 kr. hvorum.

Úr *Minningarsjóði Jóns Þorlákssonar verkfræðings* voru Árna Konráðssyni, stud. polyt., veittar 5000 kr. og Þorgeiri Guðmundssyni, stud. polyt., 4000 kr.

Úr *Minningarsjóði Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar* var greidd húsaleiga í stúdentagarði í 8 mánuði fyrir 3 stúdenta, læknanemana Jósef Skaftason og Þóri Dan Björnsson og stud. mag. Agnar Hallgrímsson.

Af *Gjöf dr. Hannesar Þorsteinssonar* voru prófessor Magnúsi Mávi Lárussyni veittar 7000 kr. til fræðistarfa.

Úr *Minningarsjóði dr. Rögnvalds Péturssonar* var úthlutað 14. ágúst 1969. Styrkinn, sem var 35 þús. krónur, hlaut Helga Kress, cand. mag., til að búa kandídatsprófritgerð sína um æskuverk og ádeilur Guðmundar Kambans til prentunar og til að vinna að frekari rannsókn á þeim verkum Kambans, sem lúta að refsimálum.

ÚTHLUTUN ÚR SÁTTMÁLASJÓÐI
í júní 1969.

I. *Utanfararstyrkir kennara.*

Þessir kennarar hlutu 15 þús. kr. styrk hver:

Gaukur Jörundsson, Guðlaugur Þorvaldsson, Guðmundur Magnússon, Hreinn Benediktsson, Jóhann Axelsson,

Ian J. Kirby, Jón Steffensen, Sigurður Þórarinsson, Steingrímur J. Þorsteinsson, Theodór B. Líndal, Þorkell Jóhannesson, Þór Vilhjálmsson og Örn B. Pétursson.

II. *Utanfararstyrkir kandídata.*
Þessir kandídatar hlutu 15 þús. kr. styrk hvor:
Einar Oddsson, cand. jur., og Ólafur Hjartar, B.A.

III. *Ritstjórn Studia Islandica.*
Veittur var styrkur að fjárhæð allt að kr. 20 þús.

XII. REIKNINGUR HÁSKÓLA ÍSLANDS 1968

Úr reikningi Háskóla Íslands 1968.

Rekstrarreikningur A-hluti

Gjaldaliðir:

011	Laun fyrir dagvinnu	kr.	27.363.026,77
014	Ýmis laun	—	2.472.659,45
015	Ýmsar greiðslur	—	24.000,00
017	Iðgjöld til slysa- og atvinnuleysistrygginga, sjúkrasjóðsiðgjöld, iðgjöld til lífeyrissjóða og launaskattur	—	1.725.997,00
021	Leiga á efnislegum fjármunum	—	399.500,00
022	Raforka	—	417.675,41
023	Olíur og benzín	—	56.103,97
024	Vatn (heitt og kalt)	—	649.667,25
026	Tryggingagjöld efnislegra fjármuna, ábyrgðartrygging	—	10.579,80
027	Aðkeypt viðhald efnislegra fjármuna	—	94.958,20
028	Ýmis stofnkostnaður, sem ekki færist á eignaskrá	—	2.975,00
039	Ýmsar rekstrarvörur	—	1.488.580,58
041	Ritföng, prentun, símakostnaður, burðargjöld, auglýsingar	—	968.119,53
042	Ferðakostnaður, risna, gjafir	—	986.441,60
043	Aðkeyptur akstur og flutningsgjöld	—	56.441,20
044	Ýmis aðkeypt þjónusta	—	48.566,00

051	Eignarskattar og önnur opinber gjöld af eignum	—	257.529,00
071	Vaxtagjöld	—	74.201,35
086	Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o. þ. h.	—	933.375,00
088	Ýmsar eignir	—	652.279,96
094	Til einstaklinga og samtaka	—	460.316,80
	Gjöld alls	kr.	39.142.993,87
	Tekjur alls	—	577.296,73
	Gjöld umfram tekjur	kr.	38.565.697,14

Ofanritað gjöld skiptast þannig milli eftirtalinna viðfangsefna:

Yfirstjórn	kr.	2.276.700,23
Sameiginleg útgjöld	—	3.381.746,50
Rekstur fasteigna	—	3.155.657,29
Bókasafn	—	1.592.769,16
Íþróttahús	—	891.975,56
Guðfræðideild	—	1.505.439,00
Læknadeild	—	8.270.445,42
Lagadeild	—	1.754.521,60
Heimspekideild	—	6.277.641,85
Lyfjafræði lyfsala	—	632.310,95
Tannlækningar	—	4.739.805,28
Verkfræðideild	—	3.152.364,53
Viðskiptadeild	—	1.511.616,50
	Kr.	39.142.993,87

XIII. SJÓÐIR HÁSKÓLANS

Sáttmálasjóður 1968

Tekjur:

1. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	40,00	
b. — veðsk.br. Bsf. starfsm. stjórnarr.	—	440,00	
c. — — — — H.Í. I.	—	32.750,00	
d. — — — — H.Í. II.	—	832,00	
e. — — Júlíusar Sigurjónssonar	—	360,00	
f. — — Hebu Jóhannesson	—	2.970,10	
g. — ávísanareikn. í Lb. nr. 2259 ...	—	5.767,60	
h. — sparisj.innst. í Lb. nr. 921	—	17.515,76	
i. — innst. í Söfnunarsj. Íslands	—	63.043,20	
			kr. 123.718,66
			Kr.. 123.718,66

Gjöld:

1. Samkvæmt úthlutun Háskólaráðs:			
a. Utanfarir háskólakennara	kr.	80.000,00	
b. Studia Islandica	—	18.000,00	
			kr. 98.000,00
2. Tekjur umfram gjöld			— 25.718,66
			Kr.. 123.718,66

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1968.

Eignir:

1. a. Bankavaxtabréf	kr.	1.000,00	
b. Veðsk.br. Bsf. stm. stjórnarr. .	—	4.000,00	
c. — — — H.Í. I	—	804.950,04	
d. — — — H.Í. II. ...	—	20.468,53	
e. — Hebu Jóhannesson ..	—	72.675,58	
f. Innst. í Söfnunarsj. Ísl. A 721 .	—	726.655,81	
g. — í sp.sj. í Landsb. nr. 921 .	—	442.751,75	
			kr. 2.072.501,71
2. Háskólabíó			— 15.420.470,86
			Kr. 17.492.972,57

Skuldir:

1. Ógreitt af eldri fjárveitingum		kr.	79.423,90
2. Lán Happdrættis H.Í.		—	683.991,96
3. Eign 31/12 1967	kr. 14.334.288,60		
Ágóði Háskólabíós 1968	— 2.369.549,45		
	kr. 16.703.838,05		
Tekjur umfram gjöld	— 25.718,66		
		—	16.729.556,71
		Kr.	17.492.972,57

Prófgjaldasjóður 1968

Tekjur:

1. Innritunargjöld		kr.	446.000,00
2. Prófgjald		—	39.500,00
3. Árleg skrásetning		—	168.000,00
4. Gjöld utansafnaðarmanna		—	271.396,00
5. Vextir		—	143.023,65
6. Arður af Hagamel 16		—	2.816,45
		Kr.	1.070.736,10

Gjöld:

1. Styrkir til menningarmála		kr.	220.000,00
2. Fyrirlestrar		—	14.000,00
3. Ferðakostnaður		—	46.835,25
4. Endurskoðun		—	20.000,00
5. Félagsfræðinefnd		—	7.000,00
6. Sáttmálasjóður, gr. skuld		—	12.000,00
7. Risna		—	12.000,00
8. Sýningarvél		—	10.000,00
9. Vélritunarkostnaður v/deilda		—	28.646,00
		Kr.	370.481,25

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1968.

Eignir:

Verðbréf og innstæður	kr. 2.867.043,70
	Kr. 2.867.043,70

Skuldir:

Eign 1. jan. 1968	kr. 2.315.455,55	
+ tekjur á árinu	— 1.070.736,10	
	kr. 3.386.191,65	
÷ Fjárveitingar á árinu	kr. 370.481,25	
Hl. Stúdentask.sjóðs af innritunargj. ..	— 148.666,70	
	—	519.147,95
		kr. 2.867.043,70
		Kr. 2.867.043,70

Almanakssjóður

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1968	kr.	1.285.544,55
2. Gjöld af dagatölum	—	147.322,00
3. Vextir 1968	—	70.803,12
4. Arður af Hagamel 16	—	21.123,40
5. Árgjald Þjóðvinafélagsins	—	1.500,00
	Kr.	1.526.293,07

Gjöld:

1. Styrkur til Þjóðvinafélagsins	kr.	100.000,00
2. Eign í árslok 1968	—	1.426.293,07
	Kr.	1.526.293,07

Stúdentaskiptasjóður

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1968	kr.	168.569,80
2. Frá ríkissjóði	—	120.000,00
3. Frá Prófgjaldasjóði: ⅓ hluti skrásetningargjalda 1968	—	138.000,00
4. Sparisjóðsvextir 1968	—	6.181,38
	Kr.	432.751,18

Gjöld:

1. Greiddir styrkir til stúdentaskipta:			
Læknadeild	kr.	26.500,00	
Viðskiptadeild	—	67.500,00	
Heimspekideild	—	10.000,00	
Tannlæknadeild	—	77.000,00	
Lagadeild	—	39.500,00	
Verkfræðideild	—	13.500,00	
Guðfræðideild	—	16.000,00	
		kr.	250.000,00
2. Eign í árslok 1968		—	182.751,18
		Kr.	432.751,18

Aðrir sjóðir.	*Eign í árslok 1967*	*Vextir 1968*	*Aðrar tekjur*	*Greitt úr sjóðnum*	*Eign í árslok 1968*
Prestaskólasjóður	21.560,20	1.700,47	.....	.....	23.260,67
Gjöf Halldórs Andréssonar	10.187,95	762,76	.....	.....	10.950,71
Minningarsjóður Helga Hálfdanarsonar	10.025,36	812,99	.....	.....	10.838,35
Heiðurslaunasjóður Ben. S. Þórarinssonar	34.137,00	3.091,61	.....	.....	37.228,61
Bræðrasjóður Háskóla Íslands	55.118,77	4.125,80	.....	.....	59.244,57
Háskólasjóður Hins íslenzka kvenfélags	58.172,36	3.809,30	.....	.....	61.981,66
Bókastyrkssjóður próf. Guðmundar Magnússonar	7.804,30	546,28	.....	.....	8.350,58
Styrktarsjóður læknadeildar háskólans	79.597,95	6.761,78	.....	.....	86.359,73
Minningarsjóður Hannesar Hafsteins	67.418,89	4.709,49	.....	.....	72.128,38
Dánarsjóður Björns M. Ólsens	122.266,99	7.713,93	.....	.....	129.980,92
Legat Guðmundar Magnússonar og Katrínar Skúladóttur	322.168,68	22.385,97	.....	.....	344.554,65
Styrktarsjóður Jóhanns Jónssonar	82.466,46	6.212,15	.....	5.000,00	83.678,61
Minningarsjóður Halldórs H. Andréssonar	6.324,34	397,95	.....	200,00	6.522,29
Dánargjöf Þórarins Jónssonar á Halldórsstöðum	49.099,14	3.421,27	.....	.....	52.520,41
Foreldra og sjö bræðra sjóður	33.692,13	3.292,83	.....	.....	36.984,96
Gjöf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930	84.614,07	5.697,56	.....	.....	90.311,63
Styrktarsjóður Lárusar H. Bjarnasonar hæstaréttardómara	6.663,20	633,00	.....	.....	7.296,20
Minningarsjóður Jóns biskups Vídalíns	7.990,43	759,09	.....	.....	8.749,52
Gjöf dr. Hannesar Þorsteinssonar	104.170,31	7.295,37	.....	.....	111.465,68
Minningarsjóður Jóns prófasts Guðmundssonar	20.937,04	1.393,79	.....	.....	22.330,83
Minningarsjóður Haralds prófessors Níelssonar	41.345,25	3.119,05	.....	10.000,00	34.464,30
Columbiasjóður	1.064.883,72	51.532,34	201.861,22	.....	1.318.277,28

Aðrir sjóðir.		*Eign í árslok 1967*	*Vextir 1968*	*Aðrar tekjur*	*Greitt úr sjóðnum*	*Eign í árslok 1968*
Minningarsj. Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar		328.784,81	22.463,19	.....	37.800,00	313.448,00
Afmælisgjöf Styrktarsjóðs verzlunarmanna á Ísafirði		35.231,25	2.374,58	.....	.....	37.605,83
Minningarsjóður Páls Bjarnasonar skólastjóra		3.338,31	234,00	.....	.....	3.572,31
Framfarasjóður stúdenta		27.448,24	2.682,60	.....	.....	30.130,84
Minningarsj. sýslumannshjóna Eggerts og Ingibjargar Briem		13.947,57	1.363,14	.....	.....	15.310,71
Det danske selskabs studenterlegat		24.195,03	1.693,65	.....	.....	25.888,68
Sjóður dr. E. Munksgaards	danskar kr.	21.666,47	1.252,72	.....	1.342,67	21.576,52
	íslenzkar kr.	848,41	59,36	.....	.....	907,77
Gjafasjóður Jóns og Þóru Magnússon		16.147,00	1.130,29	.....	.....	17.277,29
Minningarsjóður norskra stúdenta		255.163,92	16.404,18	.....	15.000,00	256.568,10
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar		477.233,30	37.566,00	.....	10.000,00	504.799,30
Minningarsjóður Jóns Ólafssonar ritstjóra		21.920,72	2.142,38	.....	.....	24.063,10
Verðlaunasjóður dr. juris Einars Arnórssonar		39.118,52	2.661,33	.....	3.000,00	38.779,85
Gjafasjóður Þorkels Þorlákssonar		6.341,70	443,87	.....	.....	6.785,57
Minningarsjóður Benedikts sýslumanns Sveinssonar		42.301,41	2.995,09	.....	.....	45.296,50
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings		205.918,13	13.915,22	.....	8.700,00	211.133,35
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents		95.310,06	9.179,85	20.000,00	.....	124.489,91
Gjafasjóður Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra .		111.417,74	7.435,34	.....	.....	118.853,08
Verðlaunasjóður Alfreds Benzons		210.286,23	13.369,77	.....	15.000,00	208.656,00
Gjöf 1. apríl-nefndar		230.971,06	16.167,49	.....	.....	247.138,55
Minningarsjóður Páls Briems amtmanns		89.997,25	6.944,04	.....	.....	96.941,29
Minningarsjóður próf. Jóns Jóhannessonar		97.671,99	7.809,00	.....	.....	105.480,99

Aðrir sjóðir.	*Eign í árslok 1967*	*Vextir 1968*	*Aðrar tekjur*	*Greitt úr sjóðnum*	*Eign í árslok 1968*
Minningarsjóður frú Sigríðar Magnúsdóttur	27.863,58	1.950,41	.....	.....	29.813,99
Minningarsjóður dr. Þorkels Jóhannessonar	98.403,80	6.888,21	.....	.....	105.292,01
Dánargjöf Thomasar J. Knudsen	34.719,48	2.430,33	.....	.....	37.149,81
Gjöf Bandalags háskólamanna	201.059,52	18.059,31	.....	.....	219.118,83
Gjöf til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands	77.330,51	6.959,70	.....	.....	84.290,21
Minningarsj. Ólafs Guðmundss. og Katr. Sveinsd. frá Firði .	9.580,52	910,15	.....	.....	10.490,67
Minningarsjóður dr. Ólafs Lárussonar prófessors	10.911,64	805,48	750,00	.....	12.467,12
Minningarsjóður Páls Melsted stúdents	68.563,76	4.598,00	.....	.....	73.161,76
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar	264.777,70	88.111,45	.....	35.000,00	317.889,15
— — — — ..... Can. $	15.000,00	.....	.....	.....	15.000,00
Minningarsjóður um Skúla Johnson	53.917,34	5.122,15	.....	.....	59.039,49
Minningarsjóður systkinanna frá Auðsholti	77.446,72	6.970,14	.....	.....	84.416,86
Rask-sjóður	42.517,98	3.894,93	.....	.....	46.412,91
Ægissíða	15.290,73	1.070,30	.....	.....	16.361,03
Minningarsjóður dr. Alexanders Jóhannessonar	90.946,38	6.366,22	.....	.....	97.312,60
Sofus Thormodsæters Legat	70.289,87	4.920,23	.....	.....	75.210,10
Gjöf Aðalverktaka til Raunvísindastofnunar	108.393,99	7.587,51	.....	.....	115.981,50
Gjöf Framkvæmdabanka Íslands	325.182,00	22.762,74	.....	.....	347.944,74
Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands h/f	139.218,46	9.745,26	.....	.....	148.963,72
Norðmannsgjöf 1964	107.712,24	2.686,51	.....	80.000,00	30.398,75
Gjöf Guðrúnar Brunborg	321.063,88	28.286,37	.....	.....	349.350,25
Háskólasjóður, gjafir kandídata		525,00	15.000,00	.....	15.525,00
Sjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs			100.000,00	.....	100.000,00

XIV. SKÝRSLA
HAPPDRÆTTIS HÁSKÓLA ÍSLANDS
1968

Fyrirkomulag happdrættisins var með sama hætti og síðastliðið ár, 60,000 hlutamiðar í tveim flokkum, eða 120,000 heilmiðar. Sala jókst enn á árinu, og varð hún 209,743 hálfmiðar (206,772 hálfmiðar árið áður) eða 87,39% (86,15%).

Fyrir selda hlutamiða voru greiddar 112.523.940,00 krónur (111.-132.270,00 árið áður). Viðskiptamenn hlutu í vinninga 78.068.250,00 krónur (78.193.250,00). Ágóði af rekstrinum varð kr. 21.347.755,08 (20.520.338,70). Umboðslaun námu kr. 7.876.675,80 (7.779.258,90). Kostnaður við rekstur happdrættisins, annar en umboðslaun, var kr. 5.186.806,98 (4.566.942,33), eða 4,61% (4,11%). Hækkun kostnaðar stafaði aðallega af mikilli hækkun á ýmsum kostnaðarliðum.

Páll H. Pálsson.

Rekstursreikningur árið 1968.

Gjöld:

1. Vinningar	kr.	90.720.000,00
2. Kaup	—	1.822.866,42
3. Sölulaun	—	7.876.675,80
4. Burðargjöld	—	87.764,00
5. Hlutamiðar	—	633.631,00
6. Kostnaður við drátt	—	156.889,45
7. Auglýsingar	—	757.625,45
8. Kostnaður umboðsmanna	—	199.158,80
9. Skrifstofukostnaður o. fl.	—	247.732,11
10. Vinningaskrár	—	307.318,20
11. Símakostnaður	—	42.202,80
12. Húsaleiga	—	252.000,00
13. Ljós og hiti	—	44.330,61
14. Ræsting	—	63.477,59
15. Eyðublöð og bókhaldsbækur	—	90.615,55
16. Stjórnarlaun	—	83.656,00

17. Endurskoðun	—	115.000,00	
18. Happdrættisráð	—	151.972,00	
19. Lífeyrissjóður	—	86.495,00	
20. Opinber gjöld	—	21.766,00	
21. Launaskattur	—	22.305,00	
22. Tap á eigin hlutamiðum	—	4.833.030,00	
23. Afskrifað af áhöldum	—	44.453,14	
			kr. 108.660.964,92
Reksturságóði:			
Ríkissjóður 20%	kr.	4.269.551,00	
Happdrættið	—	17.078.204,08	
			— 21.347.755,08
			Kr. 130.008.720,00

Tekjur:

1. Seldir hlutamiðar	kr.	112.523.940,00
2. Óseldir hlutamiðar, eign Happdr.	—	17.484.780,00
	Kr.	130.008.720,00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1968.

Eignir:

1. Peningar í sjóði	kr.	839.742,34		
2. Hlaupareikn. í Landsb. Íslands	—	136.829,64		
3. Hlaupareikn. í Verzlunarb. Ísl.	—	16.695,80		
4. Hlaupareikn. í Útvegsb. Ísl.	—	141.838,23		
			kr.	1.135.106,01
5. Bankainnistæður			—	64.355.073,28
6. Fyrirfram gr. kostnaður			—	366.499,50
7. Skuldir umboðsmanna			—	225.203,25
8. Ávísanareikningur			—	195.869,50
9. Skrifstofuáhöld f. fyrra ári	kr.	41.231,34		
Skrifstofuáhöld 1968	—	16.109,00		
	kr.	57.340,34		
÷ afskrifað	—	44.453,14		
			—	12.887,20

10. Skuldir viðskiptamanna	—	1.741.251,36
11. Útlagt v/ólokinna byggingarframkvæmda ...	—	20.047.021,02
12. Háskólabíó	—	16.000.000,00
	Kr.	104.078.911,12

Skuldir:

1. Ógreiddir vinningar	kr.	5.449.865,00	
2. Inneignir umboðsmanna	—	103.474,85	
3. Ríkissjóður	—	4.269.551,00	
			kr. 9.822.890,85
4. *Höfuðstólsreikningur:*			
Eftirstövar frá f. á.	kr.	72.330.358,12	
Ágóði 1968	—	21.347.755,08	
Vextir af skuld Hásk.bíós ..	—	1.680.000,00	
Aðrir vextir	—	4.821.506,24	
Ógr.. vinningar frá 1967 ..	—	434.500,00	
Endurgr. v/Raunvísindast. .	—	736.083,91	
	Kr.	101.350.203,35	
÷ Háskólabyggingin	1.437.019,61		
Háskólalóðin	638.512,76		
Íþróttahúsið	144.073,45		
Efnafræðistofan	81.625,40		
Gamla loftskeytastöðin	708,00		
Laugavegur 105	418,25		
Aragata 9	120.019,46		
Tjarnargata 26	11.018,65		
Tjarnargata 44	1.299,00		
Tannlæknadeildin	130.500,00		
Tækjakaup	238.210,00		
Atv.deildarhús	10.227,50		
Vinn. frá f. árum	11.000,00		
Ríkissjóður	4.269.551,00		
	—	7.094.183,08	
	—		94.256.020,27
	Kr.		104.078.911,12

XV. ÝMISLEGT

A. *Breyting á háskólareglugerð.*

AUGLÝSING nr. 72, 30. sept. 1968
um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81/1965.

Forseti Íslands féllst hinn 30. september á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1968 með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

1. gr.

2. tl. 51. gr. falli brott.
Enn fremur falli niður II. liður 52. gr.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

AUGLÝSING nr. 75, 23. okt. 1968
um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 22. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

1. Fyrirsögn núverandi 32. gr. háskólareglugerðar frá 17. júní 1958 með áorðnum breytingum verði:
   A. Um frumskráningu stúdenta til náms.
2. Á eftir núverandi 4. málsgrein bætist:
   B. Um árlega skrásetningu stúdenta til náms.

Stúdentar, aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, skulu láta skrásetja sig árlega á tímabili, er háskólaráð

tiltekur að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að jafnaði í september. Nú er stúdent ekki á stúdentatali Háskólans, sbr. 26. gr. háskólalaga, og verður hann þá ekki skráður, nema hann sanni, að nafni hans sé ranglega sleppt í stúdentaskrá. Skráningargjald er 1000 krónur, og renna 800 krónur til Félagsstofnunar stúdenta, en 200 krónur í Prófgjaldasjóð. Stúdentar hafa ekki rétt til að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skráningu. Þeir njóta og ekki þeirra félagslegu fríðinda, sem því eru samfara að vera stúdent í Háskólanum, sbr. lög 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

Gera skal árlega áætlun um tekjur og gjöld Prófgjaldasjóðs og leggja fyrir menntamálaráðherra til samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 42. gr. laga nr. 60/1957 um Háskóla Íslands og 6. gr. laga nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, kemur til framkvæmda þegar í stað, og fer skráning fram í fyrsta sinn í október 1968, samkv. nánari ákvörðun háskólaráðs.

AUGLÝSING nr. 76, 24. okt. 1968
um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 9. október 1968 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

2. töluliður 48. gr. orðist svo:

Kennslugreinar í viðskiptadeild eru þessar:

1. Þjóðhagfræði í fyrri hluta
2. Þjóðhagfræði í síðara hluta: Almenn.
3. Þjóðhagfræði í síðara hluta: Sérgreind.
4. Almenn rekstrarhagfræði.
5. Framleiðsla fyrirtækja.
6. Sala.
7. Fjármál fyrirtækja.
8. Stjórnun fyrirtækja.
9. Sérgreind rekstrarhagfræði.
10. Íslenzk haglýsing.
11. Lögfræði.
12. Bókfærsla fyrir stúdenta á 1. námsári.
13. Reikningshald.

14. Endurskoðun og verklegar æfingar í bókfærslu og reikningsskilum.
15. Skattskil.
16. Tölfræði.
17. Viðskiptareikningur.
18. Enska.
19. Stærðfræði.
20. Skrifstofustörf.
21. Hagrannsóknir.
22. Hagræn landafræði.
23. Hagsaga.
24. Saga hagfræðikenninga.
25. Fyrirtækið og þjóðfélagið.
26. Markaðsrannsóknir.
27. Opinber stjórnsýsla.

Námsgreinar 21—27 eru kjörgreinar.

Prófessorar viðskiptadeildar ákveða í sameiningu námsefni í hverri einstakri námsgrein. Þeir ákveða og, hvort halda skuli æfingar í einstökum námsgreinum og hvernig þeim æfingum skuli háttað. Við ákvarðanir þessar skulu þeir hafa samráð við kennara í viðkomandi grein.

Stúdent skal leysa af hendi tilskilinn fjölda æfinga í hverri námsgrein.

Viðskiptadeild ákveður, hvenær tímabært er að hefja kennslu í einstökum kjörgreinum. Eftir að kennsla í kjörgrein er hafin, er viðskiptadeild heimilt að fella niður kennslu í einstök ár, ef ekki fæst, að dómi deildarinnar, næg þátttaka stúdenta, eða ef ekki er, að dómi deildarinnar, kostur hæfra kennslukrafta, en stúdent skal þó heimilt að þreyta próf í viðkomandi námsgrein.

2. gr.

50. gr. orðist svo:

Próf í viðskiptafræðum.

Undirbúningspróf.

Stúdent skal standast próf í sérhverju eftirtalinna undirbúningsprófa:

1. Bókfærslu fyrir stúdenta á 1. námsári, skriflegt próf.
2. Skrifstofustörfum, verklegt og skriflegt próf.
3. Stærðfræði, skriflegt próf.
4. Ensku I, skriflegt og munnlegt próf.

Einkunnir í ofantöldum greinum hafa ekki gildi í aðaleinkunn. Til þess að standast próf í bókfærslu þarf stúdent að hljóta að minnsta kosti lægstu 1. einkunn.

Samtímis innritun til undirbúningsprófs er stúdent heimilt að skrá sig til prófs í prófgreinum fyrra hluta prófs með þeim undantekningum, sem greindar eru að neðan.

Fyrra hluta próf.

Prófgreinar í fyrra hluta eru þessar:

1. Almenn rekstrarhagfræði.
2. Þjóðhagfræði.
3. Viðskiptareikningur.
4. Tölfræði.
5. Reikningshald.
6. Enska II.
7. Lögfræði.
8. Íslenzk haglýsing.

Próf í ensku II skal vera skriflegt og munnlegt. Um próf í öðrum greinum er meginreglan sú, að þau skulu vera skrifleg, og ákveður viðskiptadeild, hvort frá þeirri reglu skuli vikið um einstaka prófgrein.

Prófgreinum fyrra hluta er skipað í þrjá flokka: A, B, og C.

Flokkur A.

Flokkur A tekur til prófgreina 1 og 2. Stúdent skal þreyta próf í þeim í lok yfirferðar eða samtímis því, sem hann þreytir próf í greinum prófflokks C. Stúdent skal hljóta einkunnina 7 í hvorri einstakri þessara prófgreina.

Flokkur B.

Flokkur B tekur til allt að þriggja ofannefndra prófgreina 3 til 8. Stúdent er heimilt að þreyta próf í sérhverri þeirra greina, án þess að hafa sagt sig til prófs samtímis í öllum öðrum greinum 3 til 8. Séu þau próf haldin í lok yfirferðar yfir viðkomandi námsgreinar. Stúdent skal þá hafa lokið prófi í ensku I, áður en hann skráir sig til prófs í ensku II, og prófi í bókfærslu áður en hann skráir sig til prófs í reikningshaldi.

Flokkur C.

Prófgreinar í fyrra hluta C eru þær ofantalinna greina 3 til 8, sem stúdent hefur ekki tekið próf í áður. Próf í þessum greinum skulu tekin samtímis.

Prófflokkar B og C mynda í sameiningu einn prófhluta í merkingu 2. málgr. 68. gr. háskólareglugerðar.

Einkunn í prófgrein 3 hefur gildið ½ í aðaleinkunn, einkunnir í öðrum prófgreinum hafa gildið 1.

Ekki má líða lengri tími en 6 kennslumisseri frá innritun, þar til lokið er fyrra hluta prófi. Ef út af bregður, fer stúdent af skrá, og undirbúningspróf falla úr gildi.

Síðara hluta próf.

Prófgreinar í síðara hluta eru þessar:

1. Framleiðsla fyrirtækja.
2. Sala.
3. Fjármál fyrirtækja.
4. Stjórnun fyrirtækja.
5. Sérgreind rekstrarhagfræði.
6. Almenn þjóðhagfræði.
7. Sérgreind þjóðhagfræði.
8. Endurskoðun og verklegar æfingar í bókfærslu og reikningsskilum.
9. Skattskil.
10. Hagrannsóknir I.
11. Hagrannsóknir II.
12. Hagræn landafræði.
13. Hagsaga.
14. Saga hagfræðikenninga.
15. Fyrirtækið og þjóðfélagið.
16. Markaðsrannsóknir.
17. Opinber stjórnsýsla.
18. Ritgerð um efni, sem stúdent velur í samráði við prófessor í deildinni á fyrsta misseri, eftir að hann lauk fyrra hluta prófi.

Um próf er meginreglan sú, að þau skulu vera skrifleg, og ákveður viðskiptadeild, hvort frá þeirri reglu skuli vikið um einstaka prófgrein.

Stúdent skal taka próf í svo mörgum kjörgreinum, að heildargildi einkunna í þeim sé 2½. Einkunnir í 6. og 7. prófgrein hafa gildið 2 í aðaleinkunn. Prófgreinar 10—16 hafa gildið ½. Einkunnir í öðrum prófgreinum hafa gildið 1.

Stúdent er heimilt að þreyta próf í einstökum prófgreinum í lok yfirferðar. Hafi hann ekki neytt þess réttar að því er varðar einhverja grein, skal hann þreyta próf í greininni samtímis því, sem hann gengur undir síðustu próf í þessum prófhluta.

Allar prófgreinar síðara hluta mynda í sameiningu einn prófhluta í merkingu 68. gr. 2. málsgreinar háskólareglugerðar.

Áður en stúdent segir sig til síðara hluta prófs, skal hann afhenda prófritgerð sína vélritaða og leggja fram skilríki um, að hann hafi tekið þátt í eftirfarandi æfingum:

1. Rekstrarhagfræði: Stúdent hafi haldið eitt erindi og afhent kennara það vélritað. Enn fremur hafi stúdent metið tvö erindi í sömu grein flutt af öðrum stúdentum, ef kennari hefur óskað þess.
2. Þjóðhagfræði: Sömu kröfur og um rekstrarhagfræði.

Ekki má líða lengri tími en 6 kennslumisseri frá því, er stúdent lýkur fyrra hluta prófi, þar til hann lýkur síðara hluta prófi. Ef út af bregður, — fellur flokkur B og C fyrra hluta prófs úr gildi, en undirbúningspróf og flokkur A fyrra hluta prófs halda þó gildi sínu í 2 misseri.

Viðskiptadeild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um tímatakmörk við próf, ef stúdent hefur verið veikur, eða öðrum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

Stúdentar, sem skráðir hafa verið til náms eftir 31. ágúst 1964, skulu hlíta hinum breyttu ákvæðum, eftir því sem við getur átt, enda óski stúdent, sem lauk fyrra hluta prófi fyrir vor 1968, ekki eftir að verða prófaður samkvæmt eldri tilhögun.

Kandídatspróf samkv. þeirri tilhögun, er ein gilti til 1. september 1964, verður haldið í síðasta skipti vorið 1969.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

AUGLÝSING nr. 77, 25. okt. 1968
um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 9. október 1968 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

40. gr. B. orðist þannig:

Stúdentar skulu velja sér grein til sérnáms í samráði við kennara og semja ritgerð úr því efni. Í stað sérefnisritgerðar má stunda nám í uppeldisfræðum, þjóðfélagsvísindum, kirkjutónfræðum eða aukið nám í þætti í kennimannlegri guðfræði, kirkjurétti, grísku eða hebresku, sem guðfræðideild metur gilt hverju sinni.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

AUGLÝSING nr. 78, 5. nóv. 1968
um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands hefur í dag, samkvæmt tillögu menntamálaráðherra, staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

2. tl. 51. gr. orðist svo:

Almenn málvísindi og hljóðfræði til forprófs.

II. liður 52. gr. orðist svo:

Próf í almennum málvísindum og hljóðfræði. Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspekideild, er undir próf ganga í tungumálum, einu eða fleiri. Stúdent er skylt að hafa lokið prófinu, áður en hann lýkur 1. stigs prófi í tungumáli, samkv. 53. gr. I.

Prófið er aðeins skriflegt. Nú hefur stúdent sagt sig til prófs, en stenzt ekki prófið eða kemur ekki til prófs og hefur lögmæt forföll, og er þá skylt að halda endurpróf í lok vormisseris.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði hennar einnig til þeirra stúdenta, sem þegar hafa innritazt og eiga ólokið umræddum prófum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er stúdent að ganga undir 1. stigs próf í tungumáli í janúar 1969 án þess að hafa lokið forprófi í almennum málvísindum og hljóðfræði, enda gildir prófið ekki, nema hann standist forprófið fyrir lok vormisseris.

AUGLÝSING nr. 94, 12. nóv. 1968

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 12. nóvember 1968 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Við 43. gr. 2. tölulið bætist:

Þær þrjár prófgreinir, sem greindar eru í þessum tölulið, teljast prófhluti í merkingu þessarar reglugerðar.

2. gr.

Fyrri málsgrein 43. gr. 6. töluliðs orðist svo:

Stúdent telst ekki hafa staðizt upphafspróf, sbr. 2. tölulið, hafi

hann hlotið lægri meðaleinkunn en 9 í hinum þremur prófgreinum eða undir 7 í einhverri þeirra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 42. gr. laga nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi, og taka ákvæði hennar til þeirra stúdenta, sem innritast til náms í læknadeild frá haustinu 1968 að telja.

AUGLÝSING nr. 81, 26. júní 1969

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 26. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

1. gr.

Framan við 42. gr. bætist svofellt ákvæði:

Inntökuskilyrði:

Aðgang að læknisfræðinámi í læknadeild hafa þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenzka menntaskóla eða öðru samsvarandi prófi. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í stúdentsprófi sem skilyrði inntöku.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

AUGLÝSING nr. 85, 4. júlí 1969

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 4. júlí 1969 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Á eftir 1. málslið 2. töluliðar 43. gr. komi ný setning, svo hljóðandi:

Þó er einnig heimilt að halda próf í janúarmánuði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

B. *Lög.*

LÖG nr. 22, 12. maí 1969
um breytingu á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Háskólans er falin háskólaráði, rektor og háskólaritara.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum Háskólans og háskólastofnana og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu Háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan Háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi Háskólans og vinnur sérstaklega að mörkun á heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.

Háskólaritari hefur eftirlit með daglegri starfsemi Háskólans. Hann hefur í umboði rektors heimild til að skuldbinda Háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Hann hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða Háskólann.

Rektor eða háskólaritari leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum, er snerta Háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstak-

lega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

2. gr.

3. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og einn fulltrúi stúdenta á fundum háskóladeilda eftir ákvörðun aðalfunda í viðkomandi deildarfélagi stúdenta, svo og formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af stúdentaráði, og einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúi, er Félag háskólakennara tilnefnir, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess, sem forfallaður er.

4. gr.

5. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

5. gr.

7. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar háskólaritara, að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar annað starfslið, eftir því sem fé er veitt til og að fengnum tillögum háskólaráðs, en starfslið við stjórnun deilda ræður háskólaritari, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og háskólaritara. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

7. gr.

9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræði- og raunvísindadeild og viðskiptadeild. Þegar þrír prófessorar verða skipaðir í tannlæknisfræðum, getur menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og læknadeildar mælt svo fyrir, að sérstök tannlæknadeild verði stofnuð.

Við Háskólann starfa rannsóknarstofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykkt menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.

8. gr.

10. gr. orðist svo:

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, stundakennarar og erlendir sendikennarar.

Dósentar og lektorar skulu vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun eða mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna á rannsóknarstofnunum og öðrum háskólastofnunum.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann, halda starfsheitum sínum.

9. gr.

11. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda sendikennara, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði skuli gilda við skipun lektora, svo og sérfræðinga við rannsóknarstofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

10. gr.

14. gr. orðist svo:

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 8. gr. 2. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar, sem starfa við Háskólann við gildistöku laga þessara, svo og aðjúnktar megi sitja deildarfundi.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundi, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að deild sé skipt í skorir (sek-

tionir) eftir kennslugreinum, og fjalli hver skor um málefni kennslugreinar eftir því, sem nánar segi í reglugerð.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnarnefnd í háskóladeild (deildarráð), og skal þá m. a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

11. gr.

15. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er gegnir forsetastörfum.

12. gr.

Við 17. gr. laganna bætist þessi málsliður:

Heimilt er samkvæmt ákvörðun háskólaráðs að halda próf utan kennsluársins, þegar sérstaklega stendur á.

13. gr.

18. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráðstafa skuli kennslunni.

14. gr.

19. gr. 2. mgr. orðist svo:

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kennari sá, sem víkur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Staðgengill tekur sæti þess, sem víkur, á deildarfundum og hefur þar atkvæðisrétt, enda sé hann settur til að gegna embætti eða starfi fastráðins kennara.

15. gr.

21. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenzkt stúdentspróf.

16. gr.

Á eftir 21. gr. 3. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega

skrásetningu stúdenta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skráð sig til náms.

17. gr.

26. gr. orðist svo:

Afskipti Háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við Háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms. Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki stundað nám við Háskólann í tvö kennslumisseri samfleytt, eftir því sem þær kröfur um námsástundun eru greindar í reglugerð fyrir skólann í heild eða einstakar námsgreinir. Nú hefur stúdent gert háskóladeild sinni viðhlítandi grein fyrir fjarvistum, og skal þá ekki má nafn hans af stúdentaskrá, þótt hann sæki ekki Háskólann allt að fjögur misseri, enda skrái hann sig í árlegri skráningu.

18. gr.

Við 27. gr. bætast svofelld ákvæði, er verði 2., 3. og 4. málsgreinar:

Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Nú stenzt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðizt hafa próf, til að endurtaka prófið.

19. gr.

29. gr. 1. málsgr. síðasti málsliður orðist svo:

Við meistarapróf dæma þó kennarar hlutaðeigandi deildar einir.

20. gr.

29. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein segir, getur viðkomandi deild mælt svo fyrir, að prófdómandi utan Háskólans dæmi

próf í stað innan skóla prófdómanda, og við próf í forspjallsvísindum skal vera einn prófdómandi utan Háskólans.

21. gr.

30. gr. orðist svo:

Forseti háskóladeildar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

22. gr.

Við 31. gr. i. f. bætist svo hljóðandi málsliður:

Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

23. gr.

37. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

a) Í guðfræðideild 4, b) í læknadeild 16, c) í lagadeild 6, d) í heimspekideild 14, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36, 18. apríl 1962, 6. gr., e) í verkfræði- og raunvísindadeild 6, f) í viðskiptadeild 4.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt úr gildi 1. gr. laga nr. 27 29. apríl 1967, um breytingu á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Fulltrúi, er Félag háskólakennara nefnir til setu í háskólaráði, tekur sæti þar 1. maí 1969 og sama er um annan fulltrúa, sem Stúdentaráð Háskóla Íslands tilnefnir. Frá sama tíma tekur annar fulltrúi stúdenta á deildarfundi sæti þar.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Við rektorskjör í maí 1969 skal veita félagi tannlæknanema kost á að nefna einn fulltrúa, er atkvæðisrétt á um kosningu rektors. Fulltrúar deildarfélaga, sem sæti eiga á fundum háskóladeilda við

gildistöku laga þessara, einn frá hverri deild, skulu eiga kost á að taka þátt í rektorskjöri í maí 1969. Ef um fleiri fulltrúa en einn er að ræða, ákveður stjórn deildarfélags, hvaða fulltrúi skuli hafa atkvæðisrétt við rektorskjör í maí 1969.

LÖG nr. 51, 19. maí 1969
um breytingu á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:

Stofna skal við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt sé við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda. Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkv. lögum nr. 30 24. marz 1956, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsögn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður, sbr. 18. gr. laga nr. 60/1957. Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um aldurshámark starfsmanna ríkisins, eiga við embætti þetta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

LÖG nr. 25, 23. apríl 1969
um breytingu á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo:Hlutatalan má ekki fara fram úr 65000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Enn fremur er heimilt að gefa út B-flokk hlutamiða, svo og nýjan flokk, C-flokk, sem báðir séu tengdir við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

LÖG nr. 27, 2. maí 1969
um Handritastofnun Íslands.

1. gr.

Tilgangur Handritastofnunar Íslands er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveizlu gagna um þessi efni, rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

3. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin hefur tekið við starfi handritaútgáfunefndar háskólans.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um skipun hans í starfið fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora.

Til aðstoðar honum séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til náms og starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 36 /1962, um Handritastofnun Íslands.

XVI. STÖRF STÚDENTARÁÐS OG STÚDENTAFÉLAGS HÁSKÓLA ÍSLANDS

Skýrsla formanns Stúdentaráðs starfsárið 1968—69.

Skipan ráðsins.

Stjórn: Form. Höskuldur Þráinsson, stud. phil., varaform. og form. utanríkisnefndar Guðjón Magnússon, stud. med., form. menntamálanefndar Páll Jensson, stud. polyt., form. hagsmunanefndar Þorsteinn Ingólfsson, stud. jur., gjaldkeri Björgvin B. Schram, stud. oecon.

Aðstoðargjaldkeri var lengst af María Gunnlaugsdóttir, stud. phil. (varamaður Kristínar Blöndal).

Einstakar nefndir voru þannig skipaðar auk formanna:

Menntamálanefnd: Högni Óskarsson, stud. med. (varamaður Eddu Björnsdóttur), Allan V. Magnússon, stud. jur. (varamaður Gylfa Knudsen), Jón Hilmar Jónsson, stud. phil., Sigurður Sigurðsson, stud. theol., Þórður Jónsson, stud. oecon. (varamaður Agnars Friðrikssonar), Einar Ragnarsson, stud. odont. (hvarf úr ráðinu s. hl. starfsárs og við tók Jón Viðar Arnórsson).

Hagsmunanefnd: Helgi Bjarnason, stud. polyt., Úlfar Guðmundsson, stud. theol., Jón Friðjónsson, stud. phil., Páll Gústafsson, stud. oecon., Lúðvík Ólafsson, stud. med., Sigfús Þór Elíasson, stud. odont. Auk þess sat Friðrik Sophusson í nefndinni undir lokin sem varamaður Þorsteins Ingólfssonar.

Utanríkisnefnd: Benedikt Guðbjartsson, stud. jur., Júlíus Sæberg Ólafsson, stud. oecon., Katrín Fjeldsted, stud. med., Ármann Sveinsson, stud. jur., er lézt á miðju starfsári og við tók Björn Ástmundsson, stud. jur.

Framkvæmdastjóri ráðsins var Björg Sveinbjörnsdóttir.

Fundahöld.

Stúdentaráðsfundir urðu alls 12 (þar af 1 tveggja daga). Fastráðinn fundarritari var Pétur Pétursson, stud. med. Stjórnarfundir urðu

alls 54 bókaðir. — Auk þessara venjulegu funda var efnt til fundar með formanni háskólanefndar Jónasi H. Haralz og Ármanni Snævarr, háskólarektor. — Stjórn ráðsins fór á fund með háskólaráðsmönnum, formönnum deildarfélaga, háskólarektor og menntamálaráðherra. — Enn eru svo ótaldir fundir fastanefnda Stúdentaráðs og smærri nefnda.

Atvinnumál.

Er sumarið 1968 fór í hönd, var auglýst eftir atvinnulausum stúdentum og atvinnurekendum í leit að vinnukrafti jafnframt bent á að hafa samband við skrifstofu Stúdentaráðs. Milli 10 og 15 stúdentar gáfu sig fram, og tókst að veita flestum einhverja úrlausn.

Barnaheimili.

Barnagæzlumál stúdenta urðu brýnt viðfangsefni vegna sérstakra ráðstafana á barnaheimilum Sumargjafar. Ríkið fékkst til að kaupa húseignina Efri-Hlíð af Reykjavíkurborg og afhenda stúdentum til barnaheimilisreksturs. Félagsstofnun stúdenta tók síðar við rekstri barnaheimilisins. Í úthlutunarnefnd barnaheimilisrýmis voru skipaðir Þorkell Guðbrandsson, stud. med., Ingólfur Hjartarson, stud. jur. og Jóhannes L. L. Helgason, háskólaritari.

Félagsstofnun stúdenta.

Þegar þetta Stúdentaráð tók við, var nýbúið að afgreiða frá Alþingi lög um Félagsstofnun stúdenta. Eitt fyrsta verk ráðsins var því að skipa fulltrúa stúdenta í stjórn félagsstofnunarinnar. Þessir voru skipaðir: Aðalmenn: Þorvaldur Búason, mag. scient., Guðmundur Þorgeirsson, stud. med., Björn Bjarnason, stud. jur. Varamenn: Steinar Berg Björnsson, cand. oecon., Guðm. Pálmi Kristinsson, stud. polyt., Valur Valsson, stud. oecon.

Stúdentaráð hafði síðan forgöngu um boðun fyrsta fundar, og þar var Þorvaldur Búason kosinn formaður stjórnarinnar.

Stúdentaheimilið.

Við lok háskólaársins 1967—1968 veitti háskólaráð af miklum rausnarskap 5 millj. kr. styrk til byggingar stúdentaheimilis sem eins konar tannfé til Félagsstofnunar, og hafði fjármálaráðherra gefið góð orð um samsvarandi framlag af ríkisfé. Með nýrri kostnaðaráætlun kom í ljós, að þrátt fyrir þessi framlög vantaði enn 11 millj. til að nægilegt fjármagn væri fyrir hendi til að fullgera heimilið. Samkvæmt tillögu fjármálaráðherra féllst háskólaráð á að leggja fram helming þessarar viðbótarupphæðar, en þegar þetta er

ritað, hefur enn ekki fengizt fullnaðarsvar frá ríkisstjórninni um viðbótarframlag af ríkisfé. Stúdentaráð hefur sent frá sér greinargerð um nauðsyn þessa máls til háskólaráðs, stjórnar Félagsstofnunar, ríkisstjórnar og allra alþingismanna. Í byggingarnefnd stúdentaheimilisins tók Jóhann Heiðar Jóhannsson, stud. med., við af Leifi Benediktssyni, stud. polyt., á starfsárinu.

Garðamál.

Erfiðlega hefur gengið að fá um það fullnaðarsvar frá réttum aðilum, hvort eða hvar stúdentabyggð fái inni á háskólalóðinni. Félagsstofnun stúdenta hefur skipað nefnd til að undirbúa og kanna þetta garðamál allt, og hefur Allan V. Magnússon átt sæti í þeirri nefnd sem fulltrúi Stúdentaráðs.

Rekstur félagslegra fyrirtækja.

Félagsstofnun stúdenta hefur nú tekið við rekstri hótels, garða, kaffistofu, mötuneytis, bóksölu, ferðaþjónustu o. þ. u. l.

Ýmsar nefndir og ráð.

Til viðbótar við þá fulltrúa, sem Stúdentaráð hefur skipað í ráð og nefndir, sem þegar hefur verið getið um, má helzt telja þetta:

Háskólaráð: Úlfar Guðmundsson, stud. theol.
Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna: Úlfar Guðmundsson, stud. theol.
Stjórn íþróttahúss: Guðjón Magnússon, stud. med.
Byggingarnefnd kennsluhúss: Helgi Bjarnason, stud. polyt.
Heilbrigðisþjónustunefnd: Pétur Lúðvíksson, stud. med.
Bókasafnsnefnd: Jón Kristjánsson, stud. jur.
Útvarpskynningarnefnd á vegum ÆSÍ: Jón Friðjónsson, stud. phil.
Háskólanefnd: Höskuldur Þráinsson, stud. phil.
Seta á fundum í laganefnd háskólaráðs: Högni Óskarsson, stud. med.

Ráðstefnur.

Stúdentaráð hefur að venju sent fulltrúa á ýmsar ráðstefnur erlendis, og eru þessar helztar:

Norræn formannaráðstefna í Færeyjum í júní 1968.
Fulltrúar: Höskuldur Þráinsson og Guðjón Magnússon.
Framsaga um: Prófessorakannanir og Barnaheimilismál.
Ráðstefna í Vín um lánamál í ágúst 1968 á vegum ISC.
Fulltrúi: Úlfar Guðmundsson.
Ráðstefna í Uppsölum um þátttöku stúdenta í stjórn háskóla um mánaðamót sept.—okt. 1968.

Haldin á vegum norrænu menningarmálanefndarinnar.
Fulltrúi: Höskuldur Þráinsson.
Norræn formannaráðstefna í Helsinki
um mánaðamót nóv.—des. 1968.
Fulltrúar: Höskuldur Þráinsson og Gunnar Benediktsson (við nám í Svíþjóð).
Framsaga um: Jöfnunarsjóð v. formannaráðstefna, Störf kennslustjóra, Námsnefndir, þátttöku stúdenta í rektorskjöri.

Auk þess hafa íslenzkir stúdentar erlendis sótt ýmis þing og ráðstefnur fyrir S.H.Í.

Samstarf við SÍSE.

S.l. sumar (1968) setti stjórnarnefnd samstarfs SHÍ og SÍSE fram hugmyndir um fastara form þess samstarfs. Í nefndinni sátu þá Guðjón Magnússon, form., Björn Bjarnason, fv. form. SHÍ, og Þorvaldur Búason, fv. form. SÍSE. SHÍ fjallaði um málið og setti í það sérstaka nefnd. Í þeirri nefnd sátu Páll Jensson, form., Ármann heitinn Sveinsson og Júlíus Sæberg Ólafsson. Nefndin samdi á grundvelli framkominna tillagna uppkast að samningi milli SHÍ og SÍSE um samstarfið, sem síðar var samþykkt af SHÍ og SÍSE. Samkv. þeim samningi sitja 4 fulltrúar frá SÍSE í Stúdentaráði, 1 í stjórn og 1 í hverri hinna þriggja fastanefnda. Þannig skipað telst SHÍ „National Union of Icelandic Students". Í vetur hefur Guðfinna Ragnarsdóttir, form. SÍSE, setið í stjórn SHÍ, Hilmar Ólafsson í hagsmunanefnd, Leó Kristjánsson í menntamálanefnd og Þorvaldur Búason í utanríkisnefnd sem fulltrúar SÍSE í Stúdentaráði.

Stúdentaþing.

SHÍ og SÍSE efndu á s.l. ári til stúdentaþings í annað sinn. Aðalefni þingsins var menntamál. Höfðu nokkrir stúdentar framsögu um einstök efni og auk þeirra próf. Magnús Magnússon. Samstarfsnefnd SHÍ og SÍSE um menntamál sá um faglegan undirbúning þingsins. Form. þeirrar nefndar var s. hl. starfsárs Elín Ólafsdóttir frá SÍSE. Auk hennar sat í nefndinni Högni Óskarsson frá SHÍ og áður Gylfi Knudsen, stud. jur. og Edda Björnsdóttir, stud. med. — Ályktanir þingsins voru sendar fjölmiðlum og stjórnvöldum, en auk þess gefnar út í bæklingi, er fylgdi Vettvangi SÍSE og SHÍ.

Vettvangur SÍSE og SHÍ.

Samkv. áliti nefndar, er í áttu sæti Gylfi Ísaksson frá SÍSE og Gylfi Knudsen og Högni Óskarsson frá SHÍ, var á s.l. hausti hafin útgáfa sameiginlegs blaðs SÍSE og SHÍ, er hlaut nafnið Vettvangur

SÍSE og SHÍ. í ritstjórn völdust Brynjúlfur Sæmundsson, stud. mag., ritstjóri, og auk hans Ásdís Egilsdóttir, stud. phil. og Ólafur Grímur Björnsson, stud. med. frá SHÍ, en Guðlaugur Tr. Karlsson og síðar Gylfi Ísaksson frá SÍSE. Síðar lét Brynjúlfur af störfum ritstjóra eftir útg. 3. tbl., en við tók Ólafur Grímur Björnsson.

Námskynningar.

Námskynningar fóru fram með samvinnu SHÍ og SÍSE s.l. haust á svipaðan hátt og undanfarin ár. Í námskynningarnefnd sátu Allan V. Magnússon og Einar Ragnarsson frá SHÍ og Leó Kristjánsson frá SÍSE.

Útgáfustarfsemi.

Upplýsingabæklingurinn *Vituð ér enn ...?* kom út s.l. haust, og höfðu Jón Hilmar Jónsson og Höskuldur Þráinsson að mestu annazt undirbúning þeirrar útgáfu f. h. SHÍ, en háskólaráð veitti styrk úr Prófgjaldasjóði. — *Stúdentahandbók* kom út í haust. Til hennar var ráðinn sérstakur ritstjóri á launum, Sigurður Pálsson. — Utanríkisnefnd gaf út *kynningarbækling um ISC og IUS*. Tóku Júlíus Sæberg Ólafsson og Benedikt Guðbjartsson saman greinarnar um samtökin. — Gefinn var út bæklingur um *námstækni*, þýddur úr ensku. Menntamálanefnd átti frumkvæðið að útgáfunni, en Höskuldur Þráinsson og Jón Hilmar Jónsson sáu um þýðingu og undirbúning útgáfu. Háskólaráð og menntamálaráðuneyti styrktu útgáfuna rausnarlega.

Aukin þátttaka stúdenta í stjórn H.Í.

Í desemberbyrjun sendi Stúdentaráð háskólaráði fullmótaðar tillögur um aukna þátttöku stúdenta í stjórn Háskólans, en þær tillögur voru að mestu byggðar á ályktunum stúdentaþings um þetta efni. Í tillögunum var gert ráð fyrir, að stúdentar fengju 2 fltr. með fullum réttindum á deildarfundum og í háskólaráði og auk þess áhrif á rektorskjör, er næmu 25% atkvæðamagns. Háskólaráð féllst strax á fyrra atriðið, en velti tillögunum um rektorskjörið lengi fyrir sér. Kom svo að lokum, að stúdentar almennt urðu óþolinmóðir og óformleg samtök stúdenta boðuðu til mótmælasetu framan við skrifstofu rektors til að mótmæla þeim drætti, er orðið hafði á afgreiðslunni. Háskólaráð féllst loks á það meginsjónarmið, að stúdentar ættu rétt á einhverri þátttöku í rektorskjöri. Skyldu 10 kjörmenn stúdenta taka þátt í rektorskosningum. Um nánari ákv. vísast til laga, er samþykkt voru um Háskólann vorið 1969. Þessi kjörmannatala jafngilti nál. 16% atkvæðamagns, en ekki 25%, eins og gert var ráð fyrir í tillögum Stúdentaráðs.

Námsnefndir.

Stúdentaþing 1968 ályktaði, að stofna skyldi sérstakar námsnefndir við hverja deild Háskólans. Skyldu 4—6 menn sitja í hverri námsnefnd, jafnmargir stúdentar og kennarar. Um sama leyti fluttu prófessorarnir Magnús Már Lárusson og Bjarni Guðnason tillögu í háskólaráði svipaðs efnis. Háskólaráð staðfesti síðan ákveðinn ramma um starf þessara nefnda, og hafa þær nú tekið til starfa í öllum deildum.

Haustpróf og kennslufræðinámskeið.

Háskólaráði voru sendar tillögur um haustpróf í öllum deildum. Ráðið samþykkti, að deildir skyldu haga því máli að vild sinni. Háskólaráði var einnig sent bréf með tillögum um kennslufræðinámskeið fyrir kennara Háskólans og bent á prófessorinn í uppeldisfræðum sem upplagðan leiðbeinanda. Hann tók málinu fjarri og féll það niður við svo búið.

Breyttir og bættir kennsluhættir.

Háskólarektor boðaði að beiðni Stúdentaráðs til sérstaks fundar um efnið „Breyttir og bættir kennsluhættir". Fundinn sátu auk rektors menntamálanefnd Stúdentaráðs, stjórnarmenn úr Stúdentaráði, nokkrir gestir og 1 kennari úr hverri deild Háskólans.

Prófessorakönnun.

„Könnun á mati stúdenta á kennsluháttum prófessora" fór fram í öllum deildum, nema heimspekideild, en þar fór hún fram á fyrra ári. Fulltrúum úr menntamálanefnd og frá viðkomandi deildarfélagi var falið að ræða niðurstöðurnar við viðkomandi prófessora, en að þessu sinni skyldu aðeins birtar heildarniðurstöður í Vettvangi, nema deildarfélag óskaði annars.

Skoðana- og hátterniskönnun stúdenta.

Þessi könnun hefur verið á döfinni á 3ja ár og fór loks fram í vetur. Dr. Björn Björnsson og Frederik Bredahl-Petersen (danskameríkur félagsfræðingur) endurskoðuðu uppkast SHÍ að spurningalista. Háskólaráð greiðir kostnað við könnunina, en menntamálanefnd Stúdentaráðs sá um framkvæmdina. Páll Jensson, form. menntamálanefndar, og Oddur Benediktsson, starfsm. Reiknistofnunar, höfðu umsjón með vélavinnu, en dr. Björn Björnsson mun sjá um útgáfu heildarniðurstaðna.

Ýmis hagsmunamál.

Fríðindi voru aukin nokkuð s.l. haust. Má þar nefna ókeypis aðgang að kvöldsýningum í Háskólabíói, hækkaðan afslátt í ýmsum verzlunum, ókeypis aðgang að öllum sundstöðum borgarinnar o. fl.

Lánamál hafa verið talsvert á dagskrá. Reynt var að fá fram hækkun á lánum, er svaraði til gengisfellingarinnar á s.l. hausti, og tókst eftir vonum.

Ýmis utanríkismál.

Utanríkisnefnd hafði forgöngu um, að SHÍ sendi frá sér ályktun um innrásina í Tékkóslóvakíu til tékkneska sendiráðsins og stúdentasamtaka innrásarríkjanna.

Eftir áramótin 1968—1969 leystust samtökin ISC (International Student Conference) upp, en SHÍ hefur átt aðild að þeim um árabil. Til að bæta úr því sambandsleysi við umheiminn, sem þetta gæti leitt af sér, hefur SHÍ athugað möguleika á aukinni þátttöku í norrænu stúdentasamstarfi.

SHÍ hefur tekið þátt í útgáfu *Nordic Student Newletter* eins og á fyrra ári og sent greinar í það. Páll Gústafsson var ráðinn sérlegur ritstjóri NSN hér til að fylgjast með framlagi SHÍ.

Samstarf við deildarfélögin.

Reynt var að efla samstarf við deildarfélög með fundum með formönnum deildarfélaga. M. a. var rætt um hugsanlega samvinnu Stúdentaráðs og deildarfélaganna á sviði fjölritunar, vélritunar og blaðaútgáfu, og í framhaldi af því um vísi að háskólaforlagi, sem Félagsstofnunin gæti rekið.

Samvinna við SFHÍ.

Samvinna SHÍ og SFHÍ hefur verið nánari í vetur en áður. Má þar nefna fundi um málefni stúdenta, sem SFHÍ hefur efnt til með framsögu stúdentaráðsmanna, anddyrisfundi í frímínútum, er vakið hafa mikla athygli, og nú síðast undirbúning útgáfu sameiginlegs blaðs SHÍ (+ SÍSE) og SFHÍ, sem dreifa skal inn á hvert heimili á landinu. Blaðið verður helgað 17. júní 1969, en fyrir SHÍ sitja í ritstjórn þess Friðrik Sophusson og Gylfi Ísaksson.

Fastur viðtalstími við rektor.

Til að tryggja betra samband stúdenta við háskólastjórn, hafa stúdentasamtökin í skólanum fengið sérstakan, fastan viðtalstíma við háskólarektor. Hefur það orðið til hins mesta hagræðis.

———

Vegna rúmleysis verður þetta að nægja um starf SHÍ síðastliðið starfsár.

Reykjavík, í apríl, 1969.

Höskuldur Þráinsson.

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLA ÍSLANDS 1968—1969.

Formaður félagsins, Ólafur Grétar Guðmundsson, stud. med., tók saman.

Kosningar til stjórnar SFHÍ fóru fram 12. október 1968. Tveir listar komu fram, A-listi Vöku, og B-listi, borinn fram af 15 stúdentum. Úrslit kosninganna urðu þau, að listi Vöku hlaut 420 atkvæði og fjóra fulltrúa kjörna, en B-listinn hlaut 410 atkvæði og þrjá fulltrúa kjörna. Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, hlaut nú meirihluta í stjórn hins endurreista stúdentafélags í fyrsta sinn. Stjórn SFHÍ starfsárið 1968—1969 var því þannig skipuð: Af A-lista Vöku, Ólafur Grétar Guðmundsson, stud. med., formaður, Ellert Kristinsson, stud. oecon., varaformaður, Skúli Sigurðsson, stud. jur., gjaldkeri, og Bjarni P. Magnússon, stud. med., meðstjórnandi. Af B-lista, Sveinn Rúnar Hauksson, stud. med., ritari, Finnur Torfi Stefánsson, stud. jur., meðstjórnandi, og Jóhann Bergmann, stud. polyt., meðstjórnandi.

Stjórnin hélt fyrsta fund sinn 16. október 1968, og alls urðu bókaðir stjórnarfundir 33, sá síðasti 13. október 1969. Helztu stefnumál félagsins þennan vetur voru eftirtalin: Í fyrsta lagi, að stúdentar hæfu öfluga sókn fyrir hagsmunamálum sínum og Háskólans, undir yfirskriftinni „Háskólaár". Í öðru lagi, að Stúdentafélagið beitti sér fyrir siðbót í íslenzku stjórnmálalífi, m. a. með því að efla hlut einstaklingsins á kostnað „sálarlausra stjórnmálaflokka", og í þriðja lagi, að beita sér fyrir því,, að Ísland yrði áfram í Atlantshafsbandalaginu. Þetta voru höfuðatriði stefnuskrár Vöku fyrir kosningarnar.

Samstarf innan stjórnar var eftir atvikum gott, og fékkst oft víðtæk samstaða um ýmis mál.

Lögboðnar nefndir félagsins voru eftirtaldar og formenn þeirra: *Hátíðanefnd 1. desember:* Friðrik Sóphusson, stud. jur. *Ritnefnd Stúdentablað 1. desember:* Magnús Gunnarsson, stud. oecon. *Fundanefnd:* Jón Magnússon, stud. jur. *Bókmennta- og listkynninganefnd:*

Hrafnhildur Stefánsdóttir, stud. jur. *Ritstjórn Stúdentablaðs:* Stefán Skarphéðinsson, stud. jur., ritstjóri. *Stjórn Þjóðabandalags:* Vidar Toreid, stud. med. *Stúdentaakademía 1968—'69:* Sigurður H. Guðmundsson, stud. theol., forseti.

Hátíðahöldin 1. desember 1968 voru óvenjulega viðamikil og vegleg, þar eð fagnað var 50 ára fullveldi þjóðarinnar. Undirbúningur hafði hafizt þegar á árinu 1967, en þá var undirbúningsnefnd skipuð. Hátíðin hófst með fjölbreyttri listahátíð í Þjóðleikhúskjallara 30. nóv. Jóhann Hjálmarsson, ljóðskáld, flutti erindi um íslenzka nútímaljóðlist, Anna Kristín Arngrímsdóttir, leikkona, flutti smásögu eftir Fríðu Sigurðardóttur, stud. phil., Þorleifur Hauksson las ljóð, Ögmundur Helgason, stud. phil., flutti frumsamin ljóð, og Gísli Magnússon, píanóleikari, Pétur Þorvaldsson, cellóleikari, Jón Sigurbjörnsson, óperusöngvari, og Atli Heimir Sveinsson, tónskáld, fluttu margvíslega tónlist. Kynnir var Böðvar Guðmundsson, stud. mag. og skáld. Hátíðadagskráin 1. desember hófst að morgni með guðsþjónustu í Dómkirkjunni. Biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurbjörn Einarsson, prédikaði, guðfræðistúdentar sungu undir stjórn dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, en organleikari var Ragnar Björnsson. Eftir hádegi var samkoma í Háskólabíói, og var húsið þéttskipað. Friðrik Sóphusson, stud. jur., formaður hátíðanefndar, setti samkomuna, Ólafur Grétar Guðmundsson, stud. med., formaður Stúdentafélags Háskóla Íslands, flutti ávarp, sem fjallaði um stjórnmálaviðhorf æskunnar og málefni Háskóla Íslands. Næst lék Litla lúðrasveitin. Síðan var stúdentastjarnan afhent í fyrsta sinn. Jón Ögm. Þormóðsson, stud. jur., forseti Stúdentaakademíu, afhenti prófessor Þorbirni Sigurgeirssyni stjörnuna fyrir vísindastörf. Því næst söng Stúdentakórinn, en að því loknu flutti forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, ræðu dagsins, „Fimmtíu ára fullveldi". Að lokum var þjóðsöngurinn sunginn. Kvöldfagnaður fór fram að Hótel Sögu. Hann hófst með borðhaldi, en til skemmtunar var: Prófessor Ármann Snævarr, háskólarektor, flutti ræðu, Björn J. Arnviðarson, stud. jur., flutti minni fósturjarðarinnar, og „menningarfræðslunefnd fullveldisdagsins" flutti og skýrði nokkur brot úr söngleiknum „Tónablóð" eftir Táberg milli kinna. Gamanvísur voru sungnar, fram fór almennur söngur, og síðan var dansað fram eftir nóttu. Veizlustjóri var Böðvar Guðmundsson, stud. mag.

Að kvöldi 28. nóv. var fluttur útvarpsþáttur Stúdentafélagsins tilheyrandi fullveldishátíð. Umsjónarmaður var Guðmundur Þorgeirsson, stud. med. Gefið var út hátíðarritið „Mennt er máttur", sem helgað var íslenzkri háskólamenntun og hafði að geyma 17 greinar um starfssvið íslenzkra menntamanna. Ritstjóri var Garðar Garðarsson, stud. jur.

Stúdentablað 1. desember kom út í viðhafnarbúningi. Fjallaði það aðallega um Ísland á tímamótum 50 ára fullveldis. Ritstjóri var Magnús Gunnarsson, stud. oecon.

Tveir erlendir stúdentar voru gestir SFHÍ við hátíðahöldin, danski hagfræðistúdentinn Lars Christensen, fulltrúi Studenterforeningen í Kaupmannahöfn, og norski sálarfræðistúdentinn Finn Sjue, fulltrúi Studenttinget í Osló. Auk þátttöku í hátíðahöldunum fóru gestirnir víða um, heimsóttu m. a. Alþingi, Þjóðminjasafnið og Norræna húsið auk þess sem farin var „pílagrímsferð" til Þingvalla við Öxará.

Fundanefnd vann mikið starf, og voru haldnir fleiri fundir en nokkru sinni áður, eða alls 23. Haldnir voru *sjö almennir fundir og erindi:* William Nef talaði um Friðarsveitir Bandaríkjanna; Hafsteinn Björnsson um sálarrannsóknir og hafði skyggnilýsingar, en sá fundur var einn sá fjölmennasti, sem haldinn hefur verið í Háskólanum. Ottar Brox ræddi um „Stjórn efnahagsmála í Norður-Noregi. Alþýðustjórn eða stjórn sérfræðinga?" Önnur efni, sem rædd voru á almennum fundum, voru: „Norræn samvinna", „Er tímabært að stofna nýjan stjórnmálaflokk?", „Eru dyr háskólans að lokast?" og „Andóf stúdenta og stúdentapólitík". Fundir ætlaðir stúdentum einum voru ellefu: Fimm fundir um stjórnmálaviðhorfið 1968, þar sem formenn þingflokka töluðu og sátu fyrir svörum, — þeir Lúðvík Jósepsson, Hannibal Valdimarsson, Eysteinn Jónsson, Bjarni Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason. Önnur efni rædd á stúdentafundum voru: „Aukin áhrif stúdenta á stjórn Háskólans", „Grjótkast? Baráttuaðferðir stúdenta", „Mannréttindaákvæði stjórnarskrár og valdsvið lögreglu", „Háskóli Íslands" og „Ísland og Atlantshafsbandalagið". Þá var haldin helgarráðstefna um utanríkis- og alþjóðamál: Ísland og þróunarlöndin, Sameinuðu þjóðirnar, Stjórnmálaþróun Evrópu og Varnarmál Íslands. Tekið var upp nýmæli í félagslífi stúdenta og haldnir nokkrir *anddyrisfundir.* Ræðumenn töluðu til stúdenta úr tröppum aðalanddyris. Fundir þessir voru yfirleitt ekki auglýstir og haldnir fyrirvaralaust. Sýnishorn fundarefna: „Félagsmáladoði stúdenta' (Höskuldur Þráinsson, stud. phil.), „Kröfur stúdenta" (Páll Jensson, stud. polyt.), „Borgarastríðið í Biafra" (Sveinn R. Hauksson, stud. med.), „Ástand og horfur í menntamálum" (Ólafur G. Guðmundsson, stud. med.), „Aukin áhrif stúdenta á stjórn Háskólans" (sami).

Bókmennta- og listkynningar voru allmargar, sumar haldnar í samvinnu við Þjóðabandalagið. Skal fyrst nefna viðamikla listahátíð 30. nóvember, sem áður hefur verið greint frá, en af bókmenntakynningum, kynningu á nýjustu bók Halldórs Laxness, Kristnihaldi undir Jökli, og kynningu á verðlaunabók Per Olof Enquist, „Legionärarna". Kynntar voru óperurnar „Brottnámið úr kvennabúrinu" eftir Mozart

og „Boris Godunov“ eftir Moussorgsky. Hörður Ágústsson ræddi um íslenzka húsagerðarlist, stúdentar fóru hópferð í Litla-Bíó, og einnig var stúdentasýning á „Sögu Borgarættarinnar“. Haldið var tékkneskt listakvöld og Frakklandskynning, og einnig var kynning á íslenzkum bókmenntum og tónlist fyrir 150 bandaríska stúdenta, sem heimsóttu Háskólann.

Gróska var í útgáfu *Stúdentablaðs,* og komu út alls 7 tölublöð á starfsárinu, 1. desember blaðið meðtalið. Kom blaðið út í nóvember, desember (2), febrúar, apríl, maí og síðast 17. júní-blað, sem ber að geta sérstaklega sem einhvers mesta átaks í útgáfustarfsemi stúdenta frá upphafi. Stúdentablað 17. júní 1969 var prentað í 45.000 eintaka upplagi og sent inn á sérhvert heimili í landinu. Stúdentar dreifðu því sjálfir á Reykjavíkursvæðinu. Þetta blað var sérstaklega helgað Háskóla Íslands og gildi háskólamenntunar fyrir íslenzkt þjóðfélag.

Stúdentafélagið hélt *hinar hefðbundnu skemmtanir* stúdenta. Rússagildi fór fram í Sigtúni um miðjan október. Vetrarfagnaður í Tjarnarbúð fyrsta vetrardag, kvöldfagnaður 1. desember á Hótel Sögu, áttadagsgleði í Íþróttahöllinni á gamlárskvöld og nýársnótt, auk sumarfagnaðar, sem haldinn var í Tjarnarbúð síðasta vetrardag. Þessar skemmtanir eru helztu tekjulindir félagsins, og varð hagnaður yfirleitt mjög góður og þar með fjárhagur félagsins á starfsárinu.

Hraðskákmót Háskólans fór fram seinast í marz. Sigurvegari varð Björgvin Víglundsson, stud. polyt. Íslenzk sveit tók þátt í 16. heimsmeistaramóti stúdenta í skák, sem fram fór í Dresden, A-Þýzkalandi, 1.—17. ágúst 1969. Fimm stúdentar skipuðu sveitina, þar á meðal Trausti Björnsson, sem var fararstjóri. Sveitin náði þokkalegum árangri, varð þriðja í B-riðli, eða í 13. sæti.

Þjóðabandalagið starfaði nú á annan vetur og gekkst fyrir ýmsum samkomum. Nefna má þjóðlagakvöld með Tróels Bentsen, bandarískt kvöld með ljóðalestri, tónlist, kvikmyndasýningu og bókmenntafyrirlestri, og fjölbreytta Frakklandskynningu. En Þjóðabandalagið skipar ekki enn þá verðugan sess í stúdentalífinu, því að ekki hefur tekizt að útrýma þeirri einangrun, sem erlendir stúdentar hafa búið alltof lengi við.

Stúdentaakademían starfaði nú annað árið frá stofnun hennar, og er fullvíst, að hún hefur unnið sér álit og afkastað góðu starfi til eflingar vísinda og lista í landinu. Áður hefur verið sagt frá úthlutun Stúdentastjörnunnar, en í byrjun desember flutti stjörnuhafi, dr. Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor, erindi í Norræna húsinu, „Eðlisfræðirannsóknir við Háskóla Íslands“.

Stúdentafélagið notaði fjölmiðla talsvert til að koma baráttumálum sínum og boðskap til þjóðarinnar. Útvarpsþáttur í tilefni af full-

veldishátíð var fluttur að kvöldi 28. nóvember. Síðasta vetrardag hafði SHÍ dagskrá í útvarpi. Titill dagskrár var: Griplur (dekurbörn þjóðfélagsins kveða burt snjóinn). Í útvarpsþættinum „Háskólaspjall" 27. apríl var rætt við fjóra stjórnarmenn SFHÍ. Stjórn félagsins samþykkti tvær *ályktanir* til opinberrar birtingar, önnur fjallaði um atvinnuleysi og kjaramál, og voru stjórnvöld hvött til að útrýma atvinnuleysi, og lýsti stjórnin yfir stuðningi við baráttu fyrir betri hag hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu. Hin var um Biafravandamálið, og var skorað á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir lausn málsins með alþjóðlegri samvinnu. Einnig sendi stjórn SFHÍ samtökum stúdenta í Tékkóslóvakíu skeyti, þar sem m. a. var lýst yfir stuðningi við baráttu Tékka og Slóvaka fyrir þjóðfrelsi og mannréttindum.

Stjórn SFHÍ gekkst fyrir Biafrasöfnun meðal stúdenta, þegar úthlutun námslána stóð yfir í febrúar. Rúmlega 50 þúsund krónur söfnuðust, og voru þær afhentar Rauða krossi Íslands. Um miðjan marz var haldin Biafra-dagskrá í hátíðasal Háskólans. M. a. flutti biskupinn yfir Íslandi hugvekju, og sýnd var kvikmynd frá hjálparstarfi í Biafra.

Í byrjun febrúar efndi SFHÍ til umræðufunda og skemmtidagskrár fyrir 150 bandaríska stúdenta. Þar fór fram kynning á íslenzkum bókmenntum og tónlist, og umræður fóru fram í hópum, m. a. um stúdentapólitík, samband Íslands og Bandaríkjanna, íþróttir, stjórnmál á Íslandi og þátt stúdenta í stjórnun háskóla og námslýðræði.

Um miðjan febrúar tóku nokkur hundruð stúdentar þátt í *kröfugöngu og útifundi* til að undirstrika kröfurnar:

1. Bæta verður úr brýnni húsnæðisþörf skólanna.
2. Endurskoða og samræma verður fræðslukerfið.
3. Auka verður námslýðræði.

Nokkrum dögum síðar gerðu stúdentar *setuverkfall* á göngum Háskólans meðan stóð á fundi Háskólaráðs. Kröfðu stúdentar prófessora um tafarlaust svar við kröfunum um meiri áhrif stúdenta á stjórn skólans, en Háskólaráð hafði haft tillögurnar til umsagnar alllengi.

17. og 18. apríl 1969 var viðhöfð almenn atkvæðagreiðsla í Háskóla Íslands, á vegum SFHÍ, um hver skyldi verða næsti rektor. Meira en helmingur innritaðra stúdenta og allmargir kennarar og starfsmenn skólans greiddu atkvæði. Prófessor Jóhann Axelsson hlaut langflest atkvæði.

XVII. SKÝRSLA
STJÓRNAR FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

FYRIR STARFSTÍMANN
1. JÚNÍ 1968 TIL 1. JANÚAR 1970.

Upphaf Félagsstofnunar stúdenta.

Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands var stofnuð með lögum nr. 33, 20. apríl 1968. Menntamálaráðherra setti stofnuninni reglugerð 31. maí 1968. Þar var ákveðið, að stofnunin tæki til starfa 1. júní 1968. Fyrsta starfsári stofnunarinnar lauk 1. janúar 1969 samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar. Öðru starfsári stofnunarinnar lauk 1. janúar 1970. Þar með lauk einnig kjörtímabili fyrstu stjórnar hennar. Skýrsla þessi er skrifuð í samræmi við fyrirmæli 7. gr. reglugerðar fyrir Félagsstofnun stúdenta. Skýrslan nær yfir kjörtímabil fyrstu stjórnar Félagsstofnunar stúdenta. Í stjórninni sátu:

Fyrir Stúdentaráð Háskóla Íslands:
Aðalmenn: Þorvaldur Búason, mag. scient.,
Björn Bjarnason, stud. jur.,
Guðmundur Þorgeirsson, stud. med.
Varamenn: Steinar Berg Björnsson, fulltrúi,
Valur Valsson, stud. oecon.,
Guðmundur Pálmi Kristinsson, stud. polyt.

Fyrir háskólaráð:
Aðalmaður: Guðlaugur Þorvaldsson, prófessor.
Varamaður: Þór Vilhjálmsson, prófessor.

Fyrir menntamálaráðuneyti:
Aðalmaður: Stefán Hilmarsson, bankastjóri.
Varamaður: Þormóður Ögmundsson, bankastjóri.

Frá 1. október 1968 hefur Þorvarður Örnólfsson, lögfræðingur, verið framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta.

Endurskoðandi félagsstofnunarinnar er Atli Hauksson.

Stjórn félagsstofnunar hélt fyrsta fund sinn 26. júní 1968. Á fund-

inum var Þorvaldur Búason, mag. scient., kosinn formaður stjórnarinnar. Stjórnin hefur haldið 55 fundi á kjörtímabili sínu. Framkvæmdastjóri félagsstofnunar er ritari stjórnarinnar. Fyrstu mánuðina voru stjórnarfundir haldnir í kennarastofu háskólans; frá því í ársbyrjun 1969 hafa þeir verið haldnir í setustofu í kjallara Gamla garðs.

Stjórnarstörf eru launuð. Fær formaður 600 kr., en aðrir í stjórn 400 kr. fyrir hvern setinn fund.

Við efnisskipun skýrslu þessarar verður fylgt töluliðum 2. gr. reglugerðar fyrir Félagsstofnun stúdenta. Í samfelldu máli verður ekki fjallað ýtarlega um rekstrarafkomu einstakra fyrirtækja. Gleggst vitneskja um hana fæst með athugun á reikningum fyrirtækjanna.

Meðal fylgiskjala skýrslunnar eru endurskoðaðir reikningar félagsstofnunar fyrir tímabilið frá 1. júní 1968 til 31. desember 1968.

Stúdentagarðarnir.

Í 1. tl. 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Stofnunin skal taka við stjórn og skuldbindingum stúdentagarðanna og annast rekstur þeirra. Hún skal sjá um byggingu nýrra stúdentagarða og afla fjár til þess."

Þann 16. júlí 1968 tók félagsstofnunin formlega við stjórn og rekstri stúdentagarðanna úr hendi formanns fráfarandi garðstjórnar, Jóhannesar Elíassonar, bankastjóra. Jafnframt gekk félagsstofnunin inn í fyrri skuldbindingar garðstjórnar.

Á starfstíma félagsstofnunar hafa eftirtaldir menn starfað í umboði hennar á görðunum:

Garðprófastur á Gamla garði: Runólfur Þórarinsson, cand. mag.

Garðprófastur á Nýja garði: Árni Böðvarsson, cand.mag.

Ráðsmaður: Sigurjón Jóhannsson.

Inspector domus á Gamla garði 1968/1969 og 1969/1970: Ásgeir Pétur Ásgeirsson, stud. jur.

Inspector domus á Nýja garði 1968/1969: Jóhann J. Bergmann, stud. polyt.

Inspector domus á Nýja garði 1969/1970: Kristinn Eyjólfsson, stud. med.

Fjárreiður garðanna eru í höndum framkvæmdastjóra félagsstofnunar.

Garðvist.

103 herbergi eru til ráðstöfunar til búsetu fyrir stúdenta á görðunum. Í byrjun ágúst ár hvert er auglýst eftir umsóknum um vist á görðunum. Við mat á umsóknum er farið eftir tillögum garðprófasta. Þeir skipa stúdentum niður í herbergi. Meðal fylgiskjala skýrslunnar

er greinargerð garðprófasta um þær meginreglur, sem fylgt hefur verið undanfarin ár við úthlutun garðvistar.

Fyrir skólaárið 1968/1969 bárust 138 umsóknir. Ekki reyndist unnt að sinna 15 þeirra. Fyrir skólaárið 1969/1970 bárust 120 umsóknir. Ekki reyndist unnt að sinna tveimur þeirra. Við báðar úthlutanirnar var nokkrum hluta umsækjenda veitt sú úrlausn, að þeir þyrftu að deila herbergi með öðrum. Reynslan sýnir, að mjög fáir þeirra sætta sig við það hlutskipti og draga margir umsóknir sínar til baka af þeim sökum. Í lok ársins 1969 ákvað stjórn félagsstofnunar að úthluta framvegis þannig, að einn stúdent sé í hverju herbergi.

Skólaárið 1968/1969 var mánaðarleiga fyrir herbergi á görðunum: 1150 kr. á einsmannsherbergjum og 650 kr. fyrir þann, sem deildi herbergi með öðrum. Skólaárið 1969/1970 er leigan 1300 kr. á einsmannsherbergjum (1200 kr. í kjallara) og 700 kr. fyrir þann, sem deilir herbergi með öðrum. Hótel Garður greiddi árið 1968 300 þús. kr. leigu til stúdentagarðanna og 500 þús. kr. árið 1969.

Efsta hæð Nýja garðs hefur verið leigð stúdentum á sumrin. Auglýst er eftir umsóknum í apríl. Árið 1969 sóttu 22 stúdentar um sumarvist þar, og fengu allir úrlausn. Sumarleiga á Nýja garði var 1150 kr. á mánuði árið 1969.

Ný reglugerð fyrir stúdentagarðana.

Garðprófastar lögðu fyrir stjórn félagsstofnunar drög að nýrri reglugerð fyrir stúdentagarðana. Leitaði stjórnin umsagnar háskólaráðs og Skemmtifélags garðbúa um reglugerðina og einstök ákvæði hennar. Stjórnin sjálf fjallaði ýtarlega um reglugerðina og staðfesti hana síðan 11. apríl 1969. Reglugerðin hefur verið sérprentuð og dreift til garðbúa. Hún birtist í heild meðal fylgiskjala þessarar skýrslu.

Viðhald á görðunum.

Garðarnir eru um margt úr sér gengnir. Í tíð garðstjórnar hafði verið unnið að endurbótum á Nýja garði. Á fjárlögum hefur verið veitt ákveðin fjárhæð til viðhalds á görðunum.

Stjórn félagsstofnunar markaði sér þá starfsreglu í upphafi, að fenginn yrði ráðgefandi verkfræðingur til ráðuneytis um viðhald á húsunum, svo og að verk til viðhalds og viðgerða á görðunum yrðu boðin út, þegar því mætti koma við.

Helztu framkvæmdir til endurbóta á görðunum voru þessar:

Á Nýja garði: Viðgerð á hitalögn í gólfi og fleiri endurbætur á hitakerfinu. Ný rafmagnsinnlögn og ný rafmagnstafla. Lögð ullarteppi á tvo ganga og gólfdúkur endurnýjaður á nokkrum herbergjum.

Á Gamla garði: Bjöllukerfi lagt í kjallara og settur upp nýr bjöllukassi fyrir garðinn. Nýir ofnar settir í matsal. Kaldavatnsheimæð endurnýjuð. Settar ryamottur á öll herbergi.

Á báðum görðum voru máluð herbergi og gangar og nokkuð unnið að endurnýjun húsgagna.

Auk þess samþykkti stjórnin eftirfarandi framkvæmdir, sem nú eru í undirbúningi: Endurbætur á öllu hitakerfi Gamla garðs; yfirbyggingu sorptunna við Nýja garð; endurbætur á aðstöðu til eldunar á 1. og 2. hæð Gamla garðs. Hefur Skemmtifélag garðbúa lagt fram 100 þúsund krónur til hinna síðast töldu framkvæmda.

Mötuneyti stúdenta.

Mötuneyti stúdenta er í kjallara Gamla garðs. Aðstaða öll í mötuneytinu er hin óhentugasta. Félagsstofnun sjálf annast ekki rekstur mötuneytisins, heldur er hann í höndum leigutaka, sem hefur verið Sveinn Friðfinnsson, matreiðslumaður. Samið er við leigutaka á hverju hausti. Gekk félagsstofnunin inn í samninga garðstjórnar við Svein haustið 1968. Á fjárlögum er veittur styrkur til mötuneytisins.

Við fyrstu samningsgerð sína við Svein setti stjórn félagsstofnunar það skilyrði, að hún réði verði á veitingum í mötuneyti ásamt leigutakanum. Þann 3. október 1968 voru fyrstu samningar aðilanna undirritaðir og verðið ákveðið þannig: máltíðir út á miða: fiskur 35 kr., ódýrara kjöt 50 kr., dýrara kjöt 60 kr.; máltíðir án miða: fiskur 40 kr., ódýrara kjöt 60 kr., dýrara kjöt 70 kr. Verð á mjólk var ákveðið 5 kr. pelahyrnan. Vegna breytinga á verðlagi var samþykkt 5 kr. hækkun á fiski frá 1. febrúar 1969. Jafnframt lagði félagsstofnunin fram 43 þús. króna styrk til niðurgreiðslu á matarverði frá sama tíma. Haustið 1969 var enn samið við Svein um rekstur mötuneytisins og verð ákveðið óbreytt.

Félagsstofnunin keypti djúpsteikingapott í eldhús mötuneytisins.

Breytingar verða á rekstri mötuneytisins, þegar það flytur í stúdentaheimilið, sem nú rís af grunni.

Önnur mál.

Í gögnum þeim, sem félagsstofnuninni bárust frá garðstjórn, var skaðabótakrafa stúdents á Nýja garði vegna meiðsla, sem hann hlaut þar. Málið hefur ekki verið leitt til lykta.

Kvörtun barst frá stúdentum á Nýja garði vegna þess, að viðgerð á hitalögn garðsins hafði dregizt. Kvörtun barst frá stúdentum á Gamla garði út af ýmsu, sem þar mætti betur fara í húsakosti. Stjórnin ákvað að koma til móts við þær kröfur eins og kostur væri.

Vegna veikinda eins garðbúa var húsaleiga hans felld niður að

hluta. Jafnframt var því beint til hagsmunanefndar stúdentaráðs, að hún kannaði sérstaklega hag þeirra háskólastúdenta, sem búa við meiri eða minni örorku, og hvað unnt sé að gera þeim til aðstoðar umfram aðra.

Skemmtifélagi garðbúa hefur verið leyft að efna til garðsballa samkvæmt fyrri venju.

Bygging nýrra garða.

Í október 1968 hófust markvissar aðgerðir stjórnar félagsstofnunar til undirbúnings byggingar nýrra garða. Varð fljótlega verkaskipting við undirbúning. Stjórnin skipaði sérstaka nefnd til að kanna tæknilega hlið málsins. Var fullgengið frá nefndarskipun og erindisbréfi hennar 28. janúar 1969. Erindisbréf nefndarinnar er svohljóðandi:

„Stjórn Félagsstofnunar stúdenta hefur kjörið Allan V. Magnússon, stud. jur., Hilmar Ólafsson, arkitekt, Hörð Sigurgestsson, viðskiptafræðing, Odd Benediktsson, stærðfræðing, og Valdimar Kristinsson, viðskiptafræðing, í nefnd til að marka nokkur grundvallarsjónarmið um undirbúning nýs stúdentagarðs í nágrenni Háskóla Íslands, einkum þau er hér greinir:

1. Hve mikillar aukningar sé þörf á leiguhúsnæði fyrir stúdenta við Háskóla Íslands, hvort heldur eru hjónaíbúðir eða einstaklingsherbergi, miðað við núverandi aðstæður og séð nokkurt árabil fram í tímann.

2. Hvern fjölda íbúðaeininga sé hagkvæmt að byggja í einum (fyrsta) áfanga, með það m. a. í huga, að til greina komi a. m. k. fyrst í stað að leigja nokkuð af þessu húsnæði á almennum námsmannamarkaði, ef þörf gerist, — og hvort hagkvæmt sé að byggja undir sama þaki hjónaíbúðir og einstaklingshúsnæði og í hvaða hlutfalli.

3. Hvort gerlegt sé og æskilegt að nýta húsnæði í nýjum stúdentagarði til hótelrekstrar á sumrin og að hvaða marki; hvers þurfi sérstaklega að gæta í undirbúningi stúdentagarðs með tilliti til hótelrekstrar þar.

4. Hvaða húsgerð (týpa) henti bezt, svo sem stigahús, hótelgangahús, svalagangahús eða annað, sem til greina kynni að koma.

5. Hve há húsaleigan þyrfti að vera miðað við tilteknar hlutfallstölur lánsfjármagns í byggingarkostnaði.

6. Hvaða félagsleg aðstaða og þjónustustarfsemi skuli vera tengd nýjum stúdentagarði, svo sem fundarsalur, lestrarsalur, þvottahús, mötuneyti, barnagæzla, verzlanir o. s. frv.

Erindi sínu skal nefndin ljúka fyrir 15. apríl n.k. — Skal hún af-

henda álit sitt stjórn Félagsstofnunar stúdenta þannig frá gengið, að unnt sé að leggja það beint fyrir arkitekta þá, er falið verður að teikna stúdentagarð. — Nefndarmönnum skal greidd þóknun fyrir starf sitt, 400 kr. fyrir hvern fund, er þeir sitja, formanni þó 500 kr."

Í ljós kom, að nefndin þurfti lengri tíma til að skila áliti sínu, sem lá fyrir 16. júlí 1969. Það hefur nú verið fjölritað. Hyggst félagsstofnunin efna til ráðstefnu um málið með forvígismönnum stúdenta og háskólans.

Stjórn félagsstofnunarinnar, einkum formaður hennar, hefur fjallað um staðsetningu nýrra stúdentagarða. Var rætt við þáverandi háskólarektor, Ármann Snævar, prófessor, um skipulag háskólalóðarinnar. Háskólaráði voru send bréf með fyrirspurn um það, hvort stúdentabyggð væri markaður staður á háskólalóðinni. Málið var einnig reifað við formann háskólanefndar, Jónas Haralz. Kröfur voru settar fram um það, að skipulagningu háskólalóðarinnar væri hraðað. Í ársbyrjun 1969 höfðu ekki fengizt ákveðin svör við fyrirspurnum. Stjórn félagsstofnunar hefur einkum augastað á lóð Háskólans á horni Hjarðarhaga og Suðurgötu. Fékk sú hugmynd góðar undirtektir hjá forráðamönnum Háskólans vorið 1969. Einnig hafa komið fram hugmyndir um stað austan Oddagötu eða þar sem Landleiðir h.f. hafa nú bækistöð á Grímsstaðaholtinu. Málið hefur ekki enn verið endanlega leyst. Háskólaráð samþykkti í nóvember s.l. þá meginstefnu, að stúdentabyggð yrði ætlaður staður á háskólalóðinni. Hinn 18. desember 1969 sendi stjórn félagsstofnunar háskólaráði greinargerð um lóðamál nýrra stúdentagarða.

Félagsmálaráðherra var skrifað haustið 1968, og var hann beðinn um að hlutast til um það, að lögum yrði breytt á þann veg, að unnt yrði að fá lán frá húsnæðismálastjórn til byggingar stúdentagarða. Kannaðir voru möguleikar á lánum úr Byggingarsjóði Reykjavíkur til byggingar stúdentagarða. Undirtektir framangreindra aðila voru jákvæðar. Ákveðið hefur verið að ljúka endanlega teikningum nýrra garða, áður en hafizt verður handa um markvissa fjáröflun.

Stúdentaheimili.

Í 2. tl. 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Stofnunin skal taka við framlögum síðari ára frá ríkissjóði og öðrum til félagsheimilis stúdenta, sjá um byggingu þess og stjórna rekstri þess."

Á fyrsta fundi sínum tók stjórn félagsstofnunar við fjárreiðum og sjóðum stúdentaheimilisins, sem höfðu verið í vörzlum háskólaritara. Eitt af meginverkefnum stjórnarinnar hefur verið að afla fjár til byggingar stúdentaheimilisins. Hafa ríkisstjórn og háskólaráð sýnt málinu mikinn skilning, og án hans hefði ekki verið unnt að

hefja byggingarframkvæmdir við stúdentaheimilið, en þær hófust í júlí 1969. Talið er, að kostnaður við stúdentaheimilið muni nema rúmlega 31 milljón króna. Gengið er út frá því, að kostnaður skiptist í aðalatriðum þannig:

1. Sjóður stúdenta af fjárveitingum 1968 og fyrr ..	4.1	millj.	kr.
2. Framlag af hagnaði Happdrættis H.Í.	5	—	—
3. Viðbótarframlag af hagnaði Happdrættis H.Í. ..	5.5	—	—
4. Lofað framlag ríkissjóðs 1969 og síðar	5	—	—
5. Úr tékkasjóði	2	—	—
6. Framlag stúdenta	2	—	—
7. Lán úr bönkum	7.5	—	—
	31.1	millj.	kr.

Ríkisstjórnin hefur lýst sig reiðubúna til þess að ábyrgjast lántöku hjá bönkum sem svarar áður nefndum 7.5 millj. króna og hefur lofað að beita sér fyrir því, að bankalánin verði endurgreidd með jöfnum greiðslum á 10 árum ásamt vöxtum með fjárveitingum úr ríkissjóði.

Þegar félagsstofnun tók til starfa, vann sérstök nefnd á vegum stúdentaráðs að undirbúningi byggingar stúdentaheimilis. Tók nefndin að sér að starfa í umboði félagsstofnunar. Þann 5. september 1968 var henni sett svohljóðandi erindisbréf:

„Stjórn Félagsstofnunar stúdenta ályktar að byggja hús, Félagsheimili stúdenta, vestan við Gamla garð, á lóð þeirri, sem vilyrði háskólaráðs hefur fengizt um. Húsið verði byggt eftir fyrirliggjandi frumdrögum Jóns Haraldssonar arkitekts og síðari ákvörðun samkvæmt samþykkt þessari.

Að undirbúningi byggingarframkvæmda og síðan framkvæmdum sé unnið með þeim hraða, sem hagkvæmni og fjáröflun frekast leyfa. Forðast skal að stofna til skuldbindinga nema fé hafi verið tryggt.

Að því að koma upp félagsheimilinu vinna stjórn Félagsstofnunar stúdenta, byggingarnefnd Félagsheimilis stúdenta og einstakir starfsmenn, verktakar og ráðgefandi verkfræðistofur ráðnar af þessum aðilum. Stjórn félagsstofnunarinnar kýs fimm manna byggingarnefnd til starfa, unz húsið er fullgert, en skipta má stjórnin um menn í nefndinni án fyrirvara. Nefndarmönnum skal greidd þóknun, kr. 400 fyrir hvern bókaðan fund, sem þeir sitja, formanni þó 500 kr. Byggingarnefndin sér um, að gerðar séu þær teikningar, sem þarf, og skulu þær vera fullnægjandi fyrir útboð og meðferð í Byggingarnefnd Reykjavíkur.

Stefnt skal að því að ráða verktaka til að vinna að byggingu hússins á grundvelli tilboða í framkvæmdir. Áður en tekið er að vinna

að útboðslýsingu skal bera teikningar ásamt kostnaðaráætlun undir stjórn félagsstofnunarinnar. Þegar hún hefur fallizt á teikningarnar og á, að ráðizt skuli í framkvæmdir eftir þeim, sér byggingarnefndin um gerð útboðslýsingar og útboð, lætur vinna úr tilboðum og gerir tillögu um, hvort þeim skuli taka og hverju. Stjórn félagsstofnunarinnar tekur ákvörðun um samninga við verktaka, nema byggingarnefnd fái til þess umboð síðar. Þegar tilboð hafa verið samþykkt, sér byggingarnefnd um framkvæmdir. Henni er heimilt að ráða eftirlitsmann með þeim, svo og semja um þjónustu verkfræðistofu. Eftirlitsmaður eða formaður byggingarnefndar áritar reikninga. Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta annast bókhald og fjárreiður vegna byggingar hússins og sér um, að byggingarnefnd og stjórn stofnunarinnar fylgist með fjármálum, sem varða framkvæmdirnar."

Byggingarnefnd var þannig skipuð í árslok 1969: Dr. Ragnar Ingimarsson, formaður, Árni Vilhjálmsson, próf., Loftur Þorsteinsson, próf., Jóhann Heiðar Jóhannsson, stud. med., og Þorvarður Örnólfsson, framkvæmdastjóri.

Jón Haraldsson er arkitekt stúdentaheimilisins og Bjarni Frímannsson, tæknifræðingur, eftirlitsmaður með byggingu þess. Innkaupastofnun ríkisins hefur annazt undirbúning útboða vegna byggingarinnar. Lægsta tilboð af 10, sem bárust í húsið tilbúið undir tréverk, barst frá Guðbirni Guðmundssyni o. fl., að upphæð 14.325.700 kr. Áætlunarupphæð verkfræðings félagsstofnunarinnar, Jóhannesar Guðmundssonar, nam 14.6 millj. króna. Alls bárust 15 tilboð í raflögn hússins. Lægsta tilboðið var frá Myllunni h.f. og nam 797.000 kr.; var það samþykkt. Þrjú tilboð bárust í ofna. Ofnasmiðjan h.f. átti lægsta tilboðið, 114.983 kr., og var því tekið. Halldór Gröndal hefur verið félagsstofnun til ráðuneytis um búnað í eldhúsi stúdentaheimilis. Hefur stjórnin fallizt á tillögur hans um „daglegan matseðil" heimilisins. Unnið er að útboði tækja í eldhús og öðrum útboðum eftir því, sem þörf er á.

Hótel Garður.

Í 3. tl. 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Stofnunin skal taka við öllum eignum og skuldbindingum Hótel Garðs og annast rekstur hótels á görðunum á sumrin með þeim hætti, sem hún sjálf ákveður."

Stúdentaráð rak Hótel Garð, þegar félagsstofnunin tók til starfa. Sérstök stjórn kjörin af ráðinu annaðist rekstur hótelsins, og í umboði hennar starfaði framkvæmdastjóri hótelsins. Stjórn félagsstofnunar ákvað að ganga ekki inn í skuldbindingar hótelstjórnar, fyrr en lokið væri hótelrekstri haustið 1968.

Þann 1. október 1968 tók félagsstofnunin við rekstri hótelsins.

Framkvæmdastjóra hennar var falið að annast rekstur þess. Skömmu síðar var verð ákveðið fyrir sumarið 1969. Í nóvember 1968 var gengi íslenzku krónunnar lækkað. Hótelverðið var tekið til endurskoðunar og síðan ákveðið þannig fyrir nóttina: einsmannsherbergi 5$ eða 440 kr., tveggjamannaherbergi 7$ eða 615 kr.

Veitingasala í mötuneyti hótelsins hafði verið leigð út til Tryggva Þorfinnssonar, matreiðslumanns. Ákveðið var að halda áfram samstarfi við hann. Matarverð hótelsins fyrir sumarið 1969 var ákveðið þannig: morgunverður 75 kr., hádegisverður 150 kr., kvöldverður 175 kr.

Nýting hótelsins sumarið 1969 nam tæpum 75%. Hótelherbergi eru alls 84. Á hótelinu unnu alls 20 manns sumarið 1969.

Þann 14. júní 1969 afhenti Gideon-félagið Hótel Garði biblíuna á íslenzku og ensku, eitt eintak á hvoru máli á hvert herbergi hótelsins.

Í lok október 1969 var hótelverð fyrir sumarið 1970 ákveðið þannig: einsmannsherbergi 6$ eða 528 kr., tveggjamannaherbergi 8$ eða 704 kr. Matarverð: Morgunverður 80 kr., hádegisverður 167 kr., kvöldverður 193 kr. Verð herbergja hækkar um 14—20%, en matarverð 10% til jafnaðar frá sumrinu 1969.

Kaffisala stúdenta.

Í 4. tl. 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Eignir og skuldbindingar Kaffisölu stúdenta hverfa til stofnunarinnar, og tekur hún við rekstri Kaffisölunnar."

Stjórn stúdentaráðs annaðist rekstur kaffisölunnar, þar til félagsstofnunin tók við rekstrinum, þegar honum lauk skólaárið 1967/1968

Þær Fjóla Halldórsdóttir og Jóhanna Lárusdóttir undirbúa og selja veitingar í kaffisölunni og annast vörukaup. Fjárreiður og eftirlit kaffisölunnar er í höndum framkvæmdastjóra félagsstofnunar.

Afskipti stjórnarinnar af rekstri kaffisölunnar miðuðu fyrst og fremst að tilraunum til að auka hagræðingu og afgreiðsluhraða í kaffistofunni. Var skenkiborði og fleiru breytt í þessu skyni. Einnig var keypt hraðvirk uppþvottavél til kaffisölunnar.

Vorið 1969 barst beiðni frá nokkrum hóp stúdenta um að fá að snæða í hádeginu í húsakynnum kaffistofunnar. Féllst stjórnin á að reyna þetta til reynslu fyrst um sinn og skyldi stofan vera opin frá 12.15—13.15. Það skilyrði var sett, að stúdentar tryggðu nægilegt eftirlit. Í nánum tengslum við þetta leyfi var sú framkvæmd, að skipta kaffistofunni í tvennt með harmoníkuhurð, og er fremra herbergið alltaf opið.

Verð á söluvörum í kaffistofu er frá 1. júní 1969: kaffi, te og

gosdrykkir 13 kr., smurt brauð 12 kr., kökur o. fl. 8 kr., mjólkurpeli 7 kr. Sumarið 1969 var kaffistofan opin eftir hádegi.

Haustið 1969 var settur upp gosdrykkjasjálfsali í kjallara háskólans. Hagnaður af sölunni rennur til félagsstofnunar.

Félagsstofnunin mun taka að sér rekstur kaffistofu í Árnagarði, þegar húsnæðið er tilbúið.

Bóksala stúdenta.

Í 5. tl. 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Eignir og skuldbindingar Bóksölu stúdenta renna til stofnunarinnar, og stjórnar hún rekstri Bóksölunnar."

Sérstök stjórn skipuð af háskólaráði og stúdentaráði fór með stjórn bóksölunnar, þegar félagsstofnunin tók til starfa. Hafði hún umsjón með rekstri bóksölunnar, þar til í ársbyrjun 1969, en þá tók við henni framkvæmdastjóri félagsstofnunar. Í bóksölunni starfa Kristín Ingvarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir, stúdentar við háskólann. Sjá þær um pantanir bóka og afgreiðslu, greiðslu reikninga og bókhald. Framkvæmdastjóri félagsstofnunar stjórnar rekstrinum fyrir hönd stofnunarinnar.

Aðstaða bóksölunnar er öldungis ófullnægjandi í kjallara háskólans. Á sínum tíma spurðist stjórn félagsstofnunar fyrir um það hjá forráðamönnum Þjóðminjasafnsins, hvort þar væri nokkurt húsrými fyrir bóksöluna til bráðabirgða, þar til hún flytti í stúdentaheimilið. Svo reyndist ekki.

Bóksalan er ennþá að mestu leyti rekin með óbreyttu sniði, en þar hefur þó verið tekin upp verzlun með ritföng, möppur o. fl., sem ekki var áður á boðstólum. Unnið hefur verið að því að auka bein viðskipti við erlenda útgefendur, en með því næst hagkvæmari kaup. Bóksölu er ætlað um 70 fermetra svæði á fyrstu hæð stúdentaheimilis og geymslurými fær hún í kjallara þess. Undirbúningur er hafinn að breyttum rekstri í þessu húsnæði. Hefur stjórnin m. a. snúið sér til Universitetsforlaget í Osló, sem rekur stúdentabóksölu þar, í þessu skyni.

Ferðaskrifstofa stúdenta.

Í 6. tl. 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Eignir, skuldbindingar og réttur til rekstrar Ferðaskrifstofu stúdenta hverfa til stofnunarinnar, og stjórnar hún rekstri Ferðaskrifstofunnar."

Ferðaskrifstofan laut áður stjórn stúdentaráðs. Rekstur hennar hefur verið í algjöru lágmarki, og hefur hún verið látin sitja á hakanum fyrir þeim verkefnum, sem talin hafa verið brýnni.

Í árslok 1969 skrifaði félagsstofnun ýmsum samtökum stúdenta og spurðist fyrir um áhuga þeirra á auknu starfi Ferðaskrifstofu stúdenta.

Stúdentaskiptasjóður o. fl.

Í 7. tl. 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Stofnunin tekur við fjárveitingum úr sjóðum, sem ætlaðir eru til hinna ýmsu félagsiðkana stúdenta, t. d. Stúdentaskiptasjóði, og framlögum úr ríkissjóði til félagsiðkana."

Háskólaráð hafði þetta áður með höndum. Tók félagsstofnunin við stúdentaskiptasjóði í ársbyrjun 1969. Sú venja hafði skapazt hjá ráðinu, að fé úr stúdentaskiptasjóði væri úthlutað eftir ákvörðunum stúdentaráðs, henni var ekki breytt af félagsstofnun.

Þann 28. marz var úthlutað fé til félagsiðkana stúdenta. Umsóknir bárust frá 8 deildarfélögum auk stúdentaráðs, SÍSE, Stúdentafélags H.Í. og Íþróttafélags stúdenta. Styrkjum var úthlutað þannig:

Stúdentaráð Háskóla Íslands	kr.	37.500
Stúdentafélag Háskóla Íslands	—	37.500
Íþróttafélag stúdenta	—	15.000
Samband ísl. stúdenta erlendis, SÍSE	—	5.000
Félag guðfræðinema	—	20.000
Félag læknanema	—	20.000
Félag stúdenta í heimspekideild	—	15.000
Félag tannlæknanema	—	20.000
Félag viðskiptanema	—	20.000
Mímir, félag stúdenta í ísl. fræðum	—	20.000
Omega, félag stúdenta í verkfræðideild ...	—	20.000
Orator, félag laganema	—	20.000
Samtals	kr.	250.000

Fjármagn.

Í 8. tl. 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Stofnunin tekur við fé samkvæmt 4. gr. laga um stofnunina."

Í 4. gr. laganna er gert ráð fyrir þessum fjáröflunarleiðum félagsstofnunar auk tekna af fyrirtækjum hennar:

1. Árleg skrásetningargjöld stúdenta við Háskóla Íslands skulu renna að hluta til stofnunarinnar, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð fyrir Háskóla Íslands. Árleg skrásetning hófst í Háskóla Íslands haustið 1968. Skrásetningargjald var 1000 kr. Hlutur félagsstofnunar í því það ár nam krónum 420 þús.

Skrásetningargjaldið nam sömu upphæð haustið 1969. Hlutur félagsstofnunar í því nam kr. 470 þús.

2. Með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni.
   Á fjárlögum fyrir árið 1969 nam framlag þetta kr. 2.950.000.
   Á fjárlögum fyrir árið 1970 nemur framlag þetta kr. 6.430.000 og skiptist þannig:

Stúdentagarðar, viðhald	kr.	500.000
Mötuneyti stúdenta	—	200.000
Stúdentaheimilið, bygging	—	5.000.000
Félagsstofnun, rekstur	—	300.000
Stúdentaskiptasjóður	—	180.000
Félagsstarfsemi stúdenta	—	250.000

3. Gjöfum, sem Félagsstofnun stúdenta kunna að berast.
   Hér ber að nefna hið rausnarlega framlag háskólaráðs til stúdentaheimilisins, 10,5 milljón kr., af happdrættisfé, en aðrar gjafir nema kr. 20.600.
   Í þessu sambandi skal þess getið, að Félagsstofnun stúdenta hefur fengið í hendur fyrri gjafir til byggingar stúdentagarða: gjöf frú Unnar og Ásgeirs Magnússonar til herbergis í nýjum stúdentagarði og gjöf frú Guðrúnar Brunborg til hjónagarðs.
4. Öðrum úrræðum, er stjórn stofnunarinnar telur tiltækileg.

Barnaheimili stúdenta.

Í niðurlagi 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Einnig skal hún (félagsstofnunin) beita sér eftir þörfum fyrir stofnun nýrra fyrirtækja í þágu stúdenta í samráði við háskólaráð, stúdentaráð og menntamálaráðuneyti, enda er hverjum þeim aðila heimilt að gera tillögur um nýbreytni."

Þegar félagsstofnun tók til starfa, hafði nokkur undirbúningur hafizt á vegum stúdentaráðs við að koma á fót Barnaheimili stúdenta. Á öðrum fundi stjórnar félagsstofnunar skýrði formaður hennar frá því, að ríkið hefði keypt Efrihlíð við Hamrahlíð, sem stúdentar fengju til afnota fyrir barnaheimili. Barnavinafélagið Sumargjöf myndi annast rekstur barnaheimilisins og það myndi njóta sömu réttinda og önnur barnaheimili gagnvart borgarstjórn.

Á þessum grundvelli hóf félagsstofnun framkvæmd nauðsynlegra breytinga á Efrihlíð, svo að þar mætti reka barnaheimili. Var að þessu unnið fram til hausts 1968 í samvinnu við hagsmunanefnd stúdentaráðs og fjögurra manna nefnd úr hópi foreldra.

Samkvæmt tillögu hagsmunanefndar stúdentaráðs voru þeir Ingólfur Hjartarson, stud. jur., Jóhannes L. L. Helgason, háskólaritari, og Þorkell Guðbrandsson, stud. med., skipaðir í úthlutunarnefnd Barnaheimilis stúdenta 27. ágúst 1968. Var þeim sett eftirfarandi erindi:

„1) Að gera tillögur um umsóknareyðublöð til Barnaheimilis stúdenta.
2) Að gera tillögur um úthlutunarreglur um vist á Barnaheimili stúdenta.
3) Að annast framkvæmd úthlutunarreglna, er stjórn félagsstofnunar hefur staðfest þær, á tímabilinu 1. september 1968 til 31. desember 1969."

Úthlutunarreglur barnaheimilis á þessu tímabili eru meðal fylgiskjala ársskýrslunnar.

Þegar nauðsynlegra leyfa hafði verið aflað, hófst rekstur barnaheimilisins á fyrrgreindum grundvelli þann 11. nóvember 1968.

Framkvæmdastjóri hefur fjárreiður vegna stofnkostnaðar barnaheimilis með höndum og innheimtir dvalargjöld. Þau voru ákveðin 1600 krónur á mánuði fyrir veturinn 1968/1969 og 1900 krónur á mánuði fyrir veturinn 1969/1970.

Á barnaheimilinu eru börn á aldrinum ½ árs til 3 ára. Heimilt er að hafa þar 27 börn.

Forstöðukona barnaheimilisins hefur verið Sólveig Björnsdóttir, fóstra, og þar starfa auk hennar 5 stúlkur við barnagæzlu og matráðskona.

Stofnkostnaður barnaheimilis hefur verið greiddur af hluta félagsstofnunar af innritunargjöldum haustið 1968 og beinu framlagi ríkissjóðs til barnaheimilisins.

Pöntunarfélag stúdenta.

Í lok nóvember 1968 var þeirri hugmynd hreyft innan stjórnar félagsstofnunar, hvort ekki bæri að stofna pöntunarfélag stúdenta. Það starfaði fyrir nokkrum árum og byggðist rekstur þess þá á frumkvæði einstaklinga úr hópi stúdenta. Komu strax við fyrstu athugun í ljós ýmsir annmarkar á slíkum rekstri.

Vegna áhuga stúdentaráðs á frekari framgangi þessa máls og bréfs frá hagsmunanefnd þess 18. september 1969, þar sem lögð er til stofnun undirbúningsnefndar til að kanna málið, kaus stjórn félagsstofnunar framkvæmdastjóra sinn og Ragnar Tómasson,lögfræðing, í slíka nefnd með tveimur fulltrúum hagsmunanefndar þann 20. sept. 1969. Nefndin hefur ekki skilað áliti sínu.

Heilsugæzla stúdenta.

Í nóvember 1968 var þeirri hugmynd hreyft innan stjórnar félagsstofnunar, hvort ekki væri æskilegt að koma á fót sálfræðiþjónustu fyrir stúdenta með líku sniði og dæmi eru um erlendis. Var leitað álits sérfróðra manna um málið.

Varð þetta upphaf að athugun á læknisþjónustu fyrir stúdenta almennt. Í ljós kom, að þau mál höfðu oftar en einu sinni verið rædd á fundum háskólaráðs.

Um áramótin 1968/1969 barst bréf frá háskólarektor þess efnis, að háskólaráð hefði samþykkt að setja nefnd til að „kanna og gera tillögur um nýja skipan á heilbrigðisþjónustu stúdenta". Þar á meðal átti að huga að geðrænni heilsugæzlu fyrir stúdenta. Félagsstofnun var boðið að skipa einn mann í nefndina, og var Gunnar Sigurðsson, stud. med., skipaður.

Fjölritunarþjónusta.

Verkfræðideild fór þess á leit við félagsstofnun, að hún tæki að sér að reka fjölritunartæki, sem deildin keypti árið 1968. Tók stofnunin verkið að sér með vissum skilyrðum. Tók skrifstofa félagsstofnunar við verkefnum, en tækin eru í Árnagarði.

Þeirri fyrirspurn var beint til háskólans, hvort hann ætli sjálfur að annast slíka þjónustu. Því var jafnframt lýst yfir af félagsstofnun, að hún væri reiðubúin að auka starfsemi sína á þessum vettvangi, teldi hún rekstrargrundvöll tryggan. Háskólaráð svaraði fyrirspurninni á þann veg, að háskólinn myndi taka að sér fjölritunarþjónustuna í ársbyrjun 1970.

Háskólaforlag.

Háskólaráð skipaði á líðnu sumri nefnd til að kanna hugsanlegt háskólaforlag o. fl. Samkvæmt tilmælum ráðsins kaus stjórn félagsstofnunar einn fulltrúa sinn í þessa nefnd, Þorvald Búason. Nefndin hefur ekki enn verið kölluð saman.

Tillögur til háskólanefndar.

Í ársbyrjun 1969 vann stjórnin að gerð tillagna Félagsstofnunar stúdenta til háskólanefndar. Í þeim var gerð grein fyrir starfsvettvangi, núverandi rekstri og framtíðarverkefnum félagsstofnunar. Undirnefnd háskólanefndar fékk skýrsluna til úrvinnslu.

Aðild að byggingarnefndum háskólans.

Stjórn félagsstofnunar hefur farið þess á leit við háskólaráð að fá framvegis aðild að byggingarnefndum háskólans. Ráðið hefur fallizt

á þetta, og hefur framkvæmdastjóri félagsstofnunar tekið sæti í hönnunarnefnd Verkfræði- og raunvísindadeildar. Einnig hefur verið óskað eftir aðild að byggingardeild háskólans, verði hún stofnsett.

Skrifstofa félagsstofnunar.

Eins og fram hefur komið var Þorvarður Örnólfsson, lögfræðingur, ráðinn framkvæmdastjóri félagsstofnunar frá og með 1. október 1968. Starfsvettvangi framkvæmdastjórans hefur verið lýst í stærstu drátt-um hér að framan. Þann 2. september 1969 var Þorvarður Örnólfsson endurráðinn framkvæmdastjóri á grundvelli samnings frá 26. sept. 1968.

Í desembermánuði 1969 var framkvæmdastjóri nokkra daga í Osló að kynna sér starfsemi Studentsamskipnaden þar í borg. Naut hann afbragðsgóðrar fyrirgreiðslu og mikillar gestrisni af hálfu hinnar norsku stúdentastofnunar.

Frá miðjum janúar 1969 hefur Ágústína Guðmundsdóttir starfað á skrifstofu félagsstofnunar til aðstoðar framkvæmdastjóra við al-mennt skrifstofustarf.

Húsnæði skrifstofunnar er á Gamla garði.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA:

AÐALREKSTRARREIKNINGUR

fyrir árið 1968.

Gjöld:

1. Rekstrargjöld sérfyrirtækja:		
a. Gjöld Stúdentagarðanna		
16/7—31/12 1968	kr. 1.213.803,04	
Fyrningar	— 108.350,00	
		kr. 1.322.153,04
b. Gjöld Hótel Garðs 1968	kr. 1.847.835,12	
Fyrningar	— 58.137,30	
		— 1.905.972,42
c. Gjöld kaffistofu 1/10—31/12 1968		— 273.178,72
		kr. 3.501.304,18
2. Sameiginlegur rekstrarkostnaður Félagsstofnunar		— 127.183,50
3. Tekjur umfram gjöld:		

Hreinar tekjur af rekstri	kr. 6.087,89	
Byggingarstyrkur	— 1.020.740,44	
		— 1.026.828,33
		Kr. 4.655.316,01

Tekjur:

1. Rekstrartekjur sérfyrirtækja:		
a. Tekjur Stúdentagarðanna 16/7—31/12 1968 (Ath. 1) ..	kr. 745.925,00	
b. Tekjur Hótel Garðs 1968	— 2.168.293,26	
c. Tekjur kaffist. 1/10—31/12 '68	— 297.798,65	
		kr. 3.212.016,91
2. Hlutdeild í skráningargjöldum stúdenta 1968	kr. 420.000,00	
Vextir	— 2.558,66	
		— 422.558,66
3. Innb. byggingarstyrkur frá ríkissjóði v/félagsheimilis 1/6—31/12 '68 (Ath. 2)	kr. 1.000.000,00	
Vextir	— 20.740,44	
		— 1.020.740,44
		Kr. 4.655.316,01

Ath. 1. Öll fjárveiting ársins 1968 frá Ríkissjóði vegna reksturs Stúdentagarðanna var greidd og færð til tekna á fyrra reikningsári (fyrir yfirtöku Félagsstofnunar).

Ath. 2. Til tekna er færð greidd fjárhæð. Óhafin fjárveiting vegna byggingar Félagsheimilis er ekki færð.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA:

AÐALEFNAHAGSREIKNINGUR
hinn 31. desember 1968.

Eignir:

Veltufjármunir:		
Sjóður	kr.	12.147,20

Bankainnstæður	—	967.912,43
Útistandandi skuldir	—	299.166,45
Víxileign	—	38.749,00
Fyrirframgreiðslur	—	9.218,00
Veltufjármunir alls:	kr.	1.327.193,08

Fastafjármunir:

Gamli Garður — fasteignamat ... kr. 997.000,00		
Nýi Garður — fasteignamat ..... — 1.215.000,00		
	—	2.212.000,00
Húsgögn, húsbúnaðar og áhöld á Görðunum ..... kr. 2.364.454,90		
÷ Fyrning 1968 og áður ..... — 1.316.313,49		
	—	1.048.141,41
Húsbúnaðar á Hótel Garði ..... kr. 719.301,47		
÷ Fyrning 1968 og áður ..... — 528.245,29		
	—	191.056,18
Breytingakostnaður á húsnæði Barnaheimilis ..... kr. 581.089,11		
Innanstokksmunir, leiktæki og áhöld v/sama ..... — 206.746,65		
	—	787.835,76
Skrifstofuhúsgögn	—	10.500,00
Gr. v/kaupa á áhöldum f. kaffistofu	—	5.000,00
Undirbúningskostnaður v/byggingar félagsheimilis (teiknivinna o. fl.)	—	524.067,20

Aðrar eignir:

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f.	—	2.000,00
	Kr.	6.107.793,63

Skuldir:

Skuldir til skamms tíma:

Yfirdráttur á hlaupareikningi	kr.	372.092,68
Skuldheimtumenn	—	640.176,98
Skuldabréfalán (gjaldf. 1969)	—	112.623,34
Ógr. vextir	—	6.541,00
Skuldir til skamms tíma alls:	kr.	1.131.434,00

Skuldir til langs tíma:

Skuldabréfalán	—	258.500,00

Eigið fé:

Hrein eign Stúdentagarðanna pr. 15/7 1968	kr. 2.772.673,24	
Hrein eign Hótel Garðs pr. 1/1 1968	— 445.000,11	
Hrein eign Kaffistofu stúdenta pr. 31/7 1968	— 42.389,60	
Hrein eign Byggingarsjóðs Félagsheimilis pr. 26/6 1968	— 405.066,17	
Hrein eign Ferðaþjónustu stúdenta pr. 1/6 1968	— 25.902,18	
	kr. 3.691.031,30	
Tekjur umfram gjöld samkv. aðalrektsrarreikningi ..	— 1.026.828,33	
		— 4.717.859,63
		Kr. 6.107.793,63

EFNISYFIRLIT

I.	Stjórn Háskólans	bls.	3
II.	Háskólahátíð	—	4
III.	Athafnir til afhendingar prófskírteina	—	20
IV.	Annáll Háskólans	—	37
V.	Kennarar Háskólans	—	62
VI.	Stúdentar Háskólans	—	69
VII.	Próf	—	121
VIII.	Doktorspróf	—	137
IX.	Látnir háskólakennarar	—	138
X.	Háskólabókasafn	—	143
XI.	Styrkveitingar. Úthlutun úr Sáttmálasjóði	—	151
XII.	Reikningur Háskóla Íslands 1968	—	153
XIII.	Sjóðir Háskólans	—	155
XIV.	Skýrsla Happdrættis Háskóla Íslands 1968	—	162
XV.	Ýmislegt	—	165
XVI.	Störf Stúdentaráðs og Stúdentafélags Háskóla Íslands	—	182
XVII.	Skýrsla Félagsstofnunar stúdenta	—	194

UNIVERSITY OF ILLINOIS-URBANA
3 0112 125169513